

REGLUGERÐ

um komu- og brottfararkerfið.

1. gr.

Gildistaka tiltekinna Schengen-gerða.

Eftirfarandi reglugerðir Evrópusambandsins um komu- og brottfararkerfið (EES) skulu öðlast gildi hér á landi í samræmi við samning sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, með þeirri aðlögun sem getið er um í reglugerð þessari:

- a. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011, að undanskildum VIII. kafla, sbr. fylgiskjal 1 sem birt er með reglugerð þessari;
- b. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2025/1534 frá 18. júlí 2025 um tímabundnar undanþágur frá tilteknum ákvæðum reglugerða (ESB) 2017/2226 og (ESB) 2016/399 að því er varðar töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum, sbr. fylgiskjal 2 sem birt er með reglugerð þessari.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um þróun, rekstur og vinnslu upplýsinga í íslenska hluta komu- og brottfararkerfisins.

Með íslenska hluta komu- og brottfararkerfisins er átt við þann hluta komu- og brottfararkerfisins sem Ísland ber ábyrgð á skv. 38. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, og tengist miðlæga komu- og brottfararkerfinu sem hýst er af Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa (eu-LISA).

3. gr.

Aðlögun tilvísana til EES- og Schengen-gerða.

Þar sem í reglugerð (ESB) 2017/2226 og reglugerð (ESB) 2025/1534 er vísað til reglugerðar (ESB) 2016/399 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamæra-reglurnar) gilda lög um landamæri, nr. 136/2022 og reglugerð um för yfir landamæri, nr. 866/2017, sem innleiðir Schengen-landamæra-reglurnar í íslenskan rétt.

Þar sem í reglugerð (ESB) 2017/2226 er vísað til reglugerðar (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og tilskipunar ráðsins (ESB) 2016/680 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, gilda lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019, sem innleiða gerðirnar í íslenskan rétt.

4. gr.

Aðgangur að komu- og brottfararkerfinu.

Stjórnvöld í skilningi þessarar reglugerðar eru: lögregla, Útlendingastofnun, ráðuneyti sem fer með utanríkismál og sendiskrifstofur. Þau stjórnvöld skulu tryggja örugga gagnatengingu frá starfsstöðvum sínum að íslenska hluta komu- og brottfararkerfisins sem rekinn er af ríkislögreglustjóra og bera þann kostnað sem hlýst af tengingunni.

Lögregla sem landamærayfirvald skal hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu í þeim tilgangi að sinna landamæravörslu, sbr. 2. mgr. 9. gr. og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Útlendingastofnun, ráðuneyti sem fer með utanríkismál, sendiskrifstofur og lögreglan skulu hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu þegar þau sinna útgáfu vegabréfsáritana, sbr. 2. mgr. 9. gr. og 24. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Útlendingastofnun skal hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu til að sinna lögbundnum verkefnum sínum samkvæmt lögum um útlendinga, einkum að því er varðar breytta skráningu og heimild útlendinga til dvalar hér á landi.

Lögregla og Útlendingastofnun skulu jafnframt hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. og 26. og 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 í því skyni að sannreyna deili á ríkisborgara þriðja ríkis, sbr. 26. gr., og bera kennsl á ríkisborgara þriðja ríkis sem kann að vera staddur hér á landi án þess að uppfylla skilyrði til dvalar, sbr. 27. gr.

Lögregla og héraðssaksóknari geta með því að leggja fram rökstudda beiðni til miðlægrar aðgangsstöðvar, sem mælt er fyrir um í 6. gr., óskað eftir að fá aðgang að tilteknum gögnum í komu- og brottfararkerfinu til þess að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað í samræmi við IV. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2226, sbr. 31. gr.

5. gr.

Ábyrgð ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á rekstri íslenska hluta komu- og brottfararkerfisins í samræmi við 38. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Ríkislögreglustjóri veitir þar til bærum stjórnvöldum viðeigandi aðgang að komu- og brottfararkerfinu að uppfylltum skilyrðum þessarar reglugerðar og heldur skrár yfir það starfsfólk þeirra sem hefur heimild til að færa inn, breyta, eyða og fletta upp gögnum í kerfinu, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að hafna aðgangi að komu- og brottfararkerfinu ef talið er að skilyrði skv. 2. mgr. séu ekki uppfyllt. Einnig er heimilt að fella niður veitta aðgangsheimild að kerfinu ef skilyrði skv. 2. mgr. eru ekki lengur uppfyllt.

Ríkislögreglustjóri skal tryggja að skýrar verklagsreglur séu til staðar hjá þar til bærum stjórnvöldum um vinnslu gagna í komu- og brottfararkerfinu ásamt því að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja öryggi gagna í samræmi við skilyrði 2. mgr. 43. gr., sbr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, eftir því sem við á og tryggja að við kerfið starfi einungis starfsmenn sem hafa fengið viðeigandi þjálfun að því er varðar reglur um gagnaöryggi og persónuvernd, sbr. 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Ríkislögreglustjóri skal gera skriflega öryggisáætlun í samræmi við 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 sem skal m.a. miða að því að tryggja að óviðkomandi fái ekki aðgang að komu- og brottfararkerfinu eða geti haft áhrif á skráningu í það, og ber jafnframt ábyrgð á því að stefnunni sé fylgt. Upplýsingaöryggisstefnan skal taka til þeirra sem á vegum ríkislögreglustjóra annast upplýsingatæknimál við íslenska hluta komu- og brottfararkerfisins og þeirra stjórnvalda sem hafa aðgang að kerfinu og bera þessir aðilar ábyrgð á því gagnvart ríkislögreglustjóra að stefnunni sé fylgt. Stefuna skal endurskoða eftir þörfum en þó ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti. Endurskoðun skal m.a. taka mið af reynslu af rekstri komu- og brottfararkerfisins og mati á þeim atriðum sem fela í sér hættu fyrir öryggi kerfisins.

Ríkislögreglustjóri skal einnig gera viðbragðsáætlun sem miðar að því að tryggja rekstrarsamfellu og endurreisn komu- og brottfararkerfisins ef kerfishrun verður, sbr. 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Ríkislögreglustjóri er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga í íslenska hluta komu- og brottfararkerfisins, skv. 1. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og ber meginábyrgð á gagnavinnslu í komu- og brottfararkerfinu. Þrátt fyrir það eru önnur þar til bær stjórnvöld ábyrg fyrir vinnslu sinni í kerfinu.

Ríkislögreglustjóri hefur upplýsingaskyldu gagnvart ríkisborgurum þriðju ríkja sem skrá á í kerfið skv. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og ber ábyrgð á því að taka á móti og vinna beiðnir ríkisborgara þriðju ríkja um aðgang að persónuupplýsingum og um meðferð upplýsinga í kerfinu skv. 52.

gr. sömu reglugerðar. Á þeim grundvelli hefur ríkislögreglustjóri heimild til að óska eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum frá stjórnvöldum sem hafa skráð, breytt eða eytt persónuupplýsingum í kerfinu.

6. gr.

Miðlæg aðgangsstöð.

Ríkislögreglustjóri er miðlæg aðgangsstöð í skilningi 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og skal í samræmi við ákvæði 5. mgr. 29. gr. þeirrar reglugerðar halda skrá yfir þær starfseiningar tilnefndra yfirvalda sem er heimill aðgangur að komu- og brottfararkerfinu í gegnum miðlæga aðgangsstöð.

Ríkislögreglustjóri skal halda aðgerðaskrár um gagnavinnslu í upplýsingakerfinu, sem fer fram vegna beiðna um aðgang að komu- og brottfararkerfinu í samræmi við IV. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2226, sbr. 59. gr.

7. gr.

Miðlun gagna til þriðja aðila.

Gögnum sem geymd eru í komu- og brottfararkerfinu er óheimilt að miðla eða gera aðgengileg þriðja ríki, alþjóðastofnun eða einkaaðila, nema með þeim undantekningum sem kveðið er á um í 41. gr., sbr. viðauka I, og 42. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

8. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga og persónuvernd.

Stjórnvöldum skv. 3. gr. er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd reglugerðar þessarar, og í samræmi við skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

Persónuvernd ber ábyrgð á óháðu eftirliti með því hvort vinnsla persónuupplýsinga skv. II., III., V. og VI. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2226 fari fram með lögmætum hætti, þ.m.t. sending þeirra til og frá komu- og brottfararkerfinu, sbr. 1. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226. Persónuvernd skal einnig sjá til þess að úttekt fari fram á gagnavinnslu á viðeigandi landamærastöðvum á a.m.k. þriggja ára fresti eftir að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun, sbr. 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Persónuvernd hefur jafnframt eftirlit með því að vinnsla persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, þegar aðgangur er veittur að komu- og brottfararkerfinu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað í samræmi við IV. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2226, fari fram með lögmætum hætti, þ.m.t. sending þeirra til og frá komu- og brottfararkerfinu, sbr. 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

9. gr.

Réttur einstaklinga vegna vinnslu persónuupplýsinga.

Einstaklingar geta óskað eftir að fá vitneskju um þær upplýsingar sem um þá eru skráðar í komu- og brottfararkerfið og upplýsingar um hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um þá, nema slíkar upplýsingar eigi að fara leynt í löggæslutilgangi. Beina skal slíkum beiðnum til ríkislögreglustjóra.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal senda beiðni um leiðréttingu, eyðingu eða takmörkun á vinnslu persónuupplýsinga til ríkislögreglustjóra sem tekur ákvörðun um hvort verða eigi við beiðninni til samræmis við tímaviðmið 52. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Ákvarðanir ríkislögreglustjóra sem teknar eru á grundvelli 1. og 2. mgr. má bera undir Persónuvernd í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

10. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í f- og h-lið 1. mgr. 23. gr. laga um landamæri, nr. 136/2022, og öðlast gildi 12. október 2025.

Bráðabirgðaákvæði.

Á því tímabili sem getið er um í reglugerð (ESB) 2025/1534, er flutningsaðilum og þar til bærum stjórnvöldum heimilt að víkja tímabundið frá tilteknum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/2226 og innleiða komu- og brottfararkerfið á landamærastöðvum Íslands í áföngum í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 2025/1534. Á meðan þessu aðlögunartímabili við innleiðingu kerfisins stendur geta misjafnar kröfur gilt á landamærastöðvum um skráningu og notkun komu- og brottfararkerfisins. Ríkisborgurum þriðju ríkja sem falla undir ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/2226 er skylt að veita þær upplýsingar, persónu- eða lífkennaupplýsingar, sem landamærayfirvöld á hverjum stað gera kröfu um hverju sinni á tímabilinu. Synji einstaklingur að veita þær upplýsingar sem krafist er að skráðar verði í komu- og brottfararkerfið er heimilt að vísa viðkomandi frá landinu til samræmis við lög um útlendinga og reglugerð um för yfir landamæri.

Dómsmálaráðuneytinu, 25. september 2025.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/2226****frá 30. nóvember 2017**

um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011, með síðari breytingum*

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum b- og d-lið 2. mgr. 77. gr. og a-lið 2. mgr. 87. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu sinni frá 13. febrúar 2008 undir heitinu „Undirbúningur næstu áfanga í landamærastjórnun í Evrópusambandinu“ gerði framkvæmdastjórnin í meginatriðum grein fyrir þörfinni á því að koma á fót, sem hluta af samþættri stefnuáætlun Sambandsins um landamærastjórnun, komu- og brottfararkerfi sem skráir rafrænt komu- og brottfarartíma og -stað ríkisborgara þriðju landa sem heimiluð hefur verið stutt dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og reiknar út lengd heimilaðrar dvalar þeirra.
- 2) Á fundi sínum 19. og 20. júní 2008 undirstrikaði leiðtoga ráðið mikilvægi þess að haldið verði áfram að vinna að mótun samþættrar stefnuáætlunar Sambandsins um landamærastjórnun, m.a. með því að nýta betur nútímataekni til að bæta stjórnun ytri landamæra.
- 3) Í orðsendingu sinni frá 10. júní 2009 undir heitinu „Svæði frelsis, öryggis og réttlætis í þágu ríkisborgaranna“ mælti framkvæmdastjórnin fyrir því að komið yrði á fót rafrænu kerfi til að skrá komur til og brottfarir frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna á ytri landamærunum til að tryggja skilvirkari stjórnun aðgangs að svæðinu.
- 4) Á fundi leiðtogaráðsins 23. og 24. júní 2011 var kallað eftir því að hert yrði verulega á vinnunni við „snjalllandamæri“ (e. smart borders). Hinn 25. október 2011 gaf framkvæmdastjórnin út orðsendingu undir heitinu „Snjalllandamæri – valkostir og leiðin framundan“.
- 5) Í stefnumiðum sínum, sem samþykkt voru í júní 2014 lagði leiðtogaráðið áherslu á að vegna Schengen-svæðisins, sem heimilar fólki að ferðast án landamæravörslu á innri landamærum, og aukins fjölda fólks sem ferðast til Sambandsins, væri þörf á skilvirkri stjórnun sameiginlegra ytri landamæra Sambandsins til að tryggja öfluga vernd. Ráðið lagði einnig áherslu á að Sambandið yrði að virkja öll þau töl sem það hefur til ráðstöfunar til að styðja aðildarríkin í verkefninu og í þessu skyni ætti að nútímavæða samþætta landamærastjórnun á ytri landamærunum með kostnaðarhagkvæmum hætti til að tryggja stjórnun snjalllandamæra, m.a. með komu- og brottfararkerfi og með stuðningi nýju stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa (Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (eu-LISA)).
- 6) Í orðsendingu sinni frá 13. maí 2015 undir heitinu „Evrópuáætlun um fólksflutninga“ vakti framkvæmdastjórnin athygli á því að framtaksverkefnið „Snjalllandamæri“ myndi boða nýja tíma aukinnar skilvirkni við för yfir landamæri og auðvelda för yfir landamæri fyrir mikinn meirihluta ferðamanna frá þriðju löndum sem ferðast með heiðarlegum ásetningi, jafnframt því að efla baráttuna gegn ólögumætum fólksflutningum með því að koma á fót skrá yfir allar ferðir ríkisborgara þriðju landa yfir landamæri, þó þannig að meðalhófs sé gætt í hvívetna.
- 7) Í því skyni að bæta enn frekar stjórnun ytri landamæra og einkum til að sannreyna að ákvæði um heimilað dvalartímabil á yfirráðasvæði aðildarríkjanna séu virt, ætti að koma á fót komu- og brottfararkerfi

* EUR-Lex skjal 02017R2226-20190611 (2. mgr. 54) og 20210803 (2. mgr. a 9. gr. og 13. gr. a).

sem skráir rafrænt komu- og brottfarartíma og -stað ríkisborgara þriðju landa sem heimiluð hefur verið stutt dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og reiknar út lengd heimilaðrar dvalar þeirra. Kerfið ætti að koma í stað þeirrar skyldu að stimpla vegabréf ríkisborgara þriðju landa sem gildir í öllum aðildarríkjunum.

- 8) Nauðsynlegt er að tilgreina markmið komu- og brottfararkerfisins, þá flokka gagna sem færa á inn í það, í hvaða tilgangi nota á gögnin, viðmiðanir varðandi innfærslu þeirra, þau yfirvöld sem hafa aðgangsheimild að gögnunum, frekari reglur um gagnavinnslu og vernd persónuupplýsinga, auk tæknilegrar högunar komu- og brottfararkerfisins, reglur varðandi starfrækslu þess og notkun og samvirkni þess og annarra upplýsingakerfa. Einnig þarf að skilgreina ábyrgðarsvið fyrir komu- og brottfararkerfið.
- 9) Komu- og brottfararkerfið ætti að gilda um ríkisborgara þriðju landa sem heimiluð hefur verið stutt dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Það ætti einnig að gilda um ríkisborgara þriðju landa sem synjað hefur verið um komu til stuttrar dvalar.
- 10) Komu- og brottfararkerfið ætti að starfrækja á ytri landamærum þeirra aðildarríkja sem beita Schengen-réttarreglunum að fullu. Ákjósanlegt væri að aðildarríki, sem beita ekki Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er, gerðu það þegar komu- og brottfararkerfið verður tekið í notkun. Í því tilviki að ekki takist að aflétta eftirliti á innri landamærunum áður en komu- og brottfararkerfið verður tekið í notkun þarf að tilgreina skilyrði fyrir starfrækslu komu- og brottfararkerfisins af hálfu þeirra aðildarríkja sem ekki beita Schengen-réttarreglunum að fullu og setja ákvæði um starfrækslu og notkun kerfisins á innri landamærum þar sem eftirliti hefur enn ekki verið aflétt.

Að því er varðar skilyrði fyrir starfrækslu komu- og brottfararkerfisins, ætti það að vera starfrækt á ytri landamærum þeirra aðildarríkja sem ekki beita Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en þar sem sannpröfun í samræmi við gildandi Schengen-matsaðferðir hefur þegar verið lokið með fullnægjandi hætti, sem veittur hefur verið óvirkur aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) sem komið var á með ákvörðun ráðsins 2004/512/EB ⁽³⁾ vegna starfrækslu komu- og brottfararkerfisins og þar sem ákvæðum Schengen-réttarreglnanna er varða Schengen-upplýsingakerfið (SIS), sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1987/2006 ⁽⁴⁾, hefur verið komið til framkvæmda í samræmi við viðkomandi aðildarlög. Að því er varðar ákvæði um starfrækslu og notkun komu- og brottfararkerfisins af hálfu aðildarríkja sem uppfylla slík skilyrði, ætti komu- og brottfararkerfið að vera starfrækt á öllum innri landamærum þeirra aðildarríkja þar sem eftirliti hefur enn ekki verið aflétt. Þó ættu sértæk ákvæði að gilda um starfrækslu og notkun komu- og brottfararkerfisins á slíkum landamærum til að lágmarka áhrif ferlis landamæraeftirlitsins þar, án þess þó að það hafi áhrif á öryggisstig og að komu- og brottfararkerfið starfi sem skyldi og án þess að það hafi áhrif á aðrar skyldur varðandi landamæravörslu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 ⁽⁵⁾.

- 11) Lengd heimilaðrar dvalar ríkisborgara þriðju landa á yfirráðasvæði aðildarríkjanna að því er varðar þessa reglugerð ákvarðast af gildandi Schengen-réttarreglum.
- 12) Komu- og brottfararkerfið ætti að innihalda sjálfvirka reiknivél. Sjálfvirka reiknivélin ætti að taka tillit til þess hve oft er dvalið á yfirráðasvæði aðildarríkja sem starfrækja komu- og brottfararkerfið til að reikna út hvort farið hefur verið yfir samanlagt hámark sem nemur 90 dögum á hverju 180 daga tímabili. Allar framlengingar á heimilaðri dvöl ætti að taka með í útreikninginn á þessu samanlagða hámarki við næstu komu ríkisborgara þriðja landsins til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna. Hve oft er dvalið á yfirráðasvæði aðildarríkja, sem starfrækja ekki enn komu- og brottfararkerfið, ætti að telja sérstaklega á grundvelli stimpla í ferðaskilríkjum ríkisborgara þriðju landa.
- 13) Sjálfvirka reiknivélin ætti einungis að taka tillit til þess hve oft er dvalið á yfirráðasvæði aðildarríkja, sem ekki beita enn Schengen-réttarreglunum að fullu en sem starfrækja komu- og brottfararkerfið, í því skyni að sannprófa hvort 90 daga samanlagt hámark á hverju 180 daga tímabili sé virt og til að sannprófa gildistíma Schengen-vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar. Sjálfvirka reiknivélin ætti ekki að reikna út lengd dvalar sem heimiluð er með landsbundinni vegabréfsáritun til stuttrar dvalar, sem gefin er út af aðildarríki sem ekki beitir enn Schengen-réttarreglunum að fullu en sem starfrækir komu- og brottfararkerfið. Þegar reiknuð er út lengd dvalar sem heimiluð er með Schengen-vegabréfsáritun til stuttrar dvalar ætti sjálfvirka reiknivélin ekki að taka tillit til dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkja sem ekki beita enn Schengen-réttarreglunum að fullu en sem starfrækja komu- og brottfararkerfið.
- 14) Mæla ætti fyrir um ítarlegar reglur um ábyrgðina á þróun og starfrækslu komu- og brottfararkerfisins og um ábyrgð aðildarríkjanna á tengingu sinni við það. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1077/2011 ⁽⁶⁾ ætti að bera ábyrgð á þróun og rekstrarstjórnun miðlæga komu- og brottfararkerfisins í samræmi við reglugerð þessa. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 til samræmis við það.

- 15) Markmið komu- og brottfararkerfisins ætti að vera að bæta stjórnun ytri landamæra, koma í veg fyrir ólögmæta fólksflutninga og auðvelda stjórnun á straumi innflytjenda. Komu- og brottfararkerfið ætti, einkum og þegar við á, að stuðla að því að bera meg kennsl á einstaklinga sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði um lengd heimilaðrar dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Auk þess ætti komu- og brottfararkerfið að stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði.
- 16) Komu- og brottfararkerfið ætti að samanstanda af miðlægu kerfi (miðlæga komu- og brottfararkerfinu), þar sem starfræktur er tölvuvæddur, miðlægur gagnagrunnur með lífkennaupplýsingum og alstafagögnum (e. alphanumeric data) samræmdum landsbundnum skilfleti í hverju aðildarríki, öruggri samskiptaleið milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og öruggu og dulkóðuðu fjarskiptavirki milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og samræmdu landsbundnu skilflatanna. Sérhverv aðildarríki ætti að tengja landsbundin landamæragrunnvirki sín samræmda landsbundna skilfletinum með öruggum hætti. Til að hægt sé að útbúa hagskýrslur og gefa skýrslur ætti að koma á fót gagnasafni á miðlægum vettvangi. Til að gera ríkisborgurum þriðju landa kleift að sannprófa hvenær sem er hve langur tími er eftir af heimilaðri dvöl þeirra, ætti að koma á fót vefþjónustu. Vefþjónustan ætti einnig að gera flutningsaðilum kleift að sannprófa hvort ríkisborgarar þriðju landa, sem eru handhafar Schengen-vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar sem gefin er út fyrir eina eða tvær komur, hafi þegar nýtt þann fjölda koma sem vegabréfsáritun þeirra heimilar. Hafa ætti samráð við viðkomandi hagsmunaaðila meðan á þróun vefþjónustunnar stendur. Þegar komið er á tækniforskriftum fyrir aðgang flutningsaðila að vefþjónustunni ætti að takmarka áhrifin á farþegaumferð og flutningsaðila eins og kostur er. Íhuga ætti viðeigandi samþættingu við viðkomandi kerfi í því skyni.
- 17) Koma ætti á samvirkni milli komu- og brottfararkerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir í formi beinnar samskiptaleiðar milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og miðlæga komu- og brottfararkerfisins til að gera landamærayfirlögdum, sem nota komu- og brottfararkerfið, kleift að fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og sækja vegabréfsáritunartengd gögn til að búa til eða uppfæra komu-/brottfararskráningar eða skráningar á synjun um komu, til að gera landamærayfirlögdum kleift að sannprófa gildi vegabréfsáritunar og deili á handhafa vegabréfsáritunar með því að leita beint í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir með fingraförum á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt og til að gera landamærayfirlögdum kleift að sannprófa deili á ríkisborgurum þriðju landa sem eru undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir með því að nota fingraför. Samvirkni ætti einnig að gera landamærayfirlögdum og yfirlögdum sem gefa út vegabréfsáritanir, sem nota upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, kleift að fletta beint upp í komu- og brottfararkerfinu úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir við meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og töku ákvarðana varðandi þessar umsóknir og gera yfirlögdum sem gefa út vegabréfsáritanir kleift að uppfæra gögn í komu- og brottfararkerfinu, sem tengjast vegabréfsáritun, þegar vegabréfsáritun er ógilt, afturkölluð eða framlengd. Því ætti að breyta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 ⁽⁷⁾ til samræmis við það. Að sækja vegabréfsáritunartengd gögn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, flutningur þeirra inn í komu- og brottfararkerfið og uppfærsla gagna úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í komu- og brottfararkerfinu ætti að gerast sjálfkrafa þegar viðkomandi yfirvald setur af stað viðkomandi aðgerð. Virða ætti tilgangsregluna þegar samvirkni er komið á milli komu- og brottfararkerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir.
- 18) Í þessari reglugerð ætti að koma fram hvaða yfirlögdum aðildarríkjanna meg heimila aðgang að komu- og brottfararkerfinu til að færa inn, breyta, eyða eða fletta upp gögnum í sérstökum tilgangi komu- og brottfararkerfisins og að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að þau geti leyst verkefni sín af hendi.
- 19) Öll vinnsla á gögnum í komu- og brottfararkerfinu ætti að vera í samræmi við markmiðin sem stefnt er að og vera nauðsynleg til að lögbær yfirlögd geti leyst verkefni sín af hendi. Við notkun komu- og brottfararkerfisins ættu lögbær yfirlögd að tryggja að tekið sé tillit til mannlegrar reisnar og friðhelgi þess einstaklings sem beðið er um upplýsingar um og ættu þau ekki að mismuna fólki á grundvelli kynferðis, kynþáttar, hörundslitar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðaeinkenna, tungu, trúarbragða eða sannfæringar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þess að tilheyra þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.
- 20) Í komu- og brottfararkerfið ætti að skrá og vinna alstafagögn og lífkennaupplýsingar, fyrst og fremst í þeim tilgangi að bæta stjórnun ytri landamæra, koma í veg fyrir ólögmæta fólksflutninga og auðvelda stjórnun á straumi innflytjenda. Enn fremur ætti einnig að vera mögulegt að hafa aðgang að persónuupplýsingum í komu- og brottfararkerfinu í því skyni að stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði, þó aðeins að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þrátt fyrir þau áhrif sem notkun lífkenna hefur á einkalíf ferðamanna er hún

réttlæt看leg af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi eru lífkenni áreiðanleg aðferð við að bera kennsl á ríkisborgara þriðju lands sem staddir eru á yfirráðasvæði aðildarríkjanna án ferðaskilríkja eða annarra persónuskilríkja, en það er algengt meðal ólögmatra innflytjenda. Í öðru lagi má með lífkennum fá áreiðanlegri samsvörun upplýsinga um komur og brottfarir ferðamanna sem ferðast með heiðarlegum ásetningi. Með því að nota andlitsmyndir ásamt fingrafaraupplýsingum má draga úr heildarfjölda fingrafara sem þarf að skrá en ná jafnframt sömu niðurstöðu að því er varðar nákvæmni í kennslagreiningunni.

- 21) Í komu- og brottfararkerfið ætti að skrá fjögur fingraför sérhvers ríkisborgara þriðja lands sem er undanþeginn kvöð um vegabréfsáritun, ef það er líkamlega hægt, til að hægt sé að sannprófa deili á honum og bera kennsl á hann af nákvæmi og tryggja þannig að hann sé ekki þegar skráður undir öðru nafni eða hafi önnur ferðaskilríki og til að tryggja að næg gögn séu fyrir hendi til að tryggja að ná megi markmiðum komu- og brottfararkerfisins við allar aðstæður. Fingraför ríkisborgara þriðju lands sem eru handhafar vegabréfsáritunar ætti að bera saman við upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir. Andlitsmynd bæði ríkisborgara þriðju lands sem eru undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun og þeirra sem eru handhafar vegabréfsáritunar ætti að vera skráð í komu- og brottfararkerfið. Fingraför eða andlitsmyndir ætti að nota sem lífkenni til að sannprófa deili á ríkisborgurum þriðju lands, sem áður hafa verið skráðir í komu- og brottfararkerfið, svo fremi að gagnaskrár yfir viðkomandi einstaklinga hefur ekki verið eytt. Til að taka tillit til sérstakra eiginleika hvernar landamærastöðvar og mismunandi tegunda landamæra ættu landsbundin yfirvöld að ákveða, fyrir hverja landamærastöð fyrir sig, hvort fingraförin eða andlitsmyndin eigi að vera aðallífkenni við framkvæmd tilskilinnar sannprófunar.
- 22) Í baráttunni gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum, refsiverðum verknaði er nauðsynlegt að tilnefnd yfirvöld hafi aðgang að nýjustu upplýsingum sem völ er á til að geta sinnt verkefnum sínum. Aðgangur að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í löggæslutilgangi hefur þegar sannað gildi sitt við að bera kennsl á fólk sem hlotið hefur ofbeldisfullan dauðdaga eða til að hjálpa rannsakendum að ná verulegum árangri í málum tengdum mansali, hryðjuverkum eða ólöglegum viðskiptum með fíkniefni. Aðgangur að gögnum í komu- og brottfararkerfinu er nauðsynlegur til þess að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk, eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 ⁽⁸⁾ eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði eins og um getur í rammaákvörðun ráðsins 2002/584/DIM ⁽⁹⁾. Það ætti að vera mögulegt að nota gögn í komu- og brottfararkerfinu sem töl til að sannprófa deili á fólki, bæði í þeim tilvikum þar sem ríkisborgari þriðja lands hefur eyðilagt skilríki sín og þar sem tilnefnd yfirvöld eru að rannsaka afbrot á grundvelli fingrafara eða andlitsmynda sem þau vilja bera kennsl á. Einnig ætti að vera hægt að nota slík gögn sem töl til að afla sönnunargagna með því að rekja ferðaleiðir einstaklings, sem grunaður er um að hafa framið afbrot, eða fórnarlamb afbrots. Því ættu gögn í komu- og brottfararkerfinu að vera tiltæk tilnefndum yfirvöldum aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins, sem stofnuð var með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 ⁽¹⁰⁾ („Europol“), með þeim skilyrðum og takmörkunum sem settar eru fram í þessari reglugerð.
- Skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, ættu að vera með þeim hætti að þau geri tilnefndum yfirvöldum aðildarríkjanna kleift að ráðast í að taka á málum grunaðra sem ganga undir mörgum mismunandi nöfnum. Ekki ætti að hindra aðgang að komu- og brottfararkerfinu í þessum tilgangi ef jákvæð niðurstaða hefur fengist við uppfléttingu í víðeigandi gagnagrunni áður en farið er inn í komu- og brottfararkerfið. Í löggæslutilgangi og til þess að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, ætti leit í gagnagrunni komu- og brottfararkerfisins að teljast hlutfallslega rétt ef málið varðar brýnt almannaöryggi. Sérhverja leit þarf að rökstyðja með tilhlýðilegum hætti og hún teljast hlutfallslega rétt í ljósi þeirra hagsmuna sem skirskotað er til.
- 23) Einungis tilnefnd yfirvöld, sem bera ábyrgð á að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, sem aðildarríkin geta ábyrgst að öll ákvæði þessarar reglugerðar og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ⁽¹¹⁾ gildi um og að lögbær yfirvöld, þ.m.t. eftirlitsyfirvaldið sem komið er á fót í samræmi við tilskipun (ESB) 2016/680, geta sannprófað að viðkomandi ákvæðum sé beitt með réttum hætti, ættu að eiga rétt á því að fletta upp í gögnum í komu- og brottfararkerfinu.
- 24) Enn fremur gegnir Löggæslusamvinnustofnunin lykilhlutverki í samstarfi yfirvalda aðildarríkjanna á sviði rannsókna á afbrotum sem ná yfir landamæri með því að styðja við forvarnir gegn afbrotum og framkvæmd greininga og rannsókna á vettvangi Sambandsins. Þar af leiðandi ætti Löggæslusamvinnustofnunin einnig að hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu innan ramma verkefna sinna og í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794. Evrópska persónuverndarstofnunin ætti að hafa eftirlit með vinnslu Löggæslusamvinnustofnunarinnar á gögnum og tryggja að farið sé að öllu leyti eftir gildandi reglum um persónuvernd.

- 25) Aðgangur að komu- og brottfararkerfinu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað telst vera skerðing á grundvallarréttindum þeirra, sem eiga persónuupplýsingar sem unnið er með í komu- og brottfararkerfinu, til friðhelgi einkalífs og til verndar persónuupplýsingum. Hvers konar skerðing af þessu tagi verður að samrýmast lögum, sem verða að vera nægilega nákvæm til að einstaklingar geti lagað hegðun sína að þeim og þau verða að vernda einstaklinga gegn gerræðislegum ákvörðunum og í þeim verður að tilgreina með nægilega skýrum hætti umfang þess ákvörðunarfrelsis sem lögbærum yfirvöldum er falið og hvernig því skuli beitt. Enn fremur þarf hvers konar skerðing á þessum grundvallarréttindum að takmarkast við það sem telst nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi til að vernda lögmæta hagsmuni sem eru í samræmi við meðalhóf og vera í samræmi við það lögmæta markmið sem hún stefnir að.
- 26) Samanburður gagna á grundvelli fingrafaraummerkja sem kunna að finnast á vettvangi afbrots („vettvangs-far“) er grundvallaratriði á sviði lögreglusamvinnu. Sá möguleiki að geta borið vettvangsfar saman við fingrafaraupplýsingar sem geymdar eru í komu- og brottfararkerfinu, í tilvikum þar sem gildar ástæður eru til að ætla að gerandinn eða fórnarlambið gæti verið á skrá í kerfinu, er tilnefndum yfirvöldum aðildarríkjanna nauðsynlegur til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, t.d. þegar eina sönnunargagnið á vettvangi afbrots eru vettvangsför.
- 27) Nauðsynlegt er að tilnefna lögbær yfirvöld aðildarríkjanna auk miðlægra aðgangsstöðva þar sem beiðnir um aðgang að komu- og brottfararkerfinu skulu lagðar fram og að haldnar séu skrár yfir starfseiningar tilnefndra yfirvalda sem hafa heimild til að fara fram á slíkan aðgang í þeim sérstaka tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað.
- 28) Starfseiningar tilnefndra yfirvalda ættu að senda beiðnir um aðgang að gögnum í komu- og brottfararkerfinu til miðlægrar aðgangsstöðvar ásamt tilhlýðilegum rökstuðningi. Starfseiningar tilnefndra yfirvalda, sem hafa heimild til að fara fram á aðgang að gögnum í komu- og brottfararkerfinu, ættu ekki að gegna hlutverki sannprófunaryfirvalds. Miðlæga aðgangsstöðin ætti að vera aðili eða eining sem falið er samkvæmt landslögum að fara með opinbert vald og ætti að geta, vegna fjölda og gæða starfsfólks hennar, sannprófað með skilvirkum hætti hvort skilyrðum til að fara fram á aðgang að komu- og brottfararkerfinu hafi verið fullnægt í hverju tilviki fyrir sig. Miðlægu aðgangsstöðvarnar ættu að starfa óháð tilnefndum yfirvöldum og bera ábyrgð á að tryggja, með óháðum hætti, að aðgangsskilyrðin, sem sett eru fram í þessari reglugerð, séu uppfyllt í einu og öllu. Í brýnum tilvikum, þar sem skjóttur aðgangur er nauðsynlegur til að bregðast við sérstakri og raunverulegri ógn í tengslum við hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, ætti miðlæga aðgangsstöðin að afgreiða beiðnina tafarlaust og framkvæma sannprófun síðar.
- 29) Til að vernda persónuupplýsingar og til að koma í veg fyrir kerfisbundna leit, ætti vinnsla gagna í komu- og brottfararkerfinu aðeins að fara fram á tilteknum tilvikum og þegar nauðsyn ber til í því skyni að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað. Tilnefnd yfirvöld og Löggæslusamvinnustofnunin ættu því einungis fara fram á aðgang að komu- og brottfararkerfinu að þau hafi gildar ástæður til að ætla að slíkur aðgangur muni gefa upplýsingar er muni aðstoða þau verulega við að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað.
- 30) Auk þess ætti eingöngu að heimila aðgang að komu- og brottfararkerfinu í þeim tilgangi að bera kennsl á óþekktar grunaðar einstaklinga, gerendur eða fórnarlömb hryðjuverka eða annarra alvarlegra, refsiverðra verknaða með því skilyrði að leit hafi þegar farið fram í landsbundnum gagnagrunnum aðildarríkisins og að leitað hafi verið til fulls í sjálfvirkum fingrafaragreiningarkerfum allra hinna aðildarríkjanna samkvæmt ákvörðun ráðsins 2008/615/DIM ⁽¹²⁾ sé lokið, eða að leitinni sé ekki að fullu lokið innan tveggja daga frá því að hún var sett af stað.
- 31) Til þess að samanburður og skipti á persónuupplýsingum séu skilvirk ættu aðildarríkin að framkvæma að fullu og nýta sér fyrirbyggjandi alþjóðasamninga og einnig gildandi lög Sambandsins varðandi skipti á persónuupplýsingum, einkum ákvörðun 2008/615/DIM.
- 32) Persónuupplýsingar, sem eru geymdar í komu- og brottfararkerfinu, ætti ekki að geyma lengur en brýn þörf er á miðað við tilganginn með vinnslu upplýsinganna. Upplýsingar sem tengjast ríkisborgurum þriðju landsa sem virt hafa lengd heimilaðrar dvalar, nægir að geyma í komu- og brottfararkerfinu í þrjú ár vegna landamærastrjórnunar til að koma í veg fyrir að ríkisborgarar þriðju lands þurfi að skrá sig aftur í komu- og brottfararkerfið áður en tímabilinu lýkur. Þetta þriggja ára varðveislutímabil gagna mun draga úr þörfinni á tímum endurskráningum og koma öllum ferðamönnum vel þar eð bæði sá tími sem það tekur að meðaltali að fara yfir landamærin og biðtími á landamærastöðvum styttest. Það að aðrir ferðamenn, sem þegar eru skráðir í komu- og brottfararkerfið, þurfi ekki að skrá sig aftur áður en þessu þriggja ára varðveislutímabili gagna lýkur stýttir jafnvel biðtíma á landamærastöð fyrir ferðamann sem kemur aðeins einu sinni inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Þetta þriggja ára varðveislutímabil gagna er einnig nauðsynlegt til að

auðvelda og flýta för yfir landamæri, þ.m.t. með því að nota sjálfvirk kerfi og sjálfsafgreiðslukerfi. Einnig er við hæfi að fastsetja þriggja ára varðveislutímabil gagna fyrir ríkisborgara þriðju lands sem synjað hefur verið um komu til stuttrar dvalar. Að því er varðar ríkisborgara þriðju lands sem eru aðstandendur borgara Sambandsins sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB ⁽¹³⁾ gildir um eða ríkisborgara þriðja lands, sem nýtur réttar til frjálsrar farar samkvæmt lögum Sambandsins, og eru ekki handhafar dvalarskírteinis samkvæmt tilskipun 2004/38/EB, er við hæfi að geyma hverja samtengda komu-/brottfararskráningu í eitt ár að hámarki eftir brottfarardaginn frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem tengist þeirri skráningu. Gögnin ættu að eyðast sjálfkrafa þegar viðkomandi varðveislutímabili gagna lýkur.

- 33) Nauðsynlegt er að geyma gögn tengd ríkisborgurum þriðju lands, sem ekki hafa farið frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna innan heimilaðs dvalartímabils, í fimm ár til að styðja við kennslagreininguna og endursenda þá. Þessi gögn ættu að eyðast sjálfkrafa að fimm árum liðnum nema ástæða sé til að eyða þeim fyrr.
- 34) Nauðsynlegt er að geyma persónuupplýsingar ríkisborgara þriðju lands, sem virt hafa lengd heimilaðrar dvalar, og ríkisborgara þriðju lands, sem hefur verið synjað um komu til stuttrar dvalar, í þrjú ár og að geyma persónuupplýsingar ríkisborgara þriðju lands, sem ekki hafa farið frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna innan heimilaðs dvalartímabils, í fimm ár til að gera landamæravörðum kleift að framkvæma nauðsynlega áhættugreiningu, sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/399 áður en ferðamanni er heimilað að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Meðferð umsókna um vegabréfsáritanir hjá ræðisstofnunum krefst einnig greiningar á ferðasögu umsækjanda til að meta notkun fyrri vegabréfsáritana og hvort skilyrði fyrir dvöl hafi verið virt. Uppflettingar í komu- og brottfararkerfinu eiga að koma í stað stimplana í vegabréf sem verða lagðar af. Ferðasagan sem er fyrir hendi í komu- og brottfararkerfinu ætti því að ná yfir tímabil sem er nægilega langt til að hægt sé að gefa út vegabréfsáritanir.

Við framkvæmd áhættugreiningar á landamærum og við meðferð umsókna um vegabréfsáritanir ætti að kanna ferðasögu ríkisborgara þriðju lands til að sjá hvort þeir hafi áður farið fram yfir hámarks lengd heimilaðrar dvalar. Því er nauðsynlegt að geyma persónuupplýsingar ríkisborgara þriðju lands, sem ekki hafa farið frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna innan heimilaðs dvalartímabils, lengur en persónuupplýsingar ríkisborgara þriðju lands sem virt hafa lengd heimilaðrar dvalar og ríkisborgara þriðju lands sem synjað hefur verið um komu til stuttrar dvalar, eða í fimm ár.

- 35) Mæla ætti fyrir um reglur um bótaábyrgð aðildarríkjanna vegna tjóns sem má rekja til brota á þessari reglugerð.
- 36) Með fyrirvara um sértækari reglur um vinnslu persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁴⁾ að gilda um vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum við beitingu þessarar reglugerðar, nema slík vinnsla fari fram af hálfu tilnefndra yfirvalda eða miðlægra aðgangsstöðva aðildarríkjanna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, rannsaka eða koma upp um hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað.
- 37) Með fyrirvara um sértækari reglur um vinnslu persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ættu innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/680 að gilda um vinnslu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna á persónuupplýsingum í þeim tilgangi koma í veg fyrir, rannsaka eða koma upp um hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað samkvæmt þessari reglugerð.
- 38) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽¹⁵⁾ ætti að gilda um starfsemi stofnana eða aðila Sambandsins þegar þau sinna hlutverki sínu sem ábyrgðaraðilar á rekstrarstjórnun komu- og brottfararkerfisins.
- 39) Persónuupplýsingum sem aðildarríki fær í hendur samkvæmt þessari reglugerð ætti ekki að miðla til, eða gera aðgengilegar, þriðja landi, alþjóðastofnun eða einkaaðila með staðfestu innan eða utan Sambandsins. Þó ætti að vera hægt að gera undantekningu frá þeirri reglu og miðla slíkum persónuupplýsingum til þriðja lands eða alþjóðastofnunar ef slíkt er nauðsynlegt í einstökum tilvikum til að aðstoða við að bera kennsl á ríkisborgara þriðja lands í tengslum við endursendingu hans og að uppfylltum ströngum skilyrðum. Ef ekki liggur fyrir ákvörðun um að vernd sé fullnægjandi með framkvæmdargerð samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 eða viðeigandi verndarráðstafanir, sem miðlun fellur undir samkvæmt þeirri reglugerð, ætti að vera mögulegt að miðla í undantekningartilvikum, í tengslum við endursendingu, gögnum úr komu- og brottfararkerfinu til þriðja lands eða alþjóðastofnunar, en þó aðeins ef slíkt er nauðsynlegt af ástæðum sem varða mikilvæga almannahagsmuni eins og um getur í þeirri reglugerð.
- 40) Einnig ætti að vera mögulegt að miðla persónuupplýsingum, sem aðildarríki hafa fengið í hendur samkvæmt þessari reglugerð, til þriðja lands í brýnum undantekningartilvikum vegna yfirvofandi hættu í tengslum við hryðjuverk eða þar sem mannlíf er í yfirvofandi hættu í tengslum við alvarlegan refsiverðan verknað. Skilja ber að mannlíf sé í yfirvofandi hættu þegar hættan tengist alvarlegum refsiverðum verknaði sem framinn

er gegn þeim einstaklingi, svo sem alvarlegum líkamsmeiðingum, ólöglegum viðskiptum með líffæri og vefi úr mönnum, mannráni, ólöglegu haldi og gíslatöku, kynferðislegri misneytingu á börnum og barna-klámi og nauðgun. Aðeins ætti að miðla slíkum gögnum til þriðja lands ef tryggt er að aðildarríkjum, sem starfrækja komu- og brottfararkerfið, verði afhentar á móti hvers konar upplýsingar um komu-/brottfarar-skráningar sem þriðja landið, sem leggur fram beiðnina, býr yfir. Mögulegt ætti að vera fyrir lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjum, þar sem tilnefnd yfirvöld hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu samkvæmt þessari reglugerð, að miðla gögnum úr kerfinu til aðildarríkja sem ekki starfrækja kerfið og til aðildarríkja sem þessi reglugerð gildir ekki um. Slík veiting upplýsinga ætti að vera á grundvelli tilhlýðilega rökstuddrar beiðni og takmarkast við þau tilvik þar sem hún er nauðsynleg til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað. Aðeins ætti að vera mögulegt fyrir aðildar-riki sem starfrækir komu- og brottfararkerfið að veita slíkar upplýsingar ef tryggt er að aðildarríkjum, sem starfrækja komu- og brottfararkerfið, verði afhentar á móti hvers konar upplýsingar um komu-/brottfarar-skráningar sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, býr yfir. Tilskipun (ESB) 2016/680 gildir um alla síðari meðferð upplýsinga sem fengnar eru úr komu- og brottfararkerfinu.

- 41) Eftirlitsyrivaldið, sem komið er á fót í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679, ætti að fylgjast með því að vinnsla aðildarríkjanna á persónuupplýsingum sé með lögmætum hætti í hverju aðildarríki fyrir sig en Evrópska persónuverndarstofnunin ætti að hafa eftirlit með starfsemi stofnana og aðila Sambandsins í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Evrópska persónuverndarstofnunin og eftirlitsyrivöldin ættu að hafa með sér samstarf um eftirlit með komu- og brottfararkerfinu.
- 42) Eftirlitsyrivaldið, sem komið er á fót í samræmi við tilskipun (ESB) 2016/680, ætti að fylgjast með því að vinnsla aðildarríkjanna á persónuupplýsingum í löggæslutilgangi í hverju aðildarríki fyrir sig sé með lögmætum hætti.
- 43) Til viðbótar við þær upplýsingar sem ber að veita samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 ættu ríkisborgarar þriðju landa, sem færa á gögn um inn í komu- og brottfararkerfið, að fá viðeigandi upplýsingar um skráningu þessara gagna. Aðildarríkin ættu að láta slíkar upplýsingar í té skriflega með hvaða viðeigandi hætti sem er, þ.m.t. í formi bæklinga, veggspjalda eða með hvers konar öðrum viðeigandi rafrænum hætti.
- 44) Reglulega ætti fara fram mat á þessari reglugerð til að tryggja að skilvirkt eftirlit sé haft með beitingu hennar.
- 45) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og tryggja að þeim sé framfylgt.
- 46) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁶⁾.
- 47) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á komu- og brottfararkerfinu og skilgreina sameiginlegar skuldbindingar, skilyrði og aðferðir við notkun á gögnum, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur viðtæk áhrif, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 48) Þegar komu- og brottfararkerfið hefur verið tekið í notkun ætti að breyta samningnum frá 14. júní 1985 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins milli ríkisstjórna ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum ⁽¹⁷⁾ („samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins“) að því er varðar tvíhliða samninga sem aðildarríkin gera og heimilaða lengd dvalar umfram 90 daga á hverju 180 daga tímabili fyrir ríkisborgara þriðju landa, sem eru undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun. Í heildarmati sínu á komu- og brottfararkerfinu ætti framkvæmdastjórnin að hafa mat á nýtingu tvíhliða samninga aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin ætti að geta sett fram valkosti í fyrstu matsskýrslu sinni með það fyrir augum að hverfa frá slíkum tvíhliða samningum í áföngum og láta Sambandsgering koma í þeirra stað.
- 49) Áætlaður kostnaður við komu- og brottfararkerfið er lægri en sú fjárhæð sem eyrnamerkt er snjalllanda-mærum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 515/2014 ⁽¹⁸⁾. Til samræmis við það ætti framkvæmdastjórnin, í kjölfar samþykktar þessarar reglugerðar, með framseldri gerð eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 515/2014, að endurúthluta þeirri fjárhæð sem nú er ætluð til að þróa upplýsingatækni-kerfi til að styðja stjórnun á straumi innflytjenda yfir ytri landamærin.
- 50) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á beitingu tilskipunar 2004/38/EB.

- 51) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggist á Schengen-réttarreglunum ber Danmörku, í samræmi við 4. gr. þeirrar bókunar, að ákveða, innan sex mánaða frá því að ráðið hefur samþykkt reglugerð þessa, hvort hún verði felld inn í landslög.
- 52) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, sem Bretland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB ⁽¹⁹⁾. Bretland tekur því ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 53) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB ⁽²⁰⁾. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 54) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna ⁽²¹⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB ⁽²²⁾.
- 55) Að því er Sviss varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna ⁽²³⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/146/EB ⁽²⁴⁾ og 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/149/DIM ⁽²⁵⁾.
- 56) Að því er Liechtenstein varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi bókunarinnar sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Ríkjasambandið Sviss og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna ⁽²⁶⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2011/350/ESB ⁽²⁷⁾ og 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2011/349/ESB ⁽²⁸⁾.
- 57) Að því er varðar Kýpur, Búlgaríu, Rúmeníu og Króatíu teljast ákvæði þessarar reglugerðar varðandi Schengen-upplýsingakerfið og upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir vera ákvæði sem eru byggð á Schengen-réttarreglunum eða tengd þeim á annan hátt, í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003, 2. mgr. 4. gr. aðildarlaganna frá 2005 og 2. mgr. 4. gr. aðildarlaganna frá 2011, með hliðsjón af ákvörðunum ráðsins 2010/365/ESB ⁽²⁹⁾, (ESB) 2017/733 ⁽³⁰⁾ og (ESB) 2017/1908 ⁽³¹⁾ eftir því sem við á.
- Auk þess krefst starfræksla komu- og brottfararkerfisins þess að veittur sé óvirkur aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og að komið sé til framkvæmda öllum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna er varða Schengen-upplýsingakerfið í samræmi við viðkomandi ákvarðanir ráðsins. Aðeins er hægt að uppfylla þessi skilyrði þegar sannprófun í samræmi við gildandi Schengen-matsaðferðir hefur verið lokið með fullnægjandi hætti. Því ætti komu- og brottfararkerfið aðeins að vera starfrækt af þeim aðildarríkjum sem uppfylla þessi skilyrði þegar komu- og brottfararkerfið hefur starfsemi sína. Aðildarríki, sem ekki starfrækja komu- og brottfararkerfið frá upphafi starfsemi þess, ætti að tengjast kerfinu í samræmi við það verklag sem sett er fram í þessari reglugerð um leið og öll þessi skilyrði hafa verið uppfyllt.
- 58) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún álit 21. september 2016.
- 59) Í þessari reglugerð eru settar strangar reglur um aðgang að komu- og brottfararkerfinu ásamt nauðsynlegum verndarráðstöfunum varðandi slíkan aðgang. Þar er einnig mælt fyrir um rétt einstaklinga til að hafa aðgang að upplýsingum, geta leiðrétt þær, fullgert þær og eytt þeim og rétt til að leita úrlausnar mála, einkum réttinn til réttarárræðis og til þess að óháð opinber yfirvöld hafi eftirlit með vinnsluáðgerðum. Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til mannglegrar reisnar, bann við þrældómi og nauðungarvinnu, rétturinn til frelsis og mannhelgi, friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, vernd persónuupplýsinga, réttur til banns við mismunun, réttur barna, réttur aldraðra, aðlögun fatlaðra að samfélaginu og réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.
- 60) Þessi reglugerð er með fyrirvara um þær skuldbindingar sem leiðir af Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og bætt var við hann með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Með þessari reglugerð er komið á fót „komu- og brottfararkerfi“ (e. Entry/Exit System) til þess:
 - a) að skrá og geyma upplýsingar um dagsetningu, tíma og stað komu og brottfarar ríkisborgara þriðju landa sem fara yfir landamæri aðildarríkja þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt,
 - b) að reikna út lengd heimilaðrar dvalar slíkra ríkisborgara þriðju landa,
 - c) að gefa aðildarríkjum viðvaranir þegar heimilaður dvalartími er útrunninn og
 - d) að skrá og geyma upplýsingar um dagsetningu, tíma og stað synjunar um komu, þegar ríkisborgurum þriðju landa er synjað um komu til stuttrar dvalar, um yfirvald aðildarríkisins sem synjaði um komuna og ástæður þess.
2. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknad, er í reglugerð þessari einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunarinnar geti fengið uppflettiðgang að komu- og brottfararkerfinu.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:
 - a) ríkisborgara þriðju landa, sem heimiluð hefur verið stutt dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og sem þurfa að sæta landamæraeftirliti í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/399 þegar farið er yfir landamæri þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, og
 - b) ríkisborgara þriðju landa, við komu til eða brottför frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sem:
 - i. eru aðstandendur borgara Sambandsins, sem tilskipun 2004/38/EB gildir um, eða ríkisborgara þriðja lands, sem hefur jafngildan rétt til frjálsrar farar og borgarar Sambandsins samkvæmt samningi milli Sambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og þriðja lands hins vegar, og
 - ii. eru ekki handhafar dvalarskírteinis samkvæmt tilskipun 2004/38/EB eða dvalarleyfis samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1030/2002 ⁽³²⁾.
2. Reglugerðin gildir einnig um ríkisborgara þriðju landa sem synjað er um komu til stuttrar dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399.
3. Þessi reglugerð gildir ekki um:
 - a) ríkisborgara þriðju landa sem eru aðstandendur borgara Sambandsins, sem tilskipun 2004/38/EB gildir um, og sem eru handhafar dvalarskírteinis samkvæmt þeirri tilskipun, hvort sem þeir eru í fylgd með þeim borgara Sambandsins eða eru að koma til hans eða ekki,
 - b) ríkisborgara þriðju landa sem eru aðstandendur ríkisborgara þriðja lands, hvort sem þeir eru í fylgd með þeim ríkisborgara þriðja lands eða eru að koma til hans eða ekki, ef:
 - i. sá ríkisborgari þriðja lands hefur jafngildan rétt til frjálsrar farar og borgarar Sambandsins samkvæmt samningi milli Sambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og þriðja lands hins vegar og
 - ii. þessir ríkisborgarar þriðja lands eru handhafar dvalarskírteinis samkvæmt tilskipun 2004/38/EB eða dvalarleyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1030/2002,
 - c) handhafa dvalarleyfa sem um getur í 16. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399, annarra en þeirra sem falla undir a- og b-lið þessarar málsgreinar,
 - d) ríkisborgara þriðju landa sem nýta sér rétt sinn til hreyfanleika í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/66/ESB ⁽³³⁾ eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/801 ⁽³⁴⁾,
 - e) handhafa vegabréfsáritana til langrar dvalar,
 - f) ríkisborgara Andorra, Mónakó og San Marínó og handhafa vegabréfs sem gefið er út af Vatikanborgríkinu eða Páfastóli,
 - g) einstaklinga eða hópa einstaklinga sem eru undanþegnir landamæraeftirliti eða sem um gilda sérstakar reglur varðandi landamæraeftirlit, eins og um getur í g-lið 3. mgr. 6. gr. a í reglugerð (ESB) 2016/399,
 - h) einstaklinga eða hópa einstaklinga sem um getur í h-, i-, j- og k-lið 3. mgr. 6. gr. a í reglugerð (ESB) 2016/399.
4. Ákvæði þessarar reglugerðar um útreikning á lengd heimilaðrar dvalar og viðvaranir til aðildarríkja þegar heimilaður dvalartími er útrunninn gilda ekki um ríkisborgara þriðju landa sem:

- a) eru aðstandendur borgara Sambandsins, sem tilskipun 2004/38/EB gildir um, eða ríkisborgara þriðja lands, sem hefur jafngildan rétt til frjálsrar farar og borgarar Sambandsins samkvæmt samningi milli Sambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og þriðja lands hins vegar, og
- b) eru ekki handhafar dvalarskírteinis samkvæmt tilskipun 2004/38/EB eða dvalarleyfis samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1030/2002.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „ytri landamæri“: ytri landamæri eins og þau eru skilgreind í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
- 2) „innri landamæri“: innri landamæri eins og þau eru skilgreind í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
- 3) „landamærafyrirvald“: landamæravörður sem skipaður er í samræmi við landslög til að sinna landamæraeftirliti eins og skilgreint er í 11. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
- 4) „innflytjendafyrirvald“: lögbært yfirvald sem, í samræmi við landslög, ber ábyrgð á einu eða fleiri eftirtalinna atriða:
 - a) að kanna, á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, hvort skilyrði fyrir komu til eða dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkjanna eru uppfyllt,
 - b) að kanna skilyrðin fyrir búsetu ríkisborgara þriðja lands á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og taka ákvarðanir því tengdar, svo fremi að yfirvaldið er ekki „ákvörðunaryfirvald“ eins og skilgreint er í f-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/32/ESB ⁽³⁵⁾, og, þar sem við á, að veita ráðgjöf í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 377/2004 ⁽³⁶⁾,
 - c) að endursenda ríkisborgara þriðju landa til þriðja lands sem er uppruna- eða gegnumferðarland,
- 5) „yfirvald sem gefur út vegabréfsáritanir“: yfirvald sem gefur út vegabréfsáritanir eins og það er skilgreint í 3. lið 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008,
- 6) „ríkisborgari þriðja lands“: hver sá einstaklingur sem er ekki borgari í Sambandinu í skilningi 1. mgr. 20. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að undanskildum þeim einstaklingum sem hafa jafngildan rétt til frjálsrar farar og borgarar Sambandsins samkvæmt samningum milli Sambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og þriðju landa hins vegar,
- 7) „ferðaskilríki“: vegabréf eða önnur jafngild skilríki sem heimila handhafa að fara yfir ytri landamæri og sem setja má vegabréfsáritun í,
- 8) „stutt dvöl“: dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í mest 90 daga á hverju 180 daga tímabili, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
- 9) „vegabréfsáritun til stuttrar dvalar“: vegabréfsáritun eins og hún er skilgreind í a-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 ⁽³⁷⁾,
- 10) „landsbundin vegabréfsáritun til stuttrar dvalar“: heimild sem aðildarríki, sem ekki beitir Schengen-réttarreglunum að fullu, gefur út vegna fyrirhugaðrar dvalar á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis í mest 90 daga á hverju 180 daga tímabili,
- 11) „heimiluð dvöl“: nákvæmur dagafjöldi sem ríkisborgara þriðja lands er heimilt að dvelja löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, talinn frá komudegi í samræmi við gildandi ákvæði,
- 12) „aðildarríki sem ber ábyrgð“: aðildarríkið sem færði gögnin inn í komu- og brottfararkerfið,
- 13) „sannprófun“: samanburður á gagnamengjum til að sannreyna hvort viðkomandi einstaklingur sé sá sem hann segist vera (einn einstaklingur borinn saman við annan (e. one-to-one check)),
- 14) „kennslaggreining“: það ferli að ákvarða deili á einstaklingi með leit í gagnagrunni, þar sem borið er saman við mörg gagnamengi (einn einstaklingur borinn saman við marga einstaklinga (e. one-to-many check)),
- 15) „alstafagögn“: gögn sem sett eru fram með bókstöfum, tölustöfum, sérstökum táknum, bilum og greinarmerkjum,
- 16) „fingrafaraupplýsingar“: upplýsingar um fern fingraför, vísifingurs, löngutangar, baugfingurs og litla fingurs hægri handar, séu þeir fyrir hendi, en annars vinstri handar,
- 17) „andlitsmynd“: stafrænar andlitsmyndir,
- 18) „lífkennaupplýsingar“: fingrafaraupplýsingar og andlitsmynd,

- 19) „sá sem dvelur fram yfir heimilaða dvöl“: ríkisborgari þriðja lands sem uppfyllir ekki, eða uppfyllir ekki lengur, skilyrði varðandi lengd heimilaðrar, stuttrar dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
 - 20) „Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa (eu-LISA)“: Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1077/2011,
 - 21) „eftirlitsyfirvöld“: eftirlitsyfirvaldið sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og eftirlitsyfirvaldið sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680,
 - 22) „gögn í komu- og brottfararkerfinu“: öll gögn sem geymd eru í miðlæga komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 14. gr. og 16.–20. gr.,
 - 23) „löggæsla“: að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað,
 - 24) „hryðjuverk“: afbrot samkvæmt landslögum sem samsvarar eða er jafngilt einu af þeim brotum sem um getur í tilskipun (ESB) 2017/541,
 - 25) „alvarlegur refsiverður verknaður“: afbrot sem samsvarar eða er jafngilt einu af þeim brotum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar 2002/584/DIM, ef þau varða að hámarki a.m.k. þriggja ára refsivist eða öryggisráðstöfun samkvæmt landslögum,
 - 26) „tilnefnt yfirvald“: yfirvald tilnefnt af aðildarríki, samkvæmt 29. gr., til að bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað,
 - 27) „sjálfsafgreiðslukerfi“: sjálfsafgreiðslukerfi eins og það er skilgreint í 23. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/399,
 - 28) „rafrænt hlið“: rafrænt hlið eins og það er skilgreint í 24. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
 - 29) „hlutfall ófullnægjandi skráninga (e. Failure to Enrol Rate)“: hlutfall skráninga þar sem gæði lífkennaskráningar eru ófullnægjandi,
 - 30) „falsjákvætt hlutfall kennslaggreininga (e. False Positive Identification Rate)“: hlutfall samsvarana sem lífkennaleit skilar en sem ekki tilheyrir ferðamanninum sem sætir eftirliti,
 - 31) „falsneikvætt hlutfall kennslaggreininga (e. False Negative Identification Rate)“: hlutfall þess þegar lífkennaleit skilar ekki samsvörun þrátt fyrir að lífkennaupplýsingar ferðamannsins séu skráðar.
2. Hugtökin sem skilgreind eru í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skulu hafa sömu merkingu í þessari reglugerð að því marki sem persónuupplýsingar eru unnar af yfirvöldum aðildarríkja í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar.
3. Hugtökin, sem skilgreind eru í 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, skulu hafa sömu merkingu í þessari reglugerð að því marki sem persónuupplýsingar eru unnar af yfirvöldum aðildarríkja í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

4. gr.

Landamæri þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt og notkun þess á þessum landamærum

1. Komu- og brottfararkerfið skal starfrækt á ytri landamærunum.
2. Aðildarríki sem beita Schengen-réttarreglunum að fullu skulu taka upp komu- og brottfararkerfið á innri landamærum sínum við aðildarríki sem ekki beita Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækja komu- og brottfararkerfið.
3. Aðildarríki sem beita Schengen-réttarreglunum að fullu og aðildarríki, sem beita ekki Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækja komu- og brottfararkerfið, skulu taka upp komu- og brottfararkerfið á innri landamærum sínum við aðildarríki sem ekki beita enn Schengen-réttarreglunum að fullu og starfrækja ekki komu- og brottfararkerfið.
4. Aðildarríki sem ekki beita Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækja komu- og brottfararkerfið skulu taka upp komu- og brottfararkerfið á innri landamærum sínum, eins og þau eru skilgreind í b- og c-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399.
5. Þrátt fyrir þriðju og fjórðu undirgrein 2. mgr. 23. gr. og ákvæði 27. gr. skal aðildarríki sem beitir Schengen-réttarreglunum ekki að fullu, enn sem komið er, en sem starfrækir komu- og brottfararkerfið, taka upp komu- og brottfararkerfið án lífkennapáttarins á innri landamærum sínum á landi við aðildarríki sem ekki beita enn

Schengen-réttarreglunum að fullu en sem starfrækja komu- og brottfararkerfið. Hafi ríkisborgari þriðja lands ekki enn verið skráður í komu- og brottfararkerfið skal á slíkum innri landamærum stofna sérstaka gagnaskrá yfir hann án þess að lífkennaupplýsingar séu skráðar. Lífkennaupplýsingum skal bætt við á næstu landamærastöð þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt með lífkennapættinum.

5. gr.

Uppbygging komu- og brottfararkerfisins

Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa (eu-LISA) skal annast þróun komu- og brottfararkerfisins og tryggja rekstrarstjórnun þess, þ.m.t. aðgerðir til að vinna lífkennaupplýsingar, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 16. gr. og b- og c-lið 1. mgr. 17. gr., og einnig viðeigandi öryggi komu- og brottfararkerfisins.

6. gr.

Markmið komu- og brottfararkerfisins

1. Markmið komu- og brottfararkerfisins með því að skrá og geyma upplýsingar í komu- og brottfararkerfinu og veita aðildarríkjunum aðgang að slíkum gögnum eru:

- að efla skilvirkni landamæraeftirlits með því að reikna út og fylgjast með lengd heimilaðrar dvalar við komu og brottför ríkisborgara þriðju landa sem heimiluð hefur verið stutt dvöl,
- að aðstoða við að bera kennsl á ríkisborgara þriðju landa sem fullnægja ekki eða fullnægja ekki lengur skilyrðum fyrir komu til eða stuttri dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkis,
- að gera mögulegt að bera kennsl á og greina þá sem dvalið hafa fram yfir heimilaða dvöl og gera viðeigandi landsyfirvöldum aðildarríkja kleift að gera viðeigandi ráðstafanir,
- að gera mögulegt að kanna rafrænt synjanir um komu í komu- og brottfararkerfinu,
- að gera mögulegt að hafa sjálfvirk landamæraeftirlit með ríkisborgurum þriðju landa,
- að gera yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir kleift að hafa aðgang að upplýsingum um löglega notkun fyrri vegabréfsáritana,
- að upplýsa ríkisborgurum þriðju landa um lengd heimilaðrar dvalar þeirra,
- að safna tölfærðilegum upplýsingum um komu og brottfarir ríkisborgara þriðju landa, synjanir um komu og lengri dvöl en heimiluð er, til að bæta mat á hættunni á því að fólk dvelji fram yfir heimilaða dvöl og til að styðja við gagnreynda áætlanagerð á sviði fólksflutningastefnu Sambandsins,
- að berjast gegn auðkennasvindli og misnotkun ferðaskilríkja.

2. Markmið komu- og brottfararkerfisins með því að veita tilnefndum yfirvöldum aðgang í samræmi við skilyrði þessarar reglugerðar eru:

- að stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað,
- að gera mögulegt að kalla fram upplýsingar vegna rannsókna í tengslum við hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, þ.m.t. að bera kennsl á gerendur, grunaða og fórnarlömb slíkra brota sem hafa farið yfir ytri landamærin.

3. Komu- og brottfararkerfið skal, ef við á, styðja aðildarríki við starfrækslu eigin landsbundinna áætlana um að greiða fyrir för fólks yfir landamæri, sem komið er á fót í samræmi við 8. gr. d í reglugerð (ESB) 2016/399 til að greiða fyrir för ríkisborgara þriðju landa yfir landamæri, með því:

- að gera lögbærum landsyfirvöldum, sem um getur í 8. gr. d í reglugerð (ESB) 2016/399, kleift að hafa aðgang að upplýsingum um fyrri stutta dvöl eða synjanir um komu, í tengslum við meðferð umsókna um aðgang að landsbundnum áætlunum um að greiða fyrir för fólks yfir landamæri og töku ákvarðana sem um getur í 25. gr. þessarar reglugerðar,
- að tilkynna landamærayfirvöldum að veittur hafi verið aðgangur að landsbundinni áætlun um að greiða fyrir för fólks yfir landamæri.

7. gr.

Tæknileg högun komu- og brottfararkerfisins

1. Komu- og brottfararkerfið skal samanstanda af:

- miðlægu kerfi (miðlæga komu- og brottfararkerfinu),
- samræmdum landsbundnum skilfleti í hverju aðildarríki sem byggist á sameiginlegum tæknilegum forskriftum og er nákvæmlega eins fyrir öll aðildarríkin, og gerir kleift að tengja miðlæga komu- og brottfararkerfið við landsbundin landamæragrunnvirki aðildarríkjanna með öruggum hætti,

- c) öruggri samskiptaleið milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir,
 - d) fjarskiptavirki, sem skal vera öruggt og dulkóðað, milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og samræmdu landsbundnu skilflatanna,
 - e) vefþjónustunni sem um getur í 13. gr.,
 - f) gagnasafni, sem komið er á fót á miðlægum vettvangi eins og um getur í 2. mgr. 63. gr.
2. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni- (eu-LISA) skal hýsa miðlæga komu- og brottfararkerfið á tæknisvæðum sínum. Í kerfinu skal sú virkni tiltæk sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í samræmi við skilyrði um aðgengileika, gæði og hraða skv. 3. mgr. 37. gr.
3. Með fyrirvara um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/602/EB ⁽³⁸⁾ skulu tilteknir vélbúnaðar- og hugbúnaðarhlutar fjarskiptavirkis komu- og brottfararkerfisins vera sameiginlegir með fjarskiptavirki upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir sem um getur í 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2004/512/EB. Tryggja skal rökréttan aðskilnað gagna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og gagna í komu- og brottfararkerfinu.

8. gr.

Samvirkni með upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir

1. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni- (eu-LISA) skal koma á öruggri samskiptaleið milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir til að tryggja samvirkni milli komu- og brottfararkerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Aðeins skal vera hægt að fletta beint upp milli komu- og brottfararkerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir ef kveðið er á um það bæði í þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 767/2008. Að sækja vegabréfsáritunartengd gögn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, flutningur þeirra inn í komu- og brottfararkerfið og uppfærsla gagna úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í komu- og brottfararkerfinu skal gerast sjálfkrafa þegar viðkomandi yfirvald setur af stað viðkomandi aðgerð.
2. Samvirknin skal gera landamærayfirlöndum, sem nota komu- og brottfararkerfið, kleift að fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir úr komu- og brottfararkerfinu til þess:
- a) að sækja vegabréfsáritunartengd gögn beint í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flytja þau inn í komu- og brottfararkerfið til að búa til eða uppfæra komu-/brottfararskráningu eða skráningu á synjun um komu handhafa vegabréfsáritunar í komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 14., 16. og 18. gr. þessarar reglugerðar og 18. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008,
 - b) að sækja vegabréfsáritunartengd gögn beint í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flytja þau inn í komu- og brottfararkerfið til að uppfæra komu-/brottfararskráningu þegar vegabréfsáritun er ógilt, afturkölluð eða framlengd í samræmi við 19. gr. þessarar reglugerðar og 13., 14. og 18. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008,
 - c) að sannprófa, skv. 23. gr. þessarar reglugerðar og 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, að viðkomandi vegabréfsáritun sé ósvikin og gild eða hvort skilyrði fyrir komu til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399, séu uppfyllt,
 - d) að sannprófa, á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, hvort ríkisborgari þriðja lands sem er undanþeginn kvöð um vegabréfsáritun hafi áður verið skráður í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í samræmi við 23. gr. þessarar reglugerðar og 19. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008 og
 - e) að sannprófa, þegar deili á handhafa vegabréfsáritunar eru sannprófuð með fingraförum, á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, deili á handhafa vegabréfsáritunar með því að bera fingraför hans saman við fingraförin sem skráð eru í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í samræmi við 23. gr. þessarar reglugerðar og 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.
3. Samvirknin skal gera yfirlöndum sem gefa út vegabréfsáritanir og nota upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, kleift að fletta upp í komu- og brottfararkerfinu úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í eftirfarandi tilgangi:
- a) vegna meðferðar umsókna um vegabréfsáritanir og ákvarðanatöku varðandi þær samkvæmt 24. gr. þessarar reglugerðar og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008,
 - b) vegna meðferðar umsókna um landsbundnar vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar og ákvarðanatöku varðandi þær, þegar um er að ræða aðildarríki sem ekki beita Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækja komu- og brottfararkerfið,
 - c) til að uppfæra vegabréfsáritunartengd gögn í komu-/brottfararskráningu þegar vegabréfsáritun er ógilt, afturkölluð eða framlengd í samræmi við 19. gr. þessarar reglugerðar og 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008,

4. Vegna starfrækslu á vefþjónustu komu- og brottfararkerfisins, sem um getur í 13. gr., skal daglega uppfæra í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir sérstaka, skrifvarða gagnagrunninn, sem um getur í 5. mgr. 13. gr., með einhliða útdrætti nauðsynlegs lágmarkshlutmengis gagna úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

9. gr.

**Aðgangur að komu- og brottfararkerfinu til
að færa inn, breyta, eyða og fletta upp í gögnum**

1. Aðgangur að komu- og brottfararkerfinu til að færa inn, breyta, eyða og fletta upp í gögnunum sem um getur í 14. gr. og 16.–20. gr. skal eingöngu vera fyrir starfsfólk, sem hefur til þess tilskilda heimild, hjá landsyfirvöldum sérhvers aðildarríkis sem eru lögbær í þeim tilgangi sem um mælt er fyrir um í 23.–35. gr. Aðgangurinn skal takmarkast við það sem nauðsynlegt er til að þessi landsyfirvöld geti leyst verkefni sín af hendi í samræmi við þennan tilgang og skal vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna lögbær landsyfirvöld að því er varðar þessa reglugerð, sem skulu vera landamærayfirvöld, yfirvöld sem gefa út vegabréfsáritanir og innflytjendayfirvöld. Starfsfólk lögbæru landsyfirvaldanna sem hefur til þess tilskilda heimild skal hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu til þess að færa inn, breyta, eyða eða fletta upp í gögnum. Sérhvert aðildarríki skal senda skrá yfir þessi lögbæru landsyfirvöld til Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingateknikerfa án tafar. Í skránni skal tilgreina í hvaða tilgangi hvert yfirvald hefur aðgang að gögnum sem geymd eru í komu- og brottfararkerfinu. Komu- og brottfararkerfið skal bjóða upp á virkni fyrir umsýslu þess lista. Nákvæmar reglur um þá virkni skulu settar með framkvæmdargerðum. Framkvæmdargerðir skulu samþykktar til samræmis við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 68. gr.

2.a Starfsfólk landsskrifstofa ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfisins, sem hefur hlotið viðeigandi heimild og er tilnefnt samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, skal hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu til að skoða gögn úr kerfinu í lesaðgangi.

3. Yfirvöld sem eiga rétt á að fletta upp í eða hafa aðgang að gögnum í komu- og brottfararkerfinu til þess að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, skulu tilnefnd í samræmi við IV. kafla.

10. gr.

Almennar meginreglur

1. Sérhvert lögbært yfirvald, sem er heimilaður aðgangur að komu- og brottfararkerfinu, skal tryggja að notkun kerfisins sé nauðsynleg, viðeigandi og hlutfallslega rétt.

2. Sérhvert lögbært yfirvald skal tryggja að notkun komu- og brottfararkerfisins, þ.m.t. söfnun lífkennaupplýsinga, sé í samræmi við verndarráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þegar upplýsingum barns er safnað skal enn fremur fyrst og fremst hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

11. gr.

**Sjálfvirk reiknivél og skylda til að upplýsa ríkisborgara þriðju lands
um hve langur tími er eftir af heimilaðri dvöl**

1. Í komu- og brottfararkerfinu skal vera sjálfvirk reiknivél sem gefur upp hámarks lengd heimilaðrar dvalar fyrir ríkisborgara þriðju lands sem skráðir eru í komu- og brottfararkerfið.

Sjálfvirka reiknivélin skal ekki eiga við um ríkisborgara þriðju lands sem:

- a) eru aðstandendur borgara Sambandsins, sem tilskipun 2004/38/EB gildir um, eða ríkisborgara þriðja lands, sem hefur jafngildan rétt til fjálsrar farar og borgarar Sambandsins samkvæmt samningi milli Sambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og þriðja lands hins vegar, og
- b) eru ekki handhafar dvalarskrteinis samkvæmt tilskipun 2004/38/EB eða dvalarleyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1030/2002.

2. Sjálfvirka reiknivélin skal upplýsa lögbær yfirvöld um:

- a) við komu, hver hámarks lengd heimilaðrar dvalar ríkisborgara þriðju lands er og hvort fjöldi heimilaðra koma á vegabréfsáritun til stuttrar dvalar, sem gefin er út fyrir eina eða tvær komur, hafi verið fullnýttur,
- b) við eftirlit eða sannprófanir sem fara fram á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, hve langur tími er eftir af heimilaðri dvöl ríkisborgara þriðju lands eða hve lengi þeir hafa dvalið fram yfir heimilaða dvöl,

- c) við brottför, hvort ríkisborgarar þriðju lands hafi dvalið fram yfir heimilaða dvöl sína,
 - d) við meðferð umsókna um vegabréfsáritun til stuttrar dvalar og ákvarðanatöku varðandi þær, hve langur tími er eftir, að hámarki, af heimilaðri dvöl á grundvelli fyrirhugaðra komudaga.
3. Landamærayfirvöld skulu upplýsa ríkisborgara þriðja lands um það hver hámarks lengd heimilaðrar dvalar er, að teknu tilliti til fjölda koma og lengdar dvalar sem vegabréfsáritun heimilar í samræmi við 9. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399. Þessar upplýsingar skal annaðhvort landamæravörður veita þegar landamæraeftirlit fer fram eða þær skulu veittar með búnaði, sem settur er upp á landamærastöðinni og gerir ríkisborgara þriðja lands kleift að fletta upp í vefþjónustunni sem um getur í 1. og 2. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar.
4. Þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju lands, sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun og dvelja á grundvelli vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar eða landsbundinnar vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar í aðildarríki sem ekki beitir Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækir komu- og brottfararkerfið, skal sjálfvirka reiknivélin ekki gefa upp heimilaða dvöl á grundvelli vegabréfsáritunarinnar til stuttrar dvalar eða landsbundnu vegabréfsáritunarinnar til stuttrar dvalar.
- Í tilvikinu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal sjálfvirka reiknivélin einungis sannprófa:
- a) að 90 daga samanlagt hámark á hverju 180 daga tímabili sé virt og
 - b) þegar um er að ræða vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar, að gildistími slíkra vegabréfsáritana sé virtur.
5. Í því skyni að sannprófa hvort ríkisborgarar þriðju lands, sem eru handhafar vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar sem gefin er út fyrir eina eða tvær komur, hafi þegar nýtt þann fjölda koma sem vegabréfsáritun þeirra til stuttrar dvalar heimilar, skal sjálfvirka reiknivélin aðeins taka tillit til koma á yfirráðasvæði aðildarríkja sem beita Schengen-réttarreglunum að fullu. Sú sannprófun skal þó ekki fara fram við komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkja sem ekki beita Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en starfrækja komu- og brottfararkerfið.
6. Sjálfvirka reiknivélin skal einnig gilda um stutta dvöl á grundvelli vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar með takmarkað gildissvæði, sem gefin er út skv. b-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009. Í því tilviki skal sjálfvirka reiknivélin taka tillit til heimilaðrar dvalar samkvæmt slíkri vegabréfsáritun, óháð því hvort samanlögð dvöl viðkomandi ríkisborgara þriðja lands fer yfir 90 daga á hverju 180 daga tímabili.

12. gr.

Upplýsingabúnaður

1. Komu- og brottfararkerfið skal innihalda búnað sem greinir sjálfvirkt komu-/brottfararskráningar þar sem upplýsingar um brottför eru ekki skráðar strax á eftir dagsetningunni þegar heimiluð dvöl fellur úr gildi og einnig skráningar þar sem farið hefur verið fram yfir hámarkstíma heimilaðrar dvalar.
2. Að því er varðar ríkisborgara þriðju lands sem fara yfir landamæri á grundvelli gilds skjals til að greiða fyrir gegnumferð, sem gefið er út í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 693/2003 ⁽³⁹⁾, skal komu- og brottfararkerfið innihalda búnað sem greinir með sjálfvirkum hætti í hvaða komu-/brottfararskráningar upplýsingar um brottför eru ekki skráðar strax eftir að heimiluð dvöl fellur úr gildi og skráningar þar sem farið hefur verið fram yfir hámarkstíma heimilaðrar dvalar.
3. Skrá, tekin saman í komu- og brottfararkerfinu, með þeim gögnum sem um getur í 16. og 17. gr. um alla einstaklinga sem sanngreint hefur verið að séu einstaklingar sem dvalið hafa fram yfir heimilaða dvöl, skal vera tiltæk lögbærum landsyfirvöldum sem tilnefnd eru í samræmi við 2. mgr. 9. gr. til að þau geti gripið til viðeigandi ráðstafana.

13. gr.

Vefþjónusta

1. Til að gera ríkisborgurum þriðju lands kleift að sannprófa hvenær sem er hve langur tími er eftir af heimilaðri dvöl þeirra skulu þeir geta gefið upp upplýsingarnar sem krafist er skv. b-lið 1. mgr. 16. gr. ásamt fyrirhuguðum komu- eða brottfarardegi, eða hvoru tveggja, um öruggan netaðgang að vefþjónustu, sem Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa hýsir á tæknisvæðum sínum. Á grundvelli þeirra skal vefþjónustan gefa ríkisborgurum þriðju lands svarið „OK/NOT OK“ (í lagi/ekki í lagi), ásamt upplýsingum um hve langur tími er eftir af heimilaðri dvöl.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal vefþjónustan ekki veita neinar upplýsingar um heimilaða dvöl á grundvelli vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar eða landsbundinnar vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar þegar um er að ræða fyrirhugaða dvöl í aðildarríki sem beitir ekki Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækir komu- og brottfararkerfið.

Í tilvikinu sem um getur í fyrstu undirgrein skulu ríkisborgarar þriðju landa geta sannprófað með vefþjónustunni hvort 90 daga samanlagt hámark á hverju 180 daga tímabili sé virt og til að fá upplýsingar um hve langur tími er eftir af dvölinni samkvæmt því hámarki. Þessar upplýsingar skulu veittar um dvöl á 180 daga tímabili fyrir uppflettingu í vefþjónustunni eða fyrirhugaðan komudag eða brottfarardag eða hvoru tveggja.

3. Til að uppfylla skyldu sína skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins skulu flutningsaðilar nota vefþjónustuna til að sannprófa hvort ríkisborgarar þriðju landa, sem eru handhafar vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar sem gefin er út fyrir eina eða tvær komur, hafi þegar nýtt þann fjölda koma sem vegabréfsáritun þeirra heimilar. Flutningsaðilar skulu láta í té gögnin sem talin eru í a-, b- og c-lið 1. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar. Á grundvelli þeirra skal vefþjónustan gefa flutningsaðilum svarið: „OK/NOT OK“. Flutningsaðilum er heimilt að geyma upplýsingarnar sem sendar voru og svarið sem barst í samræmi við gildandi lög. Flutningsaðilar skulu koma á sannvottunarkerfi til að tryggja að einungis starfsfólk með tilskilda heimild hafi aðgang að vefþjónustunni. Ekki skal vera hægt að líta á svarið „OK/NOT OK“ sem ákvörðun um að heimila eða synja um komu í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/399.

4. Til framkvæmdar 2. mgr. 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins eða til að leysa hvers konar deilu sem kann að rísa vegna 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir sem flutningsaðilar framkvæma innan vefþjónustunnar. Í þessum aðgerðaskrár skal koma fram dagsetning og tíma-setning hverrar aðgerðar, hvaða gögn voru notuð við leitina, gögn sem vefþjónustan sendi og nafn viðkomandi flutningsaðila.

Aðgerðaskrár skulu geymdar í tvö ár. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að vernda aðgerðaskrár gegn óheimilum aðgangi.

5. Vefþjónustan skal nota sérstakan, skrifvarinn gagnagrunn, sem uppfærður er daglega með einhliða útdrætti nauðsynlegs lágmarkshlutmengis gagna úr komu- og brottfararkerfinu og úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal bera ábyrgð á öryggi vefþjónustunnar, öryggi persónuupplýsinganna sem hún inniheldur og á ferlinu við að draga út persónuupplýsingar í sérstakan, skrifvarinn gagnagrunn.

6. Flutningsaðilar skulu ekki geta sannprófað með vefþjónustunni hvort ríkisborgarar þriðju landa, sem eru handhafar landsbundinnar vegabréfsáritun til stuttrar dvalar sem gefin er út fyrir eina eða tvær komur, hafi þegar nýtt þann fjölda koma sem sú vegabréfsáritun heimilar.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir varðandi ítarlegar reglur um skilyrði fyrir starfrækslu vefþjónustunnar og þær persónuverndar- og öryggisreglur sem gilda um hana. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

13. gr. a.

Vararáðstafanir ef það er tæknilega ógerningur fyrir flutningsaðila að fá aðgang að gögnum

1. Þegar það er tæknilega ógerlegt að framkvæma þá sannprófun sem vísað er til í 3. mgr. 13. gr., vegna bilunar í einhverjum hluta komu- og brottfararkerfisins skulu flutningsaðilar undanþegnir skyldunni til að sannreyna hvort ríkisborgari þriðja ríkis, sem er handhafi vegabréfsáritunar fyrir stutta dvöl með einni eða tveimur heimil-uðum komum, hafi þegar notað þá komu eða komur sem áritunin heimilar.

Þegar slík bilun er greind af Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal miðlæg eining ferðaheimildakerfisins tilkynna flutningsaðilum og aðildarríkjunum um bilunina og einnig um það þegar bilunin er ekki lengur til staðar. Ef bilunin er greind af flutningsaðila getur hann tilkynnt það til miðlegrar einingar ferðaheimildakerfisins sem skal þegar í stað upplýsa aðildarríkin um slíka tilkynningu frá flutningsaðila.

2. Þegar, af öðrum ástæðum en vegna bilunar í einhverjum hluta komu- og brottfararkerfisins, það er tæknilega ógerlegt fyrir flutningsaðila að framkvæma sannprófunina sem vísað er til í 3. mgr. 13. gr. í lengri tíma, skal flutningsaðilinn tilkynna það til miðlegrar einingar ferðaheimildakerfisins sem skal þegar í stað upplýsa aðildar-ríkin um slíka tilkynningu.

3. Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdagerðum setja nánari reglur um vararáðstafanir samkvæmt þessari grein. Framkvæmdargerðin skal samþykkt samkvæmt málsmeðferðinni sem vísað er til í 2. mgr. 68. gr.

4. Miðlægá eining ferðaheimildakerfisins skal veita flutningsaðilum rekstrarstuðning vegna þeirra tilvika sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. og skal setja verklagsreglur þar sem kveðið er á um hvernig slíkur stuðningur skuli veittur. Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdagerðum setja nánari reglur um þann stuðning sem skal veittur og hvernig honum skuli miðlað. Slíkar framkvæmdargerðir skulu samþykktar samkvæmt málsmeðferðinni sem vísað er til í 2. mgr. 68. gr.

II. KAFLI

FÆRSLA OG NOTKUN GAGNA AF HÁLFU LÖGBÆRRA YFIRVALDA

14. gr.

Verklagsreglur við færslu gagna í komu- og brottfararkerfið

1. Landamærayfirvöld skulu, í samræmi við 23. gr., sannprófa hvort sérstök gagnaskrá yfir viðkomandi ríkisborgara þriðja lands hafi verið stofnuð í komu- og brottfararkerfinu og jafnframt deili á honum. Noti ríkisborgari þriðja lands sjálfsafgreiðslukerfi til að forskrá gögn eða fyrir framkvæmd landamæraeftirlits skal sannprófunin framkvæmd í sjálfsafgreiðslukerfinu.

2. Hafi gagnaskrá yfir viðkomandi ríkisborgara þriðja lands áður verið stofnuð skal landamærayfirvaldið, ef nauðsyn krefur:

- a) uppfæra þá gagnaskrá, nánar tiltekið gögnin sem um getur í 16., 17. og 18. gr. eftir því sem við á, og
- b) færa inn komuskráningu fyrir hverja komu og brottfararskráningu fyrir hverja brottför í samræmi við 16. og 17. gr. eða, eftir atvikum, skráningu á synjun um komu í samræmi við 18. gr.

Skráningarnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal tengja við gagnaskrá yfir viðkomandi ríkisborgara þriðja lands.

Eftir atvikum skal gögnunum, sem um getur í 1., 2., 4. og 5. mgr. 19. gr., bætt við komu-/brottfararskráningu viðkomandi ríkisborgara þriðja lands. Ferðaskilríkjum og kennum, sem ríkisborgari þriðja lands notar löglega, skal bætt við gagnaskrá hans.

Hafi gagnaskrá áður verið stofnuð yfir viðkomandi einstakling og ríkisborgari þriðja lands framvísar öðrum gildum ferðaskilríkjum en þeim sem áður voru skráð, skal einnig uppfæra gögnin, sem um getur í d-lið 1. mgr. 16. gr. og b-lið 1. mgr. 17. gr. í samræmi við 15. gr.

3. Þegar nauðsyn krefur, til að hægt sé að færa inn eða uppfæra komu- og brottfararskráningu handhafa vegabréfsáritunar, geta landamærayfirvöld sótt í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flutt inn í komu- og brottfararkerfið gögnin sem kveðið er á um í c- til f-lið 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar í samræmi við 8. gr. þessarar reglugerðar og 18. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008.

4. Hafi ríkisborgari þriðja lands ekki áður verið skráður í komu- og brottfararkerfið skal landamærayfirvaldið stofna gagnaskrá yfir hann með því að færa inn gögnin sem um getur í 1. og 6. mgr. 16. gr., 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. eftir því sem við á.

5. Noti ríkisborgari þriðja lands sjálfsafgreiðslukerfi til að forskrá gögn gildir 8. gr. a í reglugerð (ESB) 2016/399. Í því tilviki getur ríkisborgari þriðja lands forskráð gögnin fyrir gagnaskrána yfir hann eða, ef við á, þau gögn í komu- og brottfararskráningunni sem þarf að uppfæra. Landamærayfirvöld skulu staðfesta gögnin þegar ákvörðun hefur verið tekin um að heimila eða synja um komu í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/399. Sækja má gögnin sem talin eru upp í c- til f-lið 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flytja þau inn í komu- og brottfararkerfið.

6. Noti ríkisborgari þriðja lands sjálfsafgreiðslukerfi við landamæraeftirlit gildir 8. gr. b í reglugerð (ESB) 2016/399. Í því tilviki skal sjálfsafgreiðslukerfið annast sannprófunina, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

7. Þegar ríkisborgari þriðja lands notar rafrænt hlið til að fara yfir ytri landamærin eða innri landamæri þar sem eftirliti hefur enn ekki verið aflétt, gildir 8. gr. b í reglugerð (ESB) 2016/399. Í því tilviki skal samsvarandi skráning komu-/brottfararskráningar og tenging þeirrar skrár við viðkomandi gagnaskrá yfir einstaklinginn framkvæmd um rafræna hliðið.

8. Þegar stutt dvöl ríkisborgara þriðja lands sem er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis hefst strax á eftir dvöl á grundvelli dvalarleyfis eða vegabréfsáritunar til langrar dvalar og engin gagnaskrá yfir hann hefur áður verið stofnuð, getur sá ríkisborgari þriðja lands, með fyrirvara um 20. gr. þessarar reglugerðar og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399, farið fram á það við lögbæru yfirvöldin, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, að þau stofni gagnaskrá yfir viðkomandi einstakling og setji inn komu- og brottfararskráningu með því að færa inn gögnin sem um getur í 1., 2. og 6. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar. Í staðinn fyrir gögnin sem um getur í a-lið 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar skulu þessi lögbæru yfirvöld setja inn dagsetninguna þegar stutta dvölin hefst og í stað gagnanna, sem um getur í b-lið 2. mgr. 16. gr., skulu þeir setja inn heiti yfirvaldsins sem færði þessi gögn inn.

15. gr.

Andlitsmynd ríkisborgara þriðja lands

1. Ef stofna þarf gagnaskrá yfir einstakling eða uppfæra andlitsmynd, sem um getur í d-lið 1. mgr. 16. gr. og b-lið 1. mgr. 17. gr., skal taka andlitsmynd á staðnum.
2. Í undantekningartilvikum þar sem ekki er hægt að uppfylla forskriftir um gæði og upplausn fyrir skráningu andlitsmynda, sem tekin er á staðnum, inn í komu- og brottfararkerfið má þó, þrátt fyrir 1. mgr., taka andlitsmynd rafrænt af flögu rafrænna ferðaskilríkja á tölvulesanlegu formi (eMRTD). Í slíkum tilvikum skal ekki setja andlitsmyndina inn í gagnaskrá yfir viðkomandi einstakling fyrr en rafræn sannprófun hefur leitt í ljós að andlitsmyndin, sem skráð er á flögu rafrænu ferðaskilríkjanna á tölvulesanlegu formi, samsvari andlitsmyndinni sem tekin var á staðnum af viðkomandi ríkisborgara þriðja lands.
3. Hvert aðildarríki skal senda skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar einu sinni á ári um beitingu 2. mgr. Í skýrslunni skal koma fram sá fjöldi ríkisborgara þriðju landa sem um ræðir, auk skýringar á þeim undantekningartilvikum sem upp komu.
4. Upplausn og gæði andlitsmynda ríkisborgara þriðju landa skulu vera fullnægjandi til að hana megi nota til sjálfvirkrar lífkennamátunar.
5. Innan tveggja ára frá því að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun skal framkvæmdastjórnin útbúa skýrslu um gæðastig andlitsmynda sem geymdar eru í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og hvort það sé nægilegt fyrir lífkennamátun, í því skyni að nota andlitsmyndir, sem geymdar eru í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, á landamærum og á yfirráðasvæði aðildarríkjanna til að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun án þess að slíkar andlitsmyndir séu geymdar í komu- og brottfararkerfinu. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrsluna til Evrópuþingsins og ráðsins. Skýrslunni skulu fylgja, þar sem framkvæmdastjórnin telur það eiga við, tillögur að nýrri löggjöf, þ.m.t. tillögur að breytingum á þessari reglugerð, reglugerð (EB) nr. 767/2008 eða báðum, að því er varðar notkun andlitsmynda ríkisborgara þriðju landa sem geymdar eru í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í þeim tilgangi sem um getur í þessari málsgrein.

16. gr.

Persónuupplýsingar ríkisborgara þriðju landa sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun

1. Á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt skal landamærayfirvald stofna gagnaskrá yfir ríkisborgara þriðja lands sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun með því að færa inn eftirfarandi upplýsingar:
 - a) kenninafn, eiginnafrátt eða -nöfn, fæðingardag og -ár, ríkisfang, eitt eða fleiri, kyn,
 - b) tegund og númer ferðaskilríkja, einna eða fleiri, og þriggja stafa kóði útgáfulands ferðaskilríkjanna,
 - c) lokadagsetningu gildistíma ferðaskilríkjanna, einna eða fleiri,
 - d) andlitsmynd eins og um getur í 15. gr.
2. Við hverja komu ríkisborgara þriðja lands, sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun, um landamæri þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt skal færa eftirfarandi upplýsingar inn í komu-/brottfararskráningu:
 - a) komudag og -tíma,
 - b) landamærastöð komu og yfirvald sem heimilaði komuna,
 - c) eftir atvikum, stöðu viðkomandi ríkisborgara þriðja lands þar sem fram kemur að viðkomandi sé ríkisborgari þriðja lands sem:
 - i. er aðstandandi borgara Sambandsins, sem tilskipun 2004/38/EB gildir um, eða ríkisborgara þriðja lands, sem hefur jafngildan rétt til frjálsrar farar og borgarar Sambandsins samkvæmt samningi milli Sambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og þriðja lands hins vegar, og
 - ii. er ekki handhafi dvalarskírteinis samkvæmt tilskipun 2004/38/EB eða dvalarleyfis samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1030/2002,
 - d) númer vegabréfsáritunarmiða til stuttrar dvalar, þ.m.t. þriggja stafa kóða útgáfuaðildarríkisins, tegund vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar, lokadag hámarks lengdar dvalar sem vegabréfsáritun til stuttrar dvalar heimilar, sem skal uppfærður við hverja komu, og lokadagsetningu gildistíma vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar, eftir atvikum,
 - e) við fyrstu komu á grundvelli vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar, fjölda koma og lengd dvalar sem vegabréfsáritun til stuttrar dvalar heimilar og sem fram kemur á vegabréfsáritunarmiðanum til stuttrar dvalar,

- f) eftir atvikum, upplýsingar um að vegabréfsáritunin til stuttrar dvalar hafi verið gefin út með takmarkað gildissvæði skv. b-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009,
- g) hjá aðildarríkjum sem beita ekki Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækja komu- og brottfararkerfið, tilkynningu, eftir atvikum, um að ríkisborgari þriðja lands hafi notað landsbundna vegabréfsáritun til stuttrar dvalar fyrir komuna.

Komu-/brottfararskráningin sem um getur í fyrstu undirgrein skal tengd við gagnaskrá þess ríkisborgara þriðja lands með sérstöku tilvísunarnúmeri sem komu- og brottfararkerfið býr til við stofnun viðkomandi skrár.

3. Við hverja brottför ríkisborgara þriðja lands, sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun, um landamæri þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt skal færa eftirfarandi upplýsingar inn í komu-/brottfararskráningu:

- a) brottfarardag og -tíma,
- b) landamærastöð brottfarar.

Ef ríkisborgari þriðja lands notar aðra vegabréfsáritun en þá sem skráð var í síðustu brottfararskráningu skal uppfæra upplýsingarnar í komu-/brottfararskráningunni, sem taldar eru upp í d- til g-lið 2. mgr., með viðeigandi hætti.

Komu-/brottfararskráningin sem um getur í fyrstu undirgrein skal tengd gagnaskrá yfir þann ríkisborgara þriðja lands.

4. Ef engar brottfararupplýsingar eru skráðar strax á eftir dagsetningunni þegar heimiluð dvöl fellur úr gildi skal komu- og brottfararkerfið setja merki við komu-/brottfararskráninguna og upplýsingar ríkisborgara þriðja lands, sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun og sem greindur hefur verið sem einstaklingur sem dvalið hefur fram yfir heimilaða dvöl, skulu færðar í skrána sem um getur í 12. gr.

5. Til þess að færa inn eða uppfæra komu-/brottfararskráningu ríkisborgara þriðja lands sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun er landamærayfirvaldinu heimilt, í samræmi við 18. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008, að sækja gögnin sem kveðið er á um í c- til f-lið 2. mgr. þessarar greinar í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flytja þær inn í komu- og brottfararkerfið.

6. Þegar ríkisborgari þriðja lands nýtur góðs af landsbundinni áætlun aðildarríkis um að greiða fyrir för fólks yfir landamæri, í samræmi við 8. gr. d í reglugerð (ESB) 2016/399, skal viðkomandi aðildarríki setja tilkynningu í gagnaskrána yfir hann þar sem landsbundin áætlun viðkomandi aðildarríkis um að greiða fyrir för fólks yfir landamæri er tilgreind.

7. Sértæku ákvæðin, sem sett eru fram í II. viðauka, skulu gilda um ríkisborgara þriðju landa sem fara yfir landamæri á grundvelli gilda skjals til að greiða fyrir gegnumferð.

17. gr.

Persónuupplýsingar ríkisborgara þriðju landa sem eru undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun

1. Landamærayfirvaldið skal stofna gagnaskrá yfir ríkisborgara þriðju landa sem undanþegnir eru kvöð um vegabréfsáritun með því að færa inn eftirfarandi:

- a) upplýsingarnar sem koma fram í a-, b- og c-lið 1. mgr. 16. gr.,
- b) andlitsmynd, eins og um getur í 15. gr.,
- c) fingrafaraupplýsingar af fingrum hægri handar, ef þeir eru fyrir hendi, en annars samsvarandi fingrafaraupplýsingar af fingrum vinstri handar; fingrafaraupplýsingarnar skulu vera í nægilegri upplausn og af nægilegum gæðum til að þær megi nota til sjálfvirkar lífkennamátunar,
- d) eftir atvikum, upplýsingarnar sem kveðið er á um í 6. mgr. 16. gr.

2. Ákvæði a-, b- og c-liðar 2. mgr. 16. gr., a- og b-liðar 3. mgr. 16. gr. og 4. mgr. 16. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um ríkisborgara þriðju landa sem eru undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun.

3. Börn undir 12 ára aldri skulu undanþegin þeirri kvöð að láta taka fingraför sín:

4. Einstaklingar sem ekki er hægt að taka fingraför af vegna líkamlegra orsaka skulu undanþegnir þeirri kvöð að láta taka fingraför sín.

Séu líkamlegu orsakirnar hins vegar tímabundnar skal það skráð í komu- og brottfararkerfið og þess krafist að fingraför einstaklingsins verði tekin við brottför eða næstu komu. Þessum upplýsingum skal eytt úr komu- og brottfararkerfinu þegar fingraförin hafa verið tekin. Landamærayfirvöld skulu eiga rétt á að krefjast frekari skýringa á ástæðum þess að tímabundið sé ekki hægt að taka fingraför. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi verklag til að tryggja að einstaklingurinn haldi virðingu sinni þótt erfiðleikar komi upp við töku fingrafara.

5. Sé viðkomandi einstaklingur undanþeginn þeirri kvöð að láta taka fingraför sín skv. 3. eða 4. mgr. skal setja „á ekki við“ í viðeigandi upplýsingareit.

18. gr.

Persónuupplýsingar ríkisborgara þriðju lands sem synjað hefur verið um komu

1. Þegar landamærayfirvald hefur tekið ákvörðun, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 og V. viðauka við hana, um að synja ríkisborgara þriðja lands um komu til stuttrar dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og engin gagnaskrá yfir hann hefur áður verið stofnuð í komu- og brottfararkerfinu fyrir hann skal landamærayfirvaldið stofna gagnaskrá yfir hann og færa í hana:

- a) þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju lands sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun, alstafagögnin sem krafist er skv. 1. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar og, eftir því sem við á, upplýsingarnar sem um getur í 6. mgr. 16. gr. hennar,
- b) þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju lands sem undanþegnir eru kvöð um vegabréfsáritun, alstafagögnin sem krafist er skv. 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar.

2. Þegar ríkisborgara þriðja lands er synjað um komu af ástæðu sem samsvarar B, D-, eða H-lið í B-hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/399 og engin skrá með lífkennum hefur áður verið skráð í komu- og brottfararkerfið fyrir hann skal landamærayfirvaldið stofna gagnaskrá yfir hann og færa í hana tilskilin alstafagögn skv. 1. mgr. 16. gr. eða 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á, auk eftirfarandi gagna:

- a) þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju lands sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun, andlitsmyndina sem um getur í d-lið 1. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar,
- b) þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju lands sem undanþegnir eru kvöð um vegabréfsáritun, lífkennaupplýsingarnar sem krafist er skv. b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar,
- c) þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju lands sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun og eru ekki skráðir í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, andlitsmyndina sem um getur í d-lið 1. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar og fingrafaraupplýsingar eins og um getur í c-lið 1. mgr. 17. gr. hennar.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar, skulu lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðja lands ekki færðar inn í komu- og brottfararkerfið þegar ástæðan sem samsvarar H-lið í B-hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/399 á við og lífkennaupplýsingar hans er að finna í skráningunni í Schengen-upplýsingakerfinu sem leiðir til þess að synjað er um komu.

4. Þegar ríkisborgara þriðja lands er synjað um komu af ástæðu sem samsvarar I-lið í B-hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/399 og engin skrá með lífkennum hefur áður verið skráð í komu- og brottfararkerfið fyrir hann skal því aðeins færa lífkennaupplýsingar hans inn í komu- og brottfararkerfið að synjað hafi verið um komu vegna þess að hann er talinn vera ógn við innra öryggi, þ.m.t., þar sem við á, við þætti er varða allsherjarreglu.

5. Þegar ríkisborgara þriðja lands er synjað um komu af ástæðu sem samsvarar J-lið í B-hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/399 skal landamærayfirvaldið stofna gagnaskrá yfir hann án þess að bæta við lífkennaupplýsingum. Ef viðkomandi ríkisborgari þriðja lands er handhafi rafrænna ferðaskilríkja á tölvulesanlegu formi skal andlitsmyndin tekin af þeim.

6. Þegar landamærayfirvald hefur tekið ákvörðun, í samræmi við 14. gr. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/399, um að synja ríkisborgara þriðja lands um komu til stuttrar dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna skulu eftirtaldar upplýsingar færðar inn í sérstaka skráningu um synjun um komu:

- a) dagsetning og tími synjunar um komu,
- b) landamærastöðin,
- c) yfirvaldið sem synjaði um komu,
- d) til hvaða liðar eða liða, skv. B-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/399, ástæða synjunar um komu svarar.

Auk þess skulu gögnin, sem kveðið er á um í d- til g-lið 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar, færðar inn í skráningu á synjun um komu þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju lands sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun.

Til þess að stofna eða uppfæra skráningu á synjun um komu ríkisborgara þriðju lands sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun er lögbæru landamærayfirvaldi heimilt, í samræmi við 18. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008, að sækja gögnin sem kveðið er á um í d-, e- og f-lið 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flytja þau inn í komu- og brottfararkerfið.

7. Skráningin á synjun um komu sem um getur í 6. mgr. skal tengd við gagnaskrána yfir viðkomandi ríkisborgara þriðja lands.

*19. gr.***Viðbótarupplýsingar við afturköllun, ógildingu
eða framlengingu leyfis til stuttrar dvalar**

1. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að afturkalla eða ógilda heimild til stuttrar dvalar eða vegabréfsáritun eða framlengja gildistíma heimilaðrar dvalar eða vegabréfsáritunar skal lögbæra yfirvaldið sem tók ákvörðunina bæta eftirfarandi upplýsingum við síðustu viðkomandi komu-/brottfararskráningu:

- a) upplýsingum um stöðu, sem gefa til kynna að heimild til stuttrar dvalar eða vegabréfsáritun hefur verið afturkölluð eða ógilt eða að gildistími heimilaðrar dvalar eða vegabréfsáritunar hefur verið framlengdur,
- b) hvaða yfirvald afturkallaði eða ógilti heimildina til stuttrar dvalar eða vegabréfsáritunar eða framlengdi gildistíma heimilaðrar dvalar eða vegabréfsáritunar,
- c) stað og dagsetningu ákvörðunarinnar um að afturkalla eða ógilda heimildina til stuttrar dvalar eða vegabréfsáritunar eða um að framlengja gildistíma heimilaðrar dvalar eða vegabréfsáritunar,
- d) eftir atvikum, númeri nýja vegabréfsáritunarmiðans, þ.m.t. þriggja stafa kóða útgáfulandsins,
- e) eftir atvikum, framlengingartímabili heimilaðrar dvalar,
- f) eftir atvikum, nýrri lokadagsetningu heimilaðrar dvalar eða vegabréfsáritunar.

2. Þegar heimiluð dvöl hefur verið framlengd í samræmi við 2. mgr. 20. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins skal lögbæra yfirvaldið sem framlengdi dvölinu bæta upplýsingum um framlengingartímabil heimilaðrar dvalar við síðustu viðeigandi komu-/brottfararskráningu og, eftir atvikum, upplýsingum um að heimiluð dvöl hafi verið framlengd í samræmi við b-lið 2. mgr. 20. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins.

3. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að ógilda, afturkalla eða framlengja vegabréfsáritun skal yfirvaldið, sem tók ákvörðunina, þegar í stað sækja upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flytja þær beint inn í komu- og brottfararkerfið í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

4. Í komu-/brottfararskráningunni skal greina frá ástæðunni fyrir afturköllun eða ógildingu stuttrar dvalar sem geta verið:

- a) endursendingarákvörðun sem tekin er skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB ⁽⁴⁰⁾,
- b) önnur ákvörðun sem lögbær yfirvöld aðildarríkis taka í samræmi við landslög sem leiðir til endursendingar ríkisborgara þriðja lands, sem uppfyllir ekki eða uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir komu inn á eða dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, brottflutnings hans eða brottfarar af frjálsum vilja.

5. Í komu-/brottfararskráningunni skal greina frá ástæðu framlengingar heimilaðrar dvalar.

6. Þegar einstaklingur hefur yfirgefið eða verið fluttur brott af yfirráðasvæði aðildarríkjanna samkvæmt ákvörðun sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar skal lögbært yfirvald færa upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 14. gr. inn í komu-/brottfararskráninguna sem tengist þeirri tilteknu komu.

*20. gr.***Viðbótarupplýsingar þegar hrakin er sú ályktun að ríkisborgari þriðja lands
uppfylli ekki skilyrði um lengd heimilaðrar dvalar**

Ef engin gagnaskrá hefur verið stofnuð í komu- og brottfararkerfinu yfir ríkisborgara þriðja lands sem er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis eða ef engin síðasta viðkomandi komu- og brottfararskráning er til fyrir hann geta lögbær yfirvöld, þrátt fyrir 22. gr., ályktað að viðkomandi ríkisborgari þriðja lands uppfylli ekki eða uppfylli ekki lengur skilyrðin um lengd heimilaðrar dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Í því tilviki sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar skal 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 gilda og ef ályktunin er hrakin í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar skulu lögbær yfirvöld:

- a) stofna gagnaskrá yfir þann ríkisborgara þriðja lands í komu- og brottfararkerfinu ef nauðsyn krefur,
- b) uppfæra síðustu komu-/brottfararskráningu með því að færa inn þau gögn sem vantar í samræmi við 16. og 17. gr. þessarar reglugerðar eða
- c) eyða skrá sem fyrir er ef það er heimilt samkvæmt 35. gr. þessarar reglugerðar.

21. gr.

Varaaðferðir þegar það reynist tæknilega ómögulegt að færa inn gögn eða ef komu- og brottfararkerfið bilar.

1. Ef það reynist tæknilega ómögulegt að færa gögn inn í miðlæga komu- og brottfararkerfið eða ef miðlæga komu- og brottfararkerfið bilar skulu upplýsingarnar sem um getur í 16.–20. gr. geymdar tímabundið í samræmda landsbundna skilfletinum. Ef það er ekki hægt skulu upplýsingarnar geymdar tímabundið á staðnum í rafrænu formi. Í báðum tilvikum skulu gögnin færð inn í miðlæga komu- og brottfararkerfið um leið og tækniörðugleikarnir eða bilunin hefur verið lagfærð. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir og nota tilskilin grunnvirki, búnað og tilföng til að tryggja að grípa megir til slíkrar tímabundinnar geymslu á staðnum hvenær sem er og á öllum landamærastöðvum sínum.

2. Með fyrirvara um þá skyldu að láta fara fram landamæraeftirlit skv. reglugerð (ESB) 2016/399 skal landamærayfirvaldið, ef þær óvenjulegu aðstæður koma upp að tæknilega ómögulegt reynist að færa inn gögn bæði í miðlæga komu- og brottfararkerfið og í samræmda landsbundna skilflötinn og tæknilega ómögulegt reynist að geyma upplýsingar á staðnum tímabundið í rafrænu formi, geyma upplýsingarnar, sem um getur í 16.–20. gr. þessarar reglugerðar, handvirkt, að undanskildum lífkennaupplýsingum, og setja komu- eða brottfararstimpil í ferðaskilríki viðkomandi ríkisborgara þriðja lands. Þessi gögn skulu færð inn í miðlæga komu- og brottfararkerfið eins fljótt og það er tæknilega mögulegt.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um að ferðaskilríki hafi verið stimpluð ef upp koma þær óvenjulegu aðstæður sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerðir varðandi ítarlegar reglur um upplýsingar sem veita á framkvæmdastjórninni. Samþykka skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

3. Í komu- og brottfararkerfinu skal koma fram að upplýsingarnar, sem um getur í 16.–20. gr., hafi verið færðar inn með varaaðferð og að lífkennaupplýsingar vanti í gagnaskrá yfir einstaklinginn, sem stofnuð var skv. 2. mgr. þessarar greinar. Lífkennaupplýsingarnar skulu færðar inn í komu- og brottfararkerfið á næstu landamærastöð.

22. gr.

Umbreytingartímabil og umbreytingarráðstafanir

1. Til að sannprófa við komu og brottför að ríkisborgarar þriðju landa, sem heimiluð hefur verið stutt dvöl, hafi ekki farið fram yfir hámarks lengd heimilaðrar dvalar og, ef við á, sannprófa við komu að ríkisborgarar þriðju landa hafi ekki farið yfir þann fjölda koma sem vegabréfsáritun til stuttrar dvalar, sem gefin er út fyrir eina eða tvær komur, heimilar, skulu lögbær yfirvöld, á 180 daga tímabili eftir að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun, taka tillit til dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna næstu 180 daga á undan komu eða brottför með því að kanna stimpla í ferðaskilríkjum auk komu- og brottfararupplýsinga sem skráðar eru í komu- og brottfararkerfið.

2. Ef ríkisborgari þriðja lands kemur inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun og fer þaðan eftir að það er tekið í notkun skal gagnaskrá yfir hann stofnuð við brottför hans og sá dagur, sem stimplaður er í vegabréfið, skráður sem komudagur í komu-/brottfararskráningunni í samræmi við 2. mgr. 16. gr. Þessi regla takmarkast ekki við 180 daga eftir að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Ef misræmi er milli komustimpils og upplýsinga í komu- og brottfararkerfinu skal stimpillinn ráða.

23. gr.

Notkun upplýsinga til sannprófunar á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt

1. Landamærayfirvöld skulu hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu til að sannprófa deili á ríkisborgurum þriðju landa og hvort þeir hafa þegar verið skráðir í kerfið, til að uppfæra upplýsingar í komu- og brottfararkerfinu ef nauðsyn krefur og til að fletta upp upplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að geta sinnt landamæraeftirliti.

2. Við framkvæmd þeirra verkefna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu landamærayfirvöld hafa aðgang til leitar á grundvelli þeirra gagna sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 16. gr. og a-lið 1. mgr. 17. gr.

Í þeim tilgangi að fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir til sannprófunar, í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, skulu landamærayfirvöld auk þess, að því er varðar ríkisborgara þriðju landa sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun, setja af stað leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir beint úr komu- og brottfararkerfinu með sömu alstafagögnum eða, eftir atvikum, fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 3. mgr. í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

Leiði leit í komu- og brottfararkerfinu, á grundvelli upplýsinganna sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sé að finna í komu- og brottfararkerfinu, skulu landamærayfirvöld bera saman andlitsmynd viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sem tekin er á staðnum við andlitsmyndina sem um getur í d-lið 1. mgr. 16. gr. og b-lið 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar eða, ef um er að ræða ríkisborgara þriðju landa sem undanþegnir er kvöð um vegabréfsáritun, sannprófa fingraför í komu- og brottfararkerfinu og, ef um er að ræða ríkisborgara þriðju landa sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun, sannprófa fingraför beint í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008. Til að sannprófa fingraför handhafa vegabréfsáritunar í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir geta landamærayfirvöld sett af stað leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir beint úr komu- og brottfararkerfinu, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

Takist sannprófun andlitsmyndarinnar ekki skal framkvæma sannprófun á grundvelli fingrafara og öfugt.

3. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sé að finna í komu- og brottfararkerfinu, skal landamærayfirvöldum veittur aðgangur til að fletta upp upplýsingum í gagnaskránni yfir þann ríkisborgara þriðja lands og í komu-/brottfararskráningu eða -skráningum eða skráningu eða skráningum á synjun um komu sem henni tengjast.

4. Ef leit á grundvelli alstafagagna, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, leiðir í ljós að gögn um ríkisborgara þriðja lands sé ekki að finna í komu- og brottfararkerfinu, ef sannprófun á viðkomandi ríkisborgara þriðja lands skv. 2. mgr. þessarar greinar ber ekki árangur eða ef vafi leikur á því hver ríkisborgari þriðja lands er skulu landamærayfirvöld hafa aðgang að upplýsingum til að bera á hann kennsl í samræmi við 27. gr. þessarar reglugerðar til að búa til eða uppfæra gagnaskrá í samræmi við 14. gr. þessarar reglugerðar.

Til viðbótar við kennslaggreiningu eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar gilda eftirfarandi ákvæði:

- a) leiði leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 í ljós, að því er varðar ríkisborgara þriðja lands sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritanir, að gögn um hann sé að finna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal fara fram sannprófun á fingraförum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 5. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008. Í þessu skyni er landamærayfirvaldinu heimilt að setja af stað leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir úr komu- og brottfararkerfinu, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008. Ef sannprófun á ríkisborgara þriðja lands skv. 2. mgr. þessarar greinar tekst ekki skulu landamærayfirvöldin hafa aðgang að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir til kennslaggreiningar í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008,
- b) þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju landa sem ekki falla undir kvöð um vegabréfsáritun og engin gögn hafa fundist um í komu- og brottfararkerfinu eftir að kennslaggreining var reynd í samræmi við 27. gr. þessarar reglugerðar, skal fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 19. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008. Landamærayfirvaldinu er heimilt að setja af stað leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir úr komu- og brottfararkerfinu eins og kveðið er á um í 19. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008.

5. Þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju landa sem eru þegar skráðir í komu- og brottfararkerfið, en gagnaskrár yfir þá voru stofnaðar í kerfinu af aðildarríki sem ekki beitir Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækir komu- og brottfararkerfið og upplýsingar um viðkomandi voru færðar inn í komu- og brottfararkerfið á grundvelli landsbundinnar vegabréfsáritun til stuttrar dvalar, skulu landamærayfirvöld fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 4. mgr. þegar viðkomandi ríkisborgari þriðja lands reynir í fyrsta sinn eftir stofnun gagnaskrárinnar yfir hann að fara yfir landamæri aðildarríkis sem beitir Schengen-réttarreglunum að fullu og starfrækir komu- og brottfararkerfið.

III. KAFLI

NOTKUN ANNARRA YFIRVALDA Á KOMU- OG BROTTFARARKERFINU

24. gr.

Notkun komu- og brottfararkerfisins við meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og ákvarðanatöku varðandi þær

1. Yfirvöld sem gefa út vegabréfsáritanir skulu fletta upp í komu- og brottfararkerfinu við meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og ákvarðanatökur varðandi þær, þ.m.t. ákvarðanir um að ógilda, afturkalla eða framlengja gildistíma útgefinnar vegabréfsáritunar, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 810/2009.

Auk þess skulu yfirvöld sem gefa út vegabréfsáritanir í aðildarríki, sem ekki beitir Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækir komu- og brottfararkerfið, fletta upp í komu- og brottfararkerfinu við

meðferð umsókna um landsbundnar vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar og ákvarðanatöku varðandi þær, þ.m.t. ákvarðanir um að ógilda, afturkalla eða framlengja gildistíma útgefinnar landsbundinnar vegabréfsáritunar til stuttrar dvalar.

2. Yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir skal veittur aðgangur til að leita í komu- og brottfararkerfinu beint úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir á grundvelli eftirfarandi atriða, eins eða fleiri:

- a) upplýsinganna sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 16. gr.,
- b) númers vegabréfsáritunarmiða til stuttrar dvalar, þ.m.t. þriggja stafa kóða útgáfuaðildarríkisins sem um getur í d-lið 2. mgr. 16. gr.,
- c) fingrafaraupplýsinga eða fingrafaraupplýsinga ásamt andlitsmynd.

3. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sé að finna í komu- og brottfararkerfinu skal yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir veittur aðgangur til að fletta upp í upplýsingum í gagnaskrá þess ríkisborgara þriðja lands og í komu-/brottfararskráningum auk skráninga á synjun um komu sem henni kunna að tengjast. Yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir skal veittur aðgangur til að fletta upp í sjálfvirku reiknivélinni til að kanna hámarkstímann sem eftir er af heimilaðri dvöl. Yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir skal einnig veittur aðgangur til að fletta upp í komu- og brottfararkerfinu og sjálfvirku reiknivélinni við meðferð nýrra umsókna um vegabréfsáritanir og ákvarðanatöku varðandi þær, til að finna út hámarkstíma heimilaðrar dvalar með sjálfvirkum hætti.

4. Yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir í aðildarríki, sem ekki beitir Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækir komu- og brottfararkerfið, skal veittur aðgangur til leitar í komu- og brottfararkerfinu á grundvelli eins eða fleiri atriða sem um getur í 2. mgr. Leiði leitin í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sé að finna í komu- og brottfararkerfinu skal þeim veittur aðgangur til að fletta upp í upplýsingum í gagnaskrá þess ríkisborgara þriðja lands og í komu-/brottfararskráningum auk skráninga á synjun um komu sem henni kunna að tengjast. Yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir í aðildarríki, sem ekki beitir Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem starfrækir komu- og brottfararkerfið, skal veittur aðgangur að sjálfvirku reiknivélinni til að finna út hámarkstímann sem er eftir af heimilaðri dvöl. Yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir skal einnig veittur aðgangur til að fletta upp í komu- og brottfararkerfinu og nota sjálfvirku reiknivélina við meðferð nýrra umsókna um vegabréfsáritanir og ákvarðanatöku varðandi þær til að finna út hámarkstíma heimilaðrar dvalar.

25. gr.

Notkun komu- og brottfararkerfisins við meðferð umsókna um aðgang að landsbundnum áætlunum um að greiða fyrir för fólks yfir landamæri

1. Lögbæru yfirvöldin sem um getur í 8. gr. d í reglugerð (ESB) 2016/399 skulu fletta upp í komu- og brottfararkerfinu við meðferð umsókna um aðgang að landsbundnum áætlunum um að greiða fyrir för fólks yfir landamæri sem um getur í þeirri grein og við ákvarðanatöku varðandi þessar umsóknir, þ.m.t. ákvarðanir um að synja um, afturkalla eða framlengja gildistíma aðgangs að landsbundnum áætlunum um að greiða fyrir för fólks yfir landamæri í samræmi við þá grein.

2. Lögbærum yfirvöldum skal veittur aðgangur til leitar á grundvelli eftirfarandi atriða, eins eða fleiri:

- a) upplýsinganna sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 16. gr. eða upplýsinganna sem um getur í a-lið 1. mgr. 17. gr.,
- b) fingrafaraupplýsinga eða fingrafaraupplýsinga ásamt andlitsmynd.

3. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sé að finna í komu- og brottfararkerfinu skal lögbæru yfirvaldi veittur aðgangur til að fletta upp í upplýsingum í gagnaskrá yfir þann ríkisborgara þriðja lands og í komu-/brottfararskráningum, auk skráninga á synjun um komu sem henni kunna að tengjast.

26. gr.

Aðgangur að upplýsingum til sannprófunar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna

1. Í því skyni að sannprófa deili á ríkisborgara þriðja lands, eða kanna eða sannprófa hvort skilyrði fyrir komu til eða dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkjanna séu uppfyllt, eða hvoru tveggja, skulu innflytjendayfirvöld aðildarríkjanna hafa aðgang til leitar á grundvelli upplýsinganna sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 16. gr. og a-lið 1. mgr. 17. gr.

Leiði leitin í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sé að finna í komu- og brottfararkerfinu geta innflytjendayfirvöld:

- a) borið saman andlitsmynd viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sem tekin er á staðnum við andlitsmyndina sem um getur í d-lið 1. mgr. 16. gr. og b-lið 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar eða
- b) sannprófað fingraför ríkisborgara þriðja lands, sem undanþeginn er kvöð um vegabréfsáritun, í komu- og brottfararkerfinu og ríkisborgara þriðja lands, sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun, í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

2. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sé að finna í komu- og brottfararkerfinu skal innflytjendayfirvöldunum veittur aðgangur til að nota sjálfvirku reiknivélina og leita í upplýsingum í gagnaskrá yfir þann ríkisborgara þriðja lands, komu-/brottfararskráningu eða -skráningum og skráningum á synjun um komu sem henni kunna að tengjast.

3. Ef leit á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar leiðir í ljós að gögn um ríkisborgara þriðja lands sé ekki að finna í komu- og brottfararkerfinu, ef ekki tekst að sanna deili á viðkomandi ríkisborgara þriðja lands eða vafi leikur á því hver ríkisborgari þriðja lands er skulu innflytjendayfirvöld hafa aðgang að upplýsingum til að bera kennsl á hann í samræmi við 27. gr. þessarar reglugerðar.

27. gr.

Aðgangur að upplýsingum til kennslagreiðingar

1. Landamærayfirvöld eða innflytjendayfirvöld skulu hafa aðgang til að leita á grundvelli fingrafaraupplýsinga eða fingrafaraupplýsinga ásamt andlitsmynd, í þeim tilgangi einum að bera kennsl á ríkisborgara þriðja lands sem kann að hafa verið skráður áður inn í komu- og brottfararkerfið undir öðru nafni eða sem ekki uppfyllir eða uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir komu til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna eða til að dvelja þar.

Leiði leit á grundvelli fingrafaraupplýsinga eða fingrafaraupplýsinga ásamt andlitsmynd í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands er ekki að finna í komu- og brottfararkerfinu skal aðgangur að gögnum til kennslagreiðingar fara fram í gegnum upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008. Á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt skulu lögbær yfirvöld, áður en kennslagreiðing fer fram í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, fyrst leita í því kerfi í samræmi við 18. gr. eða 19. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008.

Ef ekki er hægt að nota fingraför viðkomandi ríkisborgara þriðja lands eða leit á grundvelli fingrafaraupplýsinga eða fingrafaraupplýsinga ásamt andlitsmynd ber ekki árangur skal leitað á grundvelli allra eða einhverra af þeim upplýsingum sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr. og í 1. mgr. 17. gr.

2. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. í ljós að gögn um viðkomandi ríkisborgara þriðja lands sé að finna í komu- og brottfararkerfinu skal lögbæru yfirvaldi veittur aðgangur til að fletta upp í upplýsingum í gagnaskrá yfir þann ríkisborgara þriðja lands og í komu-/brottfararskráningum og skráningum á synjun um komu sem henni kunna að tengjast.

28. gr.

Geymsla gagna sem sótt hafa verið í komu- og brottfararkerfið

Aðeins er heimilt að geyma gögn, sem sótt hafa verið í komu- og brottfararkerfið í samræmi við þennan kafla, í landsskrám þegar það er nauðsynlegt í einstaka málum, í samræmi við tilganginn með því að sækja þau og í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins, þ.m.t. um persónuvernd, og ekki lengur en bráðnauðsynlegt er í hverju máli fyrir sig.

IV. KAFLI

VERKLAGSREGLUR UM OG SKILYRÐI FYRIR AÐGANGI AÐ KOMU- OG BROTTFARARKERFINU Í LÖGGÆSLUTILGANGI

29. gr.

Tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu tilgreina þau yfirvöld sem eiga rétt á að fletta upp í gögnum í komu- og brottfararkerfinu til að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknæð.

2. Hvert aðildarríki skal halda skrá yfir tilnefnd yfirvöld. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni- og framkvæmdastjórninni um tilnefnd yfirvöld sín og er hvenær sem er heimilt að breyta tilkynningu sinni eða senda nýja í hennar stað.

3. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna miðlæga aðgangsstöð sem skal hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu. Miðlæga aðgangsstöðin skal sannprófa hvort skilyrðum fyrir því að biðja um aðgang að komu- og brottfararkerfinu, sem um getur í 32. gr., sé fullnægt.

Tilnefnda yfirvaldið og miðlæga aðgangsstöðin geta verið hluti af sömu stofnun ef það er heimilt að landslögum en miðlæga aðgangsstöðin skal vera að öllu leyti óháð tilnefndu yfirvöldunum við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð. Miðlæga aðgangsstöðin skal vera aðskilin frá tilnefndu yfirvöldunum og ekki taka við fyrirmælum frá þeim að því er varðar niðurstöðu sannprófunarinnar sem hún skal framkvæma sjálfstætt.

Aðildarríkin geta tilnefnt fleiri en eina miðlæga aðgangsstöð til að endurspegla stjórnskipulag sitt og uppfylla stjórnskipuleg eða lagaleg skilyrði.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og framkvæmdastjórninni um miðlægar aðgangsstöðvar sínar og er hvenær sem er heimilt að breyta tilkynningu sinni eða senda nýja í hennar stað.

5. Sérhvert aðildarríki skal halda skrá á landsvísu yfir þær starfseiningar tilnefndra yfirvalda sem er heimilt að fara fram á aðgang að komu- og brottfararkerfinu gegnum miðlægar aðgangsstöðvar.

6. Aðeins starfsmönnum miðlægu aðgangsstöðvanna með tilskilið umboð skal vera heimill aðgangur að komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 31. og 32. gr.

30. gr.

Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins

1. Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins skal tilnefna eina af starfseiningum sínum sem „tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar“ og heimila því að fara fram á aðgang að komu- og brottfararkerfinu í gegnum miðlæga aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar, sem um getur í 2. mgr., til að styðja við og styrkja aðgerðir aðildarríkjanna við að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað.

2. Löggæslusamvinnustofnunin skal tilnefna sérdeild með starfsmönnum sínum, sem hafa tilskilið umboð, sem miðlæga aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar. Miðlæga aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar skal sannprófa hvort skilyrðum til þess að biðja um aðgang að komu- og brottfararkerfinu, sem um getur í 33. gr., sé fullnægt.

Miðlæga aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar skal starfa óháð að framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð og ekki taka við fyrirmælum frá tilnefndu yfirvaldi Löggæslustofnunarinnar að því er varðar niðurstöðu sannprófunarinnar.

31. gr.

Verklagsreglur um aðgang að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi

1. Starfseining, eins og um getur í 5. mgr. 29. gr., skal leggja fram rökstudda rafræna eða skriflega beiðni til miðlægrar aðgangsstöðvar, eins og um getur í 3. mgr. 29. gr., um aðgang að gögnum í komu- og brottfararkerfinu. Miðlæga aðgangsstöðin skal, við viðtöku aðgangsbeiðni, sannprófa hvort skilyrðum fyrir aðgangi, sem um getur í 32. gr., sé fullnægt. Sé skilyrðunum fyrir aðgangi fullnægt skal miðlæga aðgangsstöðin afgreiða beiðnina. Senda skal gögnin úr komu- og brottfararkerfinu, sem aðgangur var veittur að, til starfseiningarinnar, sem um getur í 5. mgr. 29. gr., með þeim hætti að öryggi þeirra sé ekki stofnað í hættu.

2. Í neyðartilvikum, þar sem koma þarf í veg fyrir að mannlíf sé í yfirvofandi hættu í tengslum við hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, skal miðlæga aðgangsstöð, eins og um getur í 3. mgr. 29. gr., taka beiðnina til afgreiðslu þegar í stað og sannreyna eftir á hvort öllum skilyrðum 32. gr. hafi verið fullnægt, þ.m.t. hvort um neyðartilvik hafi í raun verið að ræða. Sannprófunin sem fer fram eftir á, skal framkvæmd tafarlaust og eigi síðar en sjö dögum eftir að beiðnin hefur verið afgreidd.

3. Leiði sannprófun eftir á í ljós að aðgangur að gögnum í komu- og brottfararkerfinu sé ekki réttlætanlegur skulu öll yfirvöld, sem fengu aðgang að slíkum gögnum, eyða upplýsingunum sem aðgangur fékkst að í komu- og brottfararkerfinu og tilkynna viðkomandi miðlægri aðgangsstöð aðildarríkisins, þar sem beiðnin var lögð fram, um slíka eyðingu.

32. gr.

Skilyrði fyrir aðgangi tilnefndra yfirvalda að komu- og brottfararkerfinu

1. Tilnefnd yfirvöld mega hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a) uppflettiaðgangur er nauðsynlegur til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan, alvarlegan refsiverðan verknað,
- b) uppflettiaðgangur er nauðsynlegur og hlutfallslega réttur í tilteknu tilviki,
- c) fyrir hendi eru sönnunargögn eða gildar ástæður til að ætla að uppfletting gagna í komu- og brottfararkerfinu muni stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka einhvern þeirra refsiverðu verknaða sem um er að ræða, einkum þegar rökstuddur grunur er um að hinn grunaði, gerandinn eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar falli undir flokk sem þessi reglugerð tekur til.

2. Aðgangur að komu- og brottfararkerfinu sem tæki til að bera kennsl á óþekktan grunaðan einstakling, geranda eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar skal vera heimill að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum, auk skilyrðanna sem talin eru upp í 1. mgr.:

- a) að leit hafi þegar farið fram í landsbundnum gagnagrunnum og
- b) ef um er að ræða leit á grundvelli fingrafara, að leit hafi þegar verið sett af stað í sjálfvirku fingrafara-greiningarkerfi hinna aðildarríkjanna samkvæmt ákvörðun 2008/615/DIM, þar sem samanburður fingrafara er tæknilega mögulegur, og að leitinni sé annaðhvort lokið eða ekki að fullu lokið innan tveggja daga frá því að hún var sett af stað.

Viðbótarskilyrðin í a- og b-lið fyrstu undirgreinar eiga þó ekki við ef gildar ástæður eru til að ætla að samanburður við kerfi hinna aðildarríkjanna muni ekki leiða til þess að sannprófa deili á skráða aðilanum eða í neyðartilviki þar sem koma þarf í veg fyrir að mannlíf sé í yfirvofandi hættu í tengslum við hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað. Tilgreina skal þessar gildu ástæður í rafrænu eða skriflegu beiðninni sem starfseining tilnefnda yfirvaldsins sendir miðlægu aðgangsstöðinni.

Samhliða beiðni um að fletta upp í komu- og brottfararkerfinu má leggja fram beiðni um að fletta upp sama skráða aðila í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við skilyrði ákvörðunar ráðsins 2008/633/DIM⁽⁴¹⁾.

3. Aðgangur að komu- og brottfararkerfinu sem tæki til að skoða ferðasögu þekkts grunaðs einstaklings, geranda eða einstaklings, sem grunur leikur á að sé fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar, eða dvalartímabilum hans á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, skal vera heimill að uppfylltum þeim skilyrðum sem talin eru upp í 1. mgr.

4. Uppfletting í komu- og brottfararkerfinu til kennslaggreiningar, eins og um getur í 2. mgr., skal takmarkast við leit í gagnaskránni yfir einstakling á grundvelli eftirfarandi upplýsinga í komu- og brottfararkerfinu:

- a) fingrafara ríkisborgara þriðja lands, sem er undanþeginn kvöð um vegabréfsáritun, eða handhafa skjals til að greiða fyrir gegnumferð. Nota má vettvangsför til að hefja uppflettinguna í komu- og brottfararkerfinu og þau má því bera saman við fingraför sem geymd eru í komu- og brottfararkerfinu,
- b) andlitsmyndir.

Skili uppfletting í komu- og brottfararkerfinu jákvæðri niðurstöðu heimilar það aðgang að öðrum upplýsingum úr gagnaskránni yfir viðkomandi einstakling sem taldar eru upp í 16. gr. (1. og 6. mgr.), 17. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (1. mgr.).

5. Uppfletting í komu- og brottfararkerfinu til að kanna ferðasögu viðkomandi ríkisborgara þriðja lands skal takmarkast við leit í gagnaskránni yfir einstaklinginn í komu-/brottfararskráningum eða í skráningum á synjun um komu, á grundvelli eins eða fleiri eftirtalinna atriða í komu- og brottfararkerfinu:

- a) kenninafns, eiginnafrs eða -nafna, fæðingardags og -árs, ríkisfangs, eins eða fleiri, kyns,
- b) tegundar og númers ferðaskilríkja, einna eða fleiri, þriggja stafa kóða útgáfulands og lokadagsetningar gildistíma ferðaskilríkjanna,
- c) númers vegabréfsáritunaríðna og lokadagsetningar gildistíma vegabréfsáritunarinnar,
- d) fingrafara, þ.m.t. vettvangsfara,
- e) andlitsmyndar,
- f) komudags og -tíma, yfirvalds sem heimilaði komuna og landamærastöðvar við komu,
- g) brottfarardags og -tíma og landamærastöðvar við brottför.

Skili uppfletting í komu- og brottfararkerfinu jákvæðri niðurstöðu heimilar það aðgang að gögnum sem talin eru upp í fyrstu undirgrein auk allra annarra gagna úr gagnaskránni yfir viðkomandi einstakling, komu-/brottfarar-

skráningum og skráningum á synjun um brottför, þ.m.t. gögnum tengdum afturköllun eða framlengingu leyfis fyrir stuttri dvöl í samræmi við 19. gr.

33. gr.

**Verklag og skilyrði fyrir aðgangi Löggæslusamvinnustofnunarinnar
að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir**

1. Löggæslusamvinnustofnunin skal hafa aðgang til að fletta upp í komu- og brottfararkerfinu að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- uppfletting er nauðsynleg til að styðja við og styrkja aðgerðir aðildarríkjanna við að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað sem fellur undir umboð Löggæslusamvinnustofnunarinnar,
- uppfletting er nauðsynleg og hlutfallslega rétt í tilteknu tilviki,
- fyrir hendi eru sönnunargögn eða gildar ástæður til að ætla að uppfletting gagna í komu- og brottfararkerfinu muni stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka einhvern þeirra refsiverðu verknaða sem um er að ræða, einkum þegar rökstuddur grunur er um að hinn grunaði, gerandinn eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar falli undir flokk sem þessi reglugerð tekur til.

2. Aðgangur að komu- og brottfararkerfinu sem tæki til að bera kennsl á óþekktan, grunaðan einstakling, geranda eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar skal heimilaður ef skilyrðin sem talin eru upp í 1. mgr. eru uppfyllt og uppfletting í gögnum sem geymd eru í gagnagrunnum sem Löggæslusamvinnustofnunin hefur tæknilegan og löglegan aðgang að, sem hafa skal forgang, hefur ekki leitt til þess að hægt væri að bera kennsl á viðkomandi aðila.

Samhliða beiðni um að fletta upp í komu- og brottfararkerfinu má leggja fram beiðni um að fá að fletta upp sama skráða aðila í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við skilyrði ákvörðunar 2008/633/DIM.

3. Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. 32. gr., gilda til samræmis við það.

4. Tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar getur lagt fram rökstudda rafræna beiðni til miðlægrar aðgangsstöðvar stofnunarinnar, sem um getur í 2. mgr. 30. gr., um að fletta upp í öllum gögnum í komu- og brottfararkerfinu eða í tilteknu gagnamengi í komu- og brottfararkerfinu. Miðlæg aðgangsstöð Löggæslustofnunarinnar skal, við viðtöku aðgangsbeiðni, sannprófa hvort skilyrðum fyrir aðgangi, sem um getur í 1. og 2. gr., sé fullnægt. Sé öllum skilyrðum fyrir aðgangi fullnægt skulu starfsmenn miðlægu aðgangsstöðvar Löggæslustofnunarinnar sem hafa til þess tilskilda heimild afgreiða beiðnirnar. Senda skal gögn úr komu- og brottfararkerfinu, sem aðgangur fæst að, til tilnefnds yfirvalds Löggæslusamvinnustofnunarinnar með þeim hætti að öryggi þeirra sé ekki stofnað í hættu.

5. Löggæslusamvinnustofnunin skal aðeins vinna upplýsingar, sem fengnar eru með því að fletta upp í gögnum í komu- og brottfararkerfinu, með leyfi upprunaaðildarríkisins. Afla skal slíks leyfis í gegnum landsdeild Löggæslusamvinnustofnunarinnar í því aðildarríki.

V. KAFLI

VARÐVEISLA UPPLÝSINGA OG BREYTINGAR Á ÞEIM

34. gr.

Varðveislutími upplýsinga

1. Hver komu-/brottfararskráning eða skráning á synjun um komu sem tengd er við gagnaskrá yfir einstakling skal geymd í miðlæga komu- og brottfararkerfinu í þrjú ár frá dagsetningu brottfararskráningarinnar eða skráningarinnar á synjun um komu, eftir því sem við á.

2. Hver gagnaskrá yfir einstakling ásamt tengdri eða tengdum komu-/brottfararskráningum eða skráningum á synjun um komu skal geymd í miðlæga komu- og brottfararkerfinu í þrjú ár og einn dag frá dagsetningu síðustu brottfararskráningar eða skráningar á synjun um komu ef engin komuskráning er til innan þriggja ára frá dagsetningu síðustu brottfararskráningar eða skráningar á synjun um komu.

3. Ef engin brottfararskráning er til í kjölfar dagsetningarinnar þegar heimiluð dvöl fellur úr gildi skulu upplýsingarnar geymdar í fimm ár frá dagsetningunni þegar heimiluð dvöl fellur úr gildi. Tilkynning skal send sjálfkrafa úr komu- og brottfararkerfinu til aðildarríkjanna þremur mánuðum áður en áætlað er að eyða gögnum um fólk sem dvelur fram yfir heimilaða dvöl til að þau geti gripið til viðeigandi ráðstafana.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. skal geyma hverja komu-/brottfararskráningu, sem skráð er á ríkisborgara þriðju lands sem hafa þá stöðu sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., í komu- og brottfararkerfinu í eitt ár að hámarki eftir brottför slíkra ríkisborgara þriðju lands. Ef engin brottfararskráning er fyrir hendi skal geyma upplýsingarnar í fimm ár frá dagsetningu síðustu komuskráningar.

5. Að varðveislutímabilinu liðnu, sem um getur í 1.–4. mgr., skulu viðkomandi upplýsingar eyðast sjálfvirkir úr miðlæga komu- og brottfararkerfinu.

35. gr.

Breytingar á upplýsingum og upplýsingum eytt fyrir tímann

1. Eingöngu aðildarríkið, sem ber ábyrgð, hefur rétt til að breyta upplýsingum sem það hefur fært inn í komu- og brottfararkerfið með því að leiðrétta þær, fullgera þær eða eyða þeim.

2. Ef aðildarríkið, sem ber ábyrgð, hefur ástæðu til að ætla að upplýsingar, sem skráðar eru í komu- og brottfararkerfið, séu í raun rangar eða ófullnægjandi eða að þær hafi verið unnar í komu- og brottfararkerfinu í bága við þessa reglugerð, skal það skoða umræddar upplýsingar og, ef nauðsyn krefur, leiðrétta þær og fullgera eða eyða þeim þegar í stað úr komu- og brottfararkerfinu og, eftir atvikum, af skrá yfir einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr. Einnig má skoða upplýsingarnar og leiðrétta þær, fullgera þær eða eyða þeim að beiðni viðkomandi einstaklings í samræmi við 52. gr.

3. Ef annað aðildarríki en aðildarríkið sem ber ábyrgð hefur ástæðu til að ætla að upplýsingar, sem skráðar eru í komu- og brottfararkerfið, séu í raun rangar eða ófullnægjandi eða að þær hafi verið unnar í komu- og brottfararkerfinu í bága við þessa reglugerð, skal það, þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skoða umræddar upplýsingar, að því tilskildu að hægt sé að gera það án samráðs við aðildarríkið sem ber ábyrgð, og, ef nauðsyn krefur, leiðrétta þær, fullgera eða eyða þeim þegar í stað úr komu- og brottfararkerfinu og, eftir atvikum, af skrá yfir einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr. Ef ekki er hægt að skoða upplýsingarnar án samráðs við aðildarríkið sem ber ábyrgðina skal það hafa samband við yfirvöld þess innan sjö daga og í kjölfar þess skal aðildarríkið, sem ber ábyrgð, kanna innan mánaðar hvort upplýsingarnar séu réttar og hvort vinnsla þeirra sé lögmæt. Einnig má skoða upplýsingarnar og leiðrétta þær, fullgera eða eyða þeim að beiðni viðkomandi ríkisborgara þriðja lands í samræmi við 52. gr.

4. Ef aðildarríki hefur ástæðu til að ætla að vegabréfsáritunartengd gögn, sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið, séu í raun röng eða ófullnægjandi eða að þau hafi verið unnin í komu- og brottfararkerfinu í bága við þessa reglugerð, skal það fyrst kanna nákvæmni slíkra gagna með því að fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og, ef nauðsyn krefur, leiðrétta þau, fullgera eða eyða þeim úr komu- og brottfararkerfinu. Ef gögnin, sem skráð eru í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir eru hin sömu og skráð eru í komu- og brottfararkerfið skal það tilkynna aðildarríkinu sem bar ábyrgð á innfærslu gagnanna í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir þegar í stað um það í gegnum grunnvirki upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir í samræmi við 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á innfærslu gagnanna í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal kanna gögnin og, ef nauðsyn krefur, þegar í stað leiðrétta þau, fullgera eða eyða þeim úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og tilkynna það viðkomandi aðildarríki sem skal, ef nauðsyn krefur, þegar í stað leiðrétta þau, fullgera eða eyða þeim úr komu- og brottfararkerfinu og, eftir því sem við á, af skránni yfir einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

5. Upplýsingum um einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 12. gr., skal eytt án tafar af skránni sem um getur í þeirri grein og þær leiðréttar eða fullgerðar í komu- og brottfararkerfinu ef viðkomandi ríkisborgari þriðja lands færir sönnur á það, í samræmi við landslög aðildarríkisins sem ber ábyrgð eða aðildarríkisins sem beiðnin var lögð fram hjá, að hann hafi verið tilneyddur að dvelja lengur en heimilað var vegna ófyrirsjáanlegra og alvarlegra atvika, að hann hafi öðlast lagalegan rétt til dvalar eða um villur sé að ræða. Þessi ríkisborgari þriðja lands skal, án þess að það hafi áhrif á önnur fyrirliggjandi stjórnsýsluúrræði eða úrræði utan dómstóla, hafa aðgang að skilvirkum úrræði til að leita þess réttar síns að gögn séu leiðrétt, fullgerð eða þeim sé eytt.

6. Þegar ríkisborgari þriðja lands hefur fengið ríkisfang í aðildarríki eða hefur færst undir gildissvið 3. mgr. 2. gr. áður en viðeigandi tímabil, sem um getur í 34. gr., rennur út skal eyða gagnaskránni yfir viðkomandi einstakling og komu-/brottfararskráningum sem tengjast henni í samræmi við 16. og 17. gr. og skráningum á synjun um komu sem tengjast henni í samræmi við 18. gr., án tafar og ekki síðar en fimm virkum dögum eftir þann dag sem viðkomandi ríkisborgari þriðja lands öðlaðist ríkisfang aðildarríkis eða hefur færst undir gildissvið 3. mgr. 2. gr. áður en tímabilið, sem um getur í 34. gr. rann út, úr komu- og brottfararkerfinu og einnig, eftir atvikum, af listanum yfir einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr., af:

- a) aðildarríkinu þar sem viðkomandi fékk ríkisfang eða
- b) aðildarríkinu sem gaf út dvalarleyfið eða -skírteinið eða vegabréfsáritunina til langrar dvalar.

Ef ríkisborgari þriðja lands hefur fengið ríkisfang í Andorra, Mónakó eða San Marínó eða ef ríkisborgari þriðja lands hefur með höndum vegabréf gefið út af Vatíkanborgrikinu eða Páfastóli, skal viðkomandi tilkynna lög- bærum yfirvöldum aðildarríkisins sem hann kemur næst til um þá breytingu. Það aðildarríki skal eyða gögnum viðkomandi án tafar úr komu- og brottfararkerfinu. Viðkomandi ríkisborgari þriðja lands skal hafa aðgang að skilvirku réttarúrræði til að fá gögnunum eytt.

7. Miðlæga komu- og brottfararkerfið skal þegar í stað tilkynna öllum aðildarríkjunum að gögnum hafi verið eytt úr komu- og brottfararkerfinu og, eftir atvikum, af skránni yfir einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

8. Ef annað aðildarríki en aðildarríkið sem ber ábyrgð hefur leiðrétt, bætt við eða eytt gögnum í samræmi við þessa reglugerð skal það aðildarríki verða aðildarríkið sem ber ábyrgð á því að upplýsingarnar hafa verið leið- réttar, bætt hafi verið við þær eða þeim hefur verið eytt. Komu- og brottfararkerfið skal skrá allar leiðréttingar, viðbætur og eyðingar upplýsinga.

VI. KAFLI

ÞRÓUN, STARFSEMI OG ÁBYRGÐ

36. gr.

Samþykkt framkvæmdastjórnarinnar á framkvæmdargerðum áður en þróun kerfisins hefst

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdargerðir um þróun og tæknilega framkvæmd miðlæga komu- og brottfararkerfisins, samræmdu landsbundnu skilflatanna, fjarskiptavirkisins, vefþjónustunnar sem um getur í 13. gr. og gagnasafnsins sem um getur í 2. mgr. 63. gr., einkum ráðstafanir varðandi:

- a) forskriftir fyrir gæði, upplausn og notkun fingrafara til að sannprófa og bera kennsl á fólk á grundvelli lífkenna í komu- og brottfararkerfinu,
- b) forskriftir fyrir gæði, upplausn og notkun andlitsmyndar til að sannprófa og bera kennsl á fólk á grundvelli lífkenna í komu- og brottfararkerfinu, hvort sem hún er tekin á staðnum eða tekin rafrænt af rafrænum ferðaskilríkjum á tölvulesanlegu formi,
- c) innfærslu upplýsinga í samræmi við 16.–20. gr.,
- d) aðgang að upplýsingum í samræmi við 23.–33. gr.,
- e) breytingu og eyðingu gagna og eyðingu þeirra fyrir tímann í samræmi við 35. gr.,
- f) það að halda aðgerðaskrár og fá aðgang að þeim í samræmi við 46. gr.,
- g) hæfniskröfur, þ.m.t. lágmarksforskriftir fyrir tæknibúnað og kröfur varðandi hæfni komu- og brottfararkerfisins varðandi hæfni lífkenna, einkum að því er varðar tilskilið hlutfall falsjávæðra kennslagreininga, hlutfall falsneikvæðra kennslagreininga og hlutfall ófullnægjandi skráninga,
- h) forskriftir og skilyrði varðandi vefþjónustuna sem um getur í 13. gr., þ.m.t. sértæk ákvæði um vernd upplýsinga sem flutningsaðilar veita eða sem þeim eru látnar í té,
- i) það að koma á og móta háþróaða samvirkni eins og um getur í 8. gr.,
- j) forskriftir og skilyrði varðandi gagnasafnið sem um getur í 2. mgr. 63. gr.,
- k) gerð skrárinnar yfir einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr. og ferlið við að gera skrána aðgengilega aðildarríkjunum,
- l) forskriftir fyrir tæknilausnir til að tengja miðlægu aðgangsstöðvarnar í samræmi við 31., 32. og 33. gr. og fyrir tæknilausn til að safna saman tölfraðilegu gögnunum sem krafist er skv. 8. mgr. 72. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

Við samþykkt framkvæmdargerðanna sem settar eru fram í i-lið fyrstu málsgreinar þessarar greinar skal nefndin, sem komið er á fót skv. 68. gr. þessarar reglugerðar, hafa samráð við nefndina um upplýsingakerfið um vegabréfs- áritanir sem komið var á fót skv. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

37. gr.

Þróun og rekstrarstjórnun

1. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa (eu-LISA) skal bera ábyrgð á þróun miðlæga komu- og brottfararkerfisins, samræmdu landsbundnu skilflatanna, fjarskiptavirkisins og öruggu samskipta- leiðarinnar milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Stofnunin skal einnig bera ábyrgð á þróun vefþjónustunnar, sem um getur í 13. gr., og gagnasafnsins sem um getur í 2. mgr. 63. gr., í samræmi við ítarlegu reglurnar sem um getur í 7. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 63. gr. og forskriftirnar og skilyrðin sem samþykkt eru skv. h- lið fyrstu málsgreinar 36. gr.

Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal skilgreina hönnun raunlægrar högunar komu- og brottfararkerfisins, þ.m.t. fjarskiptavirkis þess, auk tækniforskrifta og þróunar þeirra varðandi miðlæga komu- og brottfararkerfið, samræmdu landsbundnu skilfletina, fjarskiptavirkið, öruggu samskiptaleiðina milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, vefþjónustunnar sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar og gagnasafnsins sem um getur í 2. mgr. 63. gr. þessarar reglugerðar. Tækniforskriftir þessar skulu samþykktar af stjórn Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa með fyrirvara um jákvætt álit framkvæmdastjórnarinnar. Stofnunin skal einnig framkvæma nauðsynlegar aðlaganir á upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir sem stafa af því að komið er á samvirkni við komu- og brottfararkerfið og einnig af framkvæmd breytinga á reglugerð (EB) nr. 767/2008 sem fram koma í 61. gr. þessarar reglugerðar.

Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal annast þróun og framkvæmd miðlæga komu- og brottfararkerfisins, samræmdu landsbundnu skilflatanna, fjarskiptavirkisins, öruggu samskiptaleiðarinnar milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, vefþjónustunnar sem um getur í 13. gr. og gagnasafnsins sem um getur í 2. mgr. 63. gr. eins fljótt og unnt er eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 36. gr.

Í þróuninni felst gerð og framkvæmd tækniforskrifta, prófanir og heildarsamræming verkefna.

Við þróun og við framkvæmd miðlæga komu- og brottfararkerfisins, samræmdu landsbundnu skilflatanna, fjarskiptavirkisins, öruggu samskiptaleiðarinnar milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, vefþjónustunnar sem um getur í 13. gr. og gagnasafnsins sem um getur í 2. mgr. 63. gr. skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa einnig sinna eftirfarandi verkefnum:

- a) framkvæma verndaráhættumat,
- b) fylgja meginreglunum um innbyggða og sjálfgæfna friðhelgi á öllum þróunarferli komu- og brottfararkerfisins,
- c) láta fara fram verndaráhættumat á samvirkninni við upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, sem um getur í 8. gr., og meta tilskildar verndarráðstafanir sem þarf vegna framkvæmdar á samvirkni við upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir.

2. Meðan á hönnunar- og þróunaráfanganum stendur skal koma á fót áætlanastjórn sem í sitja 10 manns. Hún skal skipuð sjö mönnum sem stjórn Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa tilnefnir úr hópi stjórnarmanna sinna eða varamanna, formanni ráðgjafarhóps komu- og brottfararkerfisins, sem um getur í 69. gr., einum fulltrúa Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa sem tilnefndur er af framkvæmdastjóra hennar og einum manni sem framkvæmdastjórnin tilnefnir. Fulltrúar sem stjórn Evrópu­stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa tilnefnir skulu einungis valdir frá þeim aðildarríkjum sem samkvæmt lögum Sambandsins eru bundin að fullu af lagagerningum um þróun, stofnun, starfrækslu og notkun allra stórra upplýsingatækni­kerfa sem stofnunin hefur umsjón með og sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. 66. gr.

Áætlunarstjórnin skal halda fundi með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en þrisvar á ársfjórðungi. Hún skal tryggja fullnægjandi stjórnun á hönnunar- og þróunaráfanga komu- og brottfararkerfisins og samræmi milli miðlægra og landsbundinna verkefna sem varða kerfið.

Áætlunarstjórnin skal mánaðarlega leggja fram skriflegar skýrslur til stjórnar Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa um framvindu verkefnisins. Áætlunarstjórnin skal ekki hafa neitt vald til ákvarðana­töku né umboð til að koma fram fyrir hönd stjórnarmanna Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa.

Stjórn Evrópustofnunar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal ákveða starfsreglur áætlunarstjórnarinnar sem skulu einkum varða:

- a) formennsku ráðsins,
- b) fundarstaði,
- c) undirbúning funda,
- d) aðgang sérfræðinga að fundum,
- e) samskiptáætlanir sem tryggja öðrum stjórnarmönnum Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa, sem ekki taka þátt, allar upplýsingar.

Formennska áætlunarstjórnarinnar skal vera í höndum aðildarríkis sem samkvæmt lögum Sambandsins er bundið að fullu af lagagerningum um þróun, stofnun, starfrækslu og notkun allra stórra upplýsingatækni­kerfa sem eru undir stjórn Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa.

Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal greiða allan ferða- og dvalarkostnað þeirra sem eiga sæti í áætlunarstjórninni og skal 10. gr. starfsreglna Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsinga-

tækni­kerfa gilda að breyttu breytanda. Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal láta áætlunarstjórninni í té skrifstofuþjónustu.

Meðan á hönnunar- og þróunaráfanganum stendur skal ráðgjafarhópur komu- og brottfararkerfisins, sem um getur í 69. gr., skipaður verkefnastjórum komu- og brottfararkerfisins í hverju landi og Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa fara með formennskuna. Hópurinn skal halda fundi með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en þrisvar á ársfjórðungi þar til komu- og brottfararkerfið hefur starfsemi sína. Hann skal gefa áætlunarstjórninni skýrslu eftir hvern fund. Hópurinn skal búa yfir tæknilegri sérþekkingu til að styðja við verkefni áætlunarstjórnarinnar og fylgjast með stöðu undirbúnings hjá aðildarríkjunum.

3. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal bera ábyrgð á rekstrarstjórnun miðlæga komu- og brottfararkerfisins, samræmdu landsbundnu skilflatanna og öruggu samskiptaleiðarinnar milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Hún skal tryggja, í samstarfi við aðildarríkin, að besta fánlega tækni sé ávallt notuð fyrir miðlæga komu- og brottfararkerfið, samræmdu landsbundnu skilfletina, fjarskiptavirkið, öruggu samskiptaleiðina milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, vefþjónustuna sem um getur í 13. gr. og gagnasafnið sem um getur í 2. mgr. 63. gr., með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal einnig bera ábyrgð á rekstrarstjórnun fjarskiptavirkisins milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og samræmdu landsbundnu skilflatanna, á vefþjónustunni sem um getur í 13. gr. og gagnasafninu sem um getur í 2. mgr. 63. gr.

Rekstrarstjórnun komu- og brottfararkerfisins skal taka til allra nauðsynlegra verkefna til þess að halda kerfinu starfandi allan sólarhringinn, alla daga vikunnar í samræmi við þessa reglugerð, einkum þeirrar viðhaldsvinnu og tækniþróunar sem nauðsynleg er til að tryggja að starfsemi kerfisins sé á viðunandi gæðastigi, einkum að því er varðar svartíma fyrirspurna landamærayfirvalda í miðlæga komu- og brottfararkerfinu, í samræmi við tækniforskriftir.

4. Með fyrirvara um 17. gr. starfsmannareglna embættismanna Evrópusambandsins og ráðningarskilmála annarra starfsmanna Sambandsins, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 ⁽⁴²⁾ skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa tryggja að þeir starfsmenn hennar, sem þurfa að vinna við gögn komu- og brottfararkerfisins eða gögn sem sett eru í geymslu í komu- og brottfararkerfinu, beiti viðeigandi reglum um þagnarskyldu eða aðra sambærilega trúnaðarskyldu. Þessi kvöð gildir áfram eftir að þessir einstaklingar láta af embætti eða hætta störfum eða eftir að skyldustörfum þeirra lýkur.

38. gr.

Ábyrgð aðildarríkja og Löggæslusamvinnustofnunarinnar

1. Sérhvert aðildarríki skal bera ábyrgð á:
 - a) samþættingu hins landsbundna landamæragrunnvirkis sem fyrir er og tengingu þess við samræmda landsbundna skilflötinn,
 - b) skipulagi, stjórnun, starfrækslu og viðhaldi hins landsbundna landamæragrunnvirkis sem fyrir er og tengingu þess við komu- og brottfararkerfið í þeim tilgangi sem um getur í 6. gr., að undanskilinni 2. mgr. 6. gr.,
 - c) skipulagningu miðlægra aðgangsstöðva og tengingu þeirra við samræmda landsbundna skilflötinn í löggæslutilgangi,
 - d) aðgangsstjórn og fyrirkomulagi á aðgangi starfsfólks lögbærra innlendra yfirvalda, sem hefur tilskilda heimild og sem hefur tilskilið umboð, að komu- og brottfararkerfinu í samræmi við þessa reglugerð og á því að útbúa og uppfæra reglulega skrá yfir slíkt starfsfólk og lýsingar á því.
2. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna landsyfirvald sem skal veita lögbæru yfirvöldunum, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., aðgang að komu- og brottfararkerfinu. Sérhvert aðildarríki skal tengja það landsyfirvald við samræmda landsbundna skilflötinn. Sérhvert aðildarríki skal tengja miðlægar aðgangsstöðvar sínar, sem um getur í 29. gr., við samræmda landsbundna skilflötinn.
3. Aðildarríkin skulu nota sjálfvirkar aðferðir við vinnslu gagna í komu- og brottfararkerfinu.
4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fylgst sé náið með tæknilegri frammistöðu landamæravörslugrunnvirkisins, aðgengileika þess, því hve langan tíma landamæraeftirlit tekur og gæðum gagna, til að tryggja að það uppfylli heildarkröfur um eðlilega starfsemi komu- og brottfararkerfisins og skilvirkt ferli landamæraeftirlits.
5. Starfsfólk þeirra yfirvalda sem hafa rétt til aðgangs að komu- og brottfararkerfinu skal fá viðeigandi þjálfun, einkum að því er varðar reglur um gagnaöryggi og persónuvernd og einnig um viðeigandi grundvallarréttindi, áður en það fær heimild til vinnslu gagna sem eru geymd í kerfinu.

6. Aðildarríkin skulu ekki vinna upplýsingar í eða úr komu- og brottfararkerfinu í öðrum tilgangi en þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
7. Löggæslusamvinnustofnunin skal taka að sér þær ábyrgðarskyldur sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. og í 3., 5. og 6. mgr. Stofnunin skal tengja miðlæga aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar við komu- og brottfararkerfið og bera ábyrgð á tengingunni.

39. gr.

Ábyrgð á vinnslu upplýsinga

1. Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga í komu- og brottfararkerfinu skal hvert aðildarríki tilnefna yfirvald sem telst vera ábyrgðaraðili í samræmi við 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og bera meginábyrgð á gagnavinnslu af hálfu þess aðildarríkis. Sérhvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um þetta yfirvald.

Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að gögn, sem fengin eru úr komu- og brottfararkerfinu og skráð eru í það séu unnin með lögmætum hætti og einkum að eingöngu starfsmenn með tilskilda heimild hafi aðgang að gögnum til að geta sinnt starfi sínu. Aðildarríkið sem ber ábyrgðina skal einkum sjá til þess að:

- a) gögnum sé safnað með lögmætum hætti og að tekið sé fullt tillit til mannlegrar reisnar viðkomandi ríkisborgara þriðja lands,
 - b) gögnin séu löglega skráð í komu- og brottfararkerfið,
 - c) að gögnin séu rétt og uppfærð þegar þau eru send til komu- og brottfararkerfisins.
2. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal sjá til þess að komu- og brottfararkerfið sé starfrækt í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdargerðirnar sem um getur í 36. gr. Einkum skal Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa:
- a) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi miðlæga komu- og brottfararkerfisins og fjarskipta-virkisins milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og samræmda landsbundna skilflatarins, sbr. þó ábyrgð aðildarríkjanna,
 - b) tryggja að eingöngu starfsfólk með tilskilda heimild hafi aðgang að gögnum sem unnin eru í komu- og brottfararkerfinu.
3. Stofnunin skal tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni og einnig Evrópsku persónuverndarstofnuninni um þær ráðstafanir, sem hún gerir samkvæmt 2. mgr., með tilliti til upphafs starfsemi komu- og brottfararkerfisins.

40. gr.

Geymsla gagna í landsbundnum skráum og landsbundnum komu- og brottfararkerfum

1. Aðildarríki er heimilt að geyma alstafagögn, sem það færði inn í komu- og brottfararkerfið í samræmi við tilgang kerfisins, í landsbundnu komu- og brottfararkerfi sínu eða jafngildum landsbundnum skráum í fullu samræmi við lög Sambandsins.
2. Ekki skal geyma gögnin í landsbundnu komu- og brottfararkerfunum eða jafngildum landsbundnum skráum lengur en þau eru geymd í komu- og brottfararkerfinu.
3. Öll notkun gagna, sem samræmist ekki 1. mgr., skal teljast misnotkun samkvæmt landslögum hvers aðildarríkis og samkvæmt lögum Sambandsins.
4. Ekki skal litið svo á að þessi grein kalli á neina tæknilega aðlögun komu- og brottfararkerfisins. Aðildarríkin mega geyma gögn í samræmi við þessa grein á eigin kostnað og á eigin ábyrgð og nota til þess eigin tækniaðferðir.

41. gr.

Gögn send þriðju löndum, alþjóðastofnunum og einkaaðilum

1. Gögnum, sem geymd eru í komu- og brottfararkerfinu, skal ekki miðla eða gera aðgengileg neinu þriðja landi, alþjóðastofnun eða einkaaðila.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega landamærayfirvöld eða innflytjendayfirvöld miðla gögnum, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. og í a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr., til þriðja lands eða alþjóðastofnunar, sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð í einstökum tilvikum, ef nauðsyn ber til, til að færa sönnur á hverjir ríkisborgarar þriðju landa eru, í þeim eina tilgangi að senda þá til baka, en aðeins ef einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt ákvörðun um að vernd persónuupplýsinga í viðkomandi þriðja landi sé fullnægjandi, í samræmi við 3. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,
 - b) að viðeigandi verndarráðstafanir, eins og um getur í 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, hafi verið gerðar, s.s. með endurvíðtökusamningi sem er í gildi milli Sambandsins eða aðildarríkis og þess þriðja lands sem um er að ræða, eða
 - c) að d-liður 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 gildi.
3. Einungis má miðla gögnunum, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. og a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
- a) að miðlun gagnanna fari fram í samræmi við viðeigandi ákvæði laga Sambandsins, einkum ákvæði um persónuvernd, þ.m.t. V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679, og samninga um endurvíðtöku og landslög aðildarríkisins sem afhendir gögnin,
 - b) að viðkomandi þriðja land eða alþjóðastofnun samþykki að vinna gögnin einungis í þeim tilgangi sem þau voru látin í té og
 - c) að gefin hafi verið út ákvörðun um endursendingu, sem samþykkt er skv. tilskipun 2008/115/EB, varðandi viðkomandi ríkisborgara þriðja lands, að því tilskildu að framfylgd slíkrar endursendingar-ákvörðunar hafi ekki verið frestað og að því tilskildu að ekki hafi verið lögð fram kæra sem gæti leitt til þess að framfylgd hennar verði frestað.
4. Miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa eða alþjóðastofnana skv. 2. mgr. skal ekki hafa áhrif á réttindi þeirra sem sækja um og njóta alþjóðlegrar verndar, einkum réttindi til að vera ekki vísað brott þangað sem líf þeirra eða frelsi kann að vera í hættu.
5. Persónuupplýsingum sem aðildarríki eða Löggæslusamvinnustofnunin fær í hendur úr miðlæga komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi skal ekki miðla til, eða gera aðgengilegar, þriðja landi, alþjóðastofnun eða einkaaðila með staðfestu innan eða utan Sambandsins. Þetta bann gildir einnig ef gögnin eru unnin frekar á landsvísu eða milli aðildarríkjanna skv. tilskipun (ESB) 2016/680.
6. Þrátt fyrir 5. mgr. þessarar greinar má tilnefnt yfirvald miðla gögnunum, sem um getur í 16. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.), 16. gr. (a- og b-lið 2. mgr.), 16. gr. (a- og b-lið 3. mgr.) og 17. gr. (a-lið 1. mgr.), til þriðja lands í einstökum tilvikum, en því aðeins að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
- a) að um sé að ræða brýnt undantekningartilvik þar sem:
 - i. yfirvofandi hætta er í tengslum við hryðjuverk eða
 - ii. mannslíf er í yfirvofandi hættu og sú hætta er í tengslum við alvarlegan refsiverðan verknað,
 - b) að miðlun gagnanna er nauðsynleg til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka á yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða í þriðja landinu sem um er að ræða, slíkt hryðjuverk eða alvarlegan, refsiverðan verknað,
 - c) tilnefnt yfirvald hefur aðgang að slíkum gögnum í samræmi við verklagsreglurnar og skilyrðin sem sett eru fram í 31. og 32. gr.,
 - d) að miðlunin fari fram í samræmi við gildandi skilyrði í tilskipun (ESB) 2016/680, einkum V. kafla hennar,
 - e) að lögð hafi verið fram tilhlýðilega rökstudd, skrifleg eða rafræn beiðni frá þriðja landinu og
 - f) að tryggt sé að aðildarríkjum, sem starfrækja komu- og brottfararkerfið, verði afhentar á móti hvers konar upplýsingar um komu-/brottfararskráningar sem þriðja landið, sem leggur fram beiðnina, býr yfir.
- Þegar miðlun fer fram á grundvelli fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal hún skráð og skráningin vera aðgengileg eftirlitsyfirvaldinu, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, að fenginni beiðni þar um, þ.m.t. dagsetning og tímasetning miðlunarinnar, upplýsingar um lögbæra yfirvaldið sem er viðtakandinn, rökstuðningur fyrir miðluninni og persónuupplýsingarnar sem var miðlað.

42. gr.

Skilyrði fyrir miðlun gagna til aðildarríkis sem starfrækir ekki enn komu- og brottfararkerfið og til aðildarríkis sem þessi reglugerð gildir ekki um.

1. Tilnefnt yfirvald má miðla gögnunum, sem um getur í 16. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.), 16. gr. (a- og b-lið 2. mgr.), 16. gr. (a- og b-lið 3. mgr.) og 17. gr. (a-lið 1. mgr.), til aðildarríkis sem starfrækir ekki enn komu- og brottfararkerfið og til aðildarríkis sem þessi reglugerð gildir ekki um, í einstökum tilvikum, en aðeins ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
- a) að um sé að ræða brýnt undantekningartilvik þar sem um er að ræða:
 - i. yfirvofandi hættu í tengslum við hryðjuverk eða
 - ii. alvarlegan refsiverðan verknað,

- b) miðlun gagnanna er nauðsynleg til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka slíkt hryðjuverk eða alvarlegan, refsiverðan verknað,
- c) tilnefnt yfirvald hefur aðgang að slíkum gögnum í samræmi við verklagsreglurnar og skilyrðin sem sett eru fram í 31. og 32. gr.,
- d) tilskipun (ESB) 2016/680 gildir,
- e) lögð hefur verið fram tilhlýðilega rökstudd, skrifleg eða rafræn beiðni og
- f) tryggt er að aðildarríkjum, sem starfrækja komu- og brottfararkerfið, verði afhentar á móti hvers konar upplýsingar um komu-/brottfararskráningar sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, býr yfir.

Þegar miðlun fer fram á grundvelli fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal hún skráð og skráningin vera aðgengileg eftirlitsyfirvaldinu, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, að fenginni beiðni þar um, þ.m.t. dagsetning og tímasetning miðlunarinnar, upplýsingar um lögbæra yfirvaldið sem er viðtakandinn, rökstuðningur fyrir miðluninni og persónuupplýsingarnar sem var miðlað.

2. Þegar gögnum er miðlað samkvæmt þessari grein skulu sömu skilyrði og kveðið er á um í 43. gr. (1. mgr.), 45. gr. (1. og 3. mgr.), 48. gr. og 58. gr. (4. mgr.) gilda að breyttu breytanda.

43. gr.

Gagnaöryggi

1. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal tryggja öryggi gagna áður en þau eru send og meðan á sendingu þeirra stendur til landsbundna skilflatarins. Sérhvert aðildarríki skal tryggja öryggi gagna sem það fær úr komu- og brottfararkerfinu.

2. Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við landsbundið landamæragrunnvirki sitt, þ.m.t. öryggisáætlun og áætlun um rekstrarsamfellu og endurreisnaráætlun eftir stóráfall, í því skyni:

- a) að vernda búnað sem gögn eru geymd á, m.a. með gerð viðbragðsáætlana til verndar mikilvægum grunnvirkjum,
- b) að neita þeim sem hafa ekki til þess heimild um aðgang að gagnavinnslubúnaði og innlendum mannvirkjum þar sem aðildarríki rekur starfsemi sína í samræmi við markmið komu- og brottfararkerfisins,
- c) að koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið eða afritað af gagnamiðlum, breytt þeim eða eytt,
- d) að koma í veg fyrir að hægt sé, án heimildar, að færa inn eða skoða geymdar persónuupplýsingar, breyta þeim eða eyða,
- e) að koma í veg fyrir að þeir sem hafa ekki til þess heimild geti notað sjálfvirk gagnavinnslukerfi með hjálp gagnasamskiptabúnaðar,
- f) að koma í veg fyrir að hægt sé án heimildar að vinna gögn í komu- og brottfararkerfinu og að hægt sé að breyta eða eyða gögnum sem eru unnin í komu- og brottfararkerfinu,
- g) að tryggja, með notkun persónubundinna og einræðra notandakenna og leynilegs aðgangshams að þeir, sem er heimilaður aðgangur að komu- og brottfararkerfinu, hafi aðeins aðgang að gögnum sem falla undir aðgangsheimild þeirra,
- h) að tryggja að öll yfirvöld, sem hafa rétt til aðgangs að komu- og brottfararkerfinu, útbúi lýsingar á hlutverki og skyldum einstaklinga, sem hafa heimild til að færa inn, breyta, eyða, fletta upp í og leita í gögnum, og gera þessar lýsingar þegar í stað aðgengilegar eftirlitsyfirvöldum,
- i) að tryggja að hægt sé að sannprófa og fastsetja til hvaða aðila má senda persónuupplýsingar með gagnasamskiptabúnaði,
- j) að tryggja að hægt sé að sannprófa og staðfesta hvaða gögn hafi verið unnin í komu- og brottfararkerfinu og hvenær, af hverjum og í hvaða tilgangi vinnslan fór fram,
- k) að hindra, einkum með víðeigandi dulkóðunaraðferðum, að hægt sé án heimildar að lesa eða afrita persónuupplýsingar, breyta þeim eða eyða meðan verið er að senda þær til komu- og brottfararkerfisins eða úr því eða við flutning gagnamiðla,
- l) að tryggja að uppsett kerfi sé hægt að setja upp að nýju eftir rof svo að það starfi eðlilega,
- m) að tryggja áreiðanleika með því að sjá til þess að tilkynnt sé með tilhlýðilegum hætti um allar truflanir á virkni komu- og brottfararkerfisins,
- n) að hafa eftirlit með skilvirkni öryggisráðstafananna sem um getur í þessari grein og gera nauðsynlegar skipulagsráðstafanir í tengslum við innra eftirlit til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Að því er varðar starfsemi komu- og brottfararkerfisins skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná þeim markmiðum sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. gera öryggisáætlun og áætlun um rekstrarsamfellu og endurreisnaráætlun eftir stóráfall. Stofnunin skal einnig tryggja

4. Stofnunun og aðildarríkin skulu vinna saman að því að tryggja samræmda nálgun varðandi gagnaöryggi sem byggist á verndaráhættustjórnunarferli sem tekur til alls komu- og brottfararkerfisins.

44. gr.

Öryggisatvik

1. Sérhvert atvik sem hefur eða gæti haft áhrif á öryggi komu- og brottfararkerfisins og gæti valdið tjóni á gögnum sem geymd eru í kerfinu eða að þau glatist skal teljast vera öryggisatvik, einkum þar sem um óheimilan aðgang að gögnum gæti verið að ræða eða þar sem aðgengileika, heilleika og leynd gagna hefur eða gæti hafa verið stofnað í hættu.
2. Tekið skal á öryggisatvikum þannig að tryggja megi skjót, skilvirk og viðeigandi viðbrögð.
3. Með fyrirvara um tilkynningu og að gert sé viðvart um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga skv. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, 30. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 eða hvoru tveggja, skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um öryggisatvik. Ef um öryggisatvik er að ræða í tengslum við miðlæga komu- og brottfararkerfið skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um það.
4. Aðildarríkin skulu fá upplýsingar um öryggisatvik sem hefur eða gæti haft áhrif á starfsemi komu- og brottfararkerfisins eða á aðgengileika, heilleika og leynd gagna og skýrsla gefin um það í samræmi við atvika-
stjórnunaráætlun sem Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa mun leggja fram.
5. Viðkomandi aðildarríki og Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skulu vinna saman ef til öryggisatviks kemur.

45. gr.

Bótaábyrgð

1. Sérhver einstaklingur eða aðildarríki, sem hefur beðið eignatjón eða ófnislegt tjón af völdum ólögmatrar vinnslu eða annars verknaðar sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð, skal eiga rétt á að fá skaðabætur frá aðildarríkinu sem ber ábyrgð á tjóninu. Aðildarríkið skal undanþegið bótaábyrgð, að fullu eða að hluta, ef það getur fært sönnur á að það beri á engan hátt ábyrgð á atburðinum sem olli tjóninu.
2. Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og slíkt veldur tjóni á komu- og brottfararkerfinu skal það aðildarríki bera ábyrgð á tjóninu, nema Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa eða annað aðildarríki sem tekur þátt í komu- og brottfararkerfinu hafi vanrækt að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt er að ætlast til að það hafi gert til að koma í veg fyrir tjónið eða takmarka afleiðingar þess.
3. Um bótakröfur á hendur aðildarríki vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara samkvæmt ákvæðum landslaga aðildarríkisins sem er varnaraðili.

46. gr.

Aðgerðaskrár haldnar af Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa og aðildarríkjunum

1. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa skal halda aðgerðaskrár yfir alla vinnslu upplýsinga í komu- og brottfararkerfinu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:
 - a) tilganginn með aðganginum, sem um getur í 2. mgr. 9. gr.,
 - b) dagsetningu og tíma,
 - c) gögnin sem eru send eins og um getur í 16.–19. gr.,
 - d) gögnin sem notuð eru við fyrirspurnina, eins og um getur í 23.–27. gr. og
 - e) heiti yfirvaldsins sem færir inn gögn eða sækir þau.
2. Að því er varðar uppflettingarnar sem taldar eru upp í 8. gr. skal halda aðgerðaskrá um sérhverja gagnavinnsluadgerð sem framkvæmd er innan komu- og brottfararkerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir í samræmi við þessa grein og 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008. Nánar tiltekið skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa tryggja að geymd sé viðeigandi aðgerðaskrá um þær aðgerðir við vinnslu

upplýsinga sem um er að ræða þegar lögbær yfirvöld setja af stað gagnavinnsluáðgerð beint úr einu kerfi yfir í annað.

3. Til viðbótar við 1. og 2. mgr. skal hvert aðildarríki halda skrár yfir það starfsfólk sem hefur tilskilda heimild til að vinna gögn í komu- og brottfararkerfinu.

4. Slíkar aðgerðaskrár má eingöngu nota til að hafa eftirlit með persónuvernd, þ.m.t. til að kanna hvort beiðni hafi átt rétt á sér og lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja gagnaöryggi skv. 43. gr. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að verjast óheimilum aðgangi að aðgerðaskránum og skal þeim eytt ári eftir að varðveislutíminn, sem um getur í 34. gr., rennur út, ef þeirra er ekki þörf vegna eftirlits sem þegar er hafið.

47. gr.

Eigið eftirlit

Aðildarríkin skulu tryggja að sérhvert yfirvald sem hefur rétt til aðgangs að gögnum í komu- og brottfararkerfinu geri nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari reglugerð og starfi, ef nauðsyn krefur, með eftirlitsyfirvöldum.

48. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll notkun skráðra gagna í komu- og brottfararkerfinu sem brýtur í bága við þessa reglugerð varði viðurlögum er séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif í samræmi við landslög, 84. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 57. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680.

49. gr.

Persónuvernd

1. Reglugerð (EB) nr. 45/2001 skal gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa innir af hendi samkvæmt þessari reglugerð.
2. Reglugerð (ESB) nr. 2016/679 skal gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem landsyfirvöld inna af hendi samkvæmt þessari reglugerð, að undanskilinni vinnslu í þeim tilgangi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar.
3. Tilskipun (ESB) nr. 2016/680 skal gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar.
4. Reglugerð (ESB) nr. 2016/794 skal gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem Löggæslusamvinnustofnunin innir af hendi samkvæmt þessari reglugerð.

VII. KAFLI

RÉTTINDI OG EFTIRLIT Á SVIÐI PERSÓNUVERNDAR

50. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Með fyrirvara um réttinn til upplýsinga skv. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skal aðildarríkið sem ber ábyrgð upplýsa ríkisborgara þriðju lands, sem færa á upplýsingar um í komu- og brottfararkerfið, um eftirfarandi:
 - a) að aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin geti haft aðgang að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi,
 - b) að ríkisborgurum þriðju lands sem eru undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun og handhöfum skjals til að greiða fyrir gegnumferð sé skylt að láta taka af sér fingraför,
 - c) að öllum ríkisborgurum þriðju lands, sem skráðar eru upplýsingar um í komu- og brottfararkerfið, sé skylt að láta skrá inn andlitsmynd sína,
 - d) að skylt sé að safna gögnunum vegna athugunar á því hvort skilyrði fyrir komu séu uppfyllt,
 - e) að synjað verði um komu ef ríkisborgari þriðja lands neitar að láta í té tilskildar lífkennaupplýsingar til skráningar, sannprófunar eða kennslaggreiningar í komu- og brottfararkerfinu,
 - f) að þeir eigi rétt á að fá upplýsingar um hámarkstímann sem er eftir af heimilaðri dvöl þeirra í samræmi við 3. mgr. 11. gr.,
 - g) að persónuupplýsingum, sem geymdar eru í komu- og brottfararkerfinu, kunni að verða miðlað til þriðja lands eða alþjóðastofnunar sem tilgreind er í 1. viðauka í tengslum við endursendingu, til þriðja lands í samræmi við 6. mgr. 41. gr. og til aðildarríkja í samræmi við 42. gr.,

- h) að fyrir liggi réttur til að fara fram á það við ábyrgðaraðila að þeir fái aðgang að persónuupplýsingum um sig, réttur til að fara fram á að leiðréttar verði rangar upplýsingar um þá, til að ófullnægjandi persónuupplýsingar um þá verði fullgerðar, að persónuupplýsingum, sem unnar hafa verið með ólög-
mætum hætti verði eytt eða vinnsla þeirra takmörkuð, auk réttar til að fá upplýsingar um það hvernig
eigi að nýta sér þennan rétt, þ.m.t. samskiptaupplýsingar ábyrgðaraðila og eftirlitsyfirvalda, eða
Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar ef við á, sem taka kvartanir varðandi vernd persónuupplýsinga
til meðferðar,
- i) að aðgangur verði veittur að gögnunum vegna landamærastjórnunar og í þeim tilgangi að greiða fyrir
förls yfir landamæri og að upplýsingum þeirra, sem dvelja fram yfir heimilaða dvöl, verði sjálfkrafa
bætt á skrá yfir einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr., auk
mögulegra afleiðinga þess að dvelja fram yfir heimilaða dvöl,
- j) varðveislutímabil gagna þegar um er að ræða gagnaskrár yfir einstaklinga skv. 34. gr.,
- k) að þeir sem dvelja fram yfir heimilaða dvöl eigi rétt á að persónuupplýsingum þeirra sé eytt af skrá yfir
einstaklinga sem hafa verið greindir samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr. og þær leiðréttar í
komu- og brottfararkerfinu færi þeir sönnur á að þeir hafi dvalið lengur en heimiluð dvöl leyfði vegna
ófyrrisjáanlegra og alvarlegra atvika,
- l) réttinn til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvöldum.
2. Veita skal upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, skriflega, með viðeigandi hætti, á
gagnorðu, gagnsæju, skiljanlegu og aðgengilegu formi, og þær skulu látnar í té á skýru og einföldu máli, á
tungumáli sem viðkomandi einstaklingur skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji, til að tryggja að
ríkisborgarar þriðja lands séu upplýstir um réttindi sín, þegar gagnaskrá yfir viðkomandi einstakling er stofnuð í
samræmi við 16., 17. eða 18. gr.
3. Framkvæmdastjórnin skal einnig setja upp vefsetur með upplýsingunum sem um getur í 1. mgr.
4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir þar sem fram koma upplýsingarnar sem um getur
í 1. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina
sem um getur í 2. mgr. 68. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal setja upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., fram í sniðmáti. Sniðmátið skal
vera með þeim hætti að hvert aðildarríki getur bætt við viðbótarupplýsingum sem eiga sérstaklega við um það
ríki. Í viðbótarupplýsingum sem eiga sérstaklega við um hvert aðildarríki skulu a.m.k. vera upplýsingar um
réttindi skráða aðilans, möguleika hans á aðstoð frá eftirlitsyfirvöldum auk samskiptaupplýsinga skrifstofu
ábyrgðaraðila, persónuverndarfulltrúa og innlendra eftirlitsyfirvalda. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt
framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um forskriftir og skilyrði varðandi vefsetrið sem um getur í 3. mgr. þessarar
greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir áður en komu- og brottfararkerfið hefur starfsemi sína í
samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

51. gr.

Upplýsingaherferð

Í samstarfi við eftirlitsyfirvöld og Evrópsku persónuverndarstofnunina skal framkvæmdastjórnin hrinda úr vör
upplýsingaherferð meðal almennings, einkum ríkisborgara þriðju landa, þegar komu- og brottfararkerfið hefur
starfsemi sína, um markmið þess, gögnin sem eru vistuð í kerfinu, yfirvöld sem hafa aðgang að því og um réttindi
viðkomandi einstaklinga. Slíkar upplýsingaherferðir skulu reglulega settar af stað.

52. gr.

Réttur til að hafa aðgang að persónuupplýsingum, leiðrétt þær, fullgera þær og eyða þeim og til að takmarka vinnslu þeirra

1. Beiðnum ríkisborgara þriðju landa varðandi þau réttindi sem sett eru fram í 15.–18. gr. reglugerðar (ESB)
2016/679 má beina til lögbærs yfirvalds hvaða aðildarríkis sem er.

Aðildarríkið sem ber ábyrgð eða aðildarríkið sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá skal svara slíkum beiðnum
innan 45 daga frá móttöku þeirra.

2. Ef beiðni um að láta leiðréttar persónuupplýsingar, bæta við þær eða eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra
er lögð fram hjá öðru aðildarríki en aðildarríkinu sem ber ábyrgð skulu yfirvöld aðildarríkisins sem beiðnin hefur
verið lögð fram hjá kanna hvort upplýsingarnar séu réttar og hvort vinnsla þeirra í komu- og brottfararkerfinu sé
lögmæt innan 30 daga frá móttöku beiðninnar ef hægt er að kanna það án samráðs við aðildarríkið sem ber
ábyrgðina. Að öðrum kosti skal aðildarríkið, sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá, hafa samráð við yfirvöld

aðildarríkisins sem ber ábyrgð innan sjö daga og skal það aðildarríki kanna hvort upplýsingarnar eru réttar og hvort vinnsla þeirra sé lögmæt innan 30 daga frá því að haft er samband við það.

3. Ef upplýsingar, sem skráðar eru í komu- og brottfararkerfið, eru í raun rangar, ófullnægjandi eða hafa verið skráðar með ólögmætum hætti skal aðildarríkið sem ber ábyrgðina eða, eftir atvikum, aðildarríkið sem beiðni hefur verið lögð fram hjá, leiðrétta eða fullgera persónuupplýsingarnar, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra í samræmi við 35. gr. Aðildarríkið sem ber ábyrgð eða, eftir atvikum, aðildarríkið sem beiðni hefur verið lögð fram hjá, skal án tafar staðfesta skriflega við viðkomandi einstakling að það hafi gripið til aðgerða til að leiðrétta eða fullgera persónuupplýsingarnar eða eyða upplýsingunum um þann einstakling eða takmarka vinnslu slíkra persónuupplýsinga.

Ef vegabréfsáritunartengd gögn, sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið, eru í raun röng, ófullnægjandi eða hafa verið skráð í það með ólögmætum hætti skal aðildarríkið sem ber ábyrgð eða, eftir atvikum, aðildarríkið sem beiðni hefur verið lögð fram hjá, fyrst kanna hvort gögnin séu rétt miðað við upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og síðan, ef nauðsyn krefur, breyta þeim í komu- og brottfararkerfinu. Reynist gögnin sem skráð eru í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir vera þau sömu og í komu- og brottfararkerfinu skal aðildarríkið sem ber ábyrgð eða, eftir atvikum, aðildarríkið sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá, hafa samband við yfirvöld aðildarríkisins sem ber ábyrgð á að færa gögnin inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir innan sjö daga. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á að færa gögnin inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal kanna hvort vegabréfsáritunartengdu gögnin séu rétt og hvort vinnsla þeirra í komu- og brottfararkerfinu sé lögleg innan 30 daga frá því að haft er samband við það og láta aðildarríkið sem ber ábyrgð eða aðildarríkið, sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá, vita og það skal, ef nauðsyn krefur, leiðrétta eða fullgera persónuupplýsingar viðkomandi einstaklings eða takmarka vinnslu þeirra í komu- og brottfararkerfinu eða eyða þeim úr kerfinu án tafar og, eftir atvikum, af skránni yfir einstaklinga sem greindir hafa verið samkvæmt því sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

4. Ef aðildarríkið sem ber ábyrgð eða, eftir atvikum, aðildarríkið, sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá, er ekki sammála því að gögnin, sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið séu röng, ófullnægjandi eða hafi verið skráð með ólögmætum hætti, skal það aðildarríki taka stjórnvaldsákvörðun og skýra skriflega fyrir viðkomandi ríkisborgara þriðja lands án tafar af hverju það er ekki tilbúið til að leiðrétta eða fullgera persónuupplýsingar sem tengjast viðkomandi, eða eyða eða takmarka vinnslu slíkra gagna.

5. Aðildarríkið sem hefur tekið stjórnvaldsákvörðunina, skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal einnig veita viðkomandi ríkisborgara þriðja lands upplýsingar um hvaða leiða hann geti leitað ef hann sættir sig ekki við skýringuna. Þar með skulu fylgja upplýsingar um hvernig á að höfða mál eða leggja fram kvörtun til lögbærra yfirvalda eða dómstóla í því aðildarríki og um hvers konar aðstoð sem tiltæk er í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð í því aðildarríki, m.a. frá eftirlitsyfirvaldinu sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

6. Sérhver beiðni skv. 1. og 2. mgr. skal innihalda nauðsynlegar lágmarksupplýsingar til að bera kennsl á viðkomandi ríkisborgara þriðja lands. Aðeins má fara fram á fingraför í þessum tilgangi í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og þar sem verulegur vafi leikur á því hver umsækjandinn er. Þessar upplýsingar skal eingöngu nota til að gera viðkomandi ríkisborgara þriðja lands kleift að nýta réttinn sem um getur í 1. mgr. og þeim skal eytt umsvifalaust eftir á.

7. Leggi einstaklingur fram beiðni í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skal lögbært yfirvald aðildarríkisins sem ber ábyrgð eða aðildarríkisins sem beiðnin hefur verið lögð fram hjá, halda skrá, í formi skriflegs skjals, um að slík beiðni hafi verið lögð fram. Í skjalinu skulu vera upplýsingar um þá meðferð sem beiðnin fékk og yfirvaldið sem annaðist hana. Lögbært yfirvald skal senda eftirlitsyfirvaldinu, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, skjalið innan sjö daga.

53. gr.

Samstarf til að framfylgja rétti varðandi persónuvernd

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu vinna náið saman að því að framfylgja þeim rétti sem mælt er fyrir um í 52. gr.

2. Í hverju aðildarríki skal eftirlitsyfirvaldið, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, að fenginni beiðni, aðstoða og ráðleggja skráðum einstaklingi við að neyta réttar síns til að leiðrétta eða fullgera persónuupplýsingar um hann, eyða þeim eða takmarka vinnslu slíkra upplýsinga í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.

Til að ná markmiðunum sem um getur í fyrstu undirgrein skulu eftirlitsyfirvaldið í aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, sem sendi gögnin og eftirlitsyfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem beiðnin hefur verið lögð fram, hafa með sér samstarf.

54. gr.

Úrræði

1. Með fyrirvara um 77. og 79. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skal, í sérhverju aðildarríki, sérhver einstaklingur hafa rétt til þess að höfða mál eða leggja fram kvörtun frammi fyrir lögbærum yfirvöldum eða dómstólum þess aðildarríkis sem hefur neitað honum um réttinn til að hafa aðgang að gögnum er varða hann, sem kveðið er á um í 52. gr. og 2. mgr. 53. gr. þessarar reglugerðar, leiðrétta þau, fullgera þau eða eyða þeim.

Rétturinn til að höfða slíkt mál eða leggja fram slíka kvörtun gildir einnig í tilvikum þar sem beiðnum um aðgang að, leiðréttingu á, viðbót við eða eyðingu á upplýsingum var ekki svarað innan þess frests sem kveðið er á um í 52. gr. eða fengu aldrei meðferð hjá ábyrgðaraðila gagna.

2. Aðstoð eftirlitsyfirvaldsins, sem komið var á fót með 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, skal vera fyrir hendi meðan á málsmeðferðinni stendur.

55. gr.

Eftirlit eftirlitsyfirvalds

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að eftirlitsyfirvaldið, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, hafi óháð eftirlit með því hvort vinnsla viðkomandi aðildarríkis á persónuupplýsingum, sem um getur í II., III., V. og VI. kafla þessarar reglugerðar, sé með lögmætum hætti, þ.m.t. sending þeirra til og frá komu- og brottfararkerfinu.

2. Eftirlitsyfirvaldið, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, skal sjá til þess að úttekt fari fram á gagnavinnslu í landsbundna landamæragrunnvirkinu í samræmi við viðeigandi alþjóðlega úttektarstaðla, a.m.k. á þriggja ára fresti eftir að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun. Taka má tillit til niðurstaðna úttektarinnar í matinu sem framkvæmt er með kerfinu sem komið er á fót með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1053/2013⁽⁴³⁾. Eftirlitsyfirvaldið, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, skal árlega birta tölur um fjölda beiðna um að leiðrétta eða fullgera upplýsingar, eyða þeim eða takmarka vinnslu upplýsinga, þær aðgerðir sem gripið er til í kjölfarið og fjölda tilvika þar sem upplýsingar eru leiðréttar, fullgerðar, þeim er eytt og vinnsla þeirra takmörkuð vegna beiðna frá viðkomandi einstaklingum.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirlitsyfirvald þeirra, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, hafi nægilegt fjármagn til að leysa af hendi þau verkefni sem því eru falin samkvæmt þessari reglugerð og aðgang að ráðgjöf manna sem búa yfir fullnægjandi þekkingu á lífkennaupplýsingum.

4. Aðildarríkin skulu veita allar upplýsingar sem eftirlitsyfirvaldið, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, fer fram á, einkum upplýsingar um starfsemina sem fram fer í samræmi við 38. gr., 39. gr. (1. mgr.) og 43. gr. Aðildarríkin skulu veita eftirlitsyfirvaldinu, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, aðgang að aðgerðaskrár sínum skv. 46. gr. og heimila því ávallt aðgang að öllum starfsstöðvum komu- og brottfararkerfisins.

56. gr.

Eftirlit Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

1. Evrópska persónuverndarstofnunin skal bera ábyrgð á því að fylgjast með vinnslu Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-erfa á persónuupplýsingum að því er varðar komu- og brottfararkerfið, og að tryggja að slík starfsemi fari fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001 og þessa reglugerð.

2. Evrópska persónuverndarstofnunin skal sjá til þess að úttekt á vinnslu Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-erfa á persónuupplýsingum fari fram í samræmi við viðeigandi alþjóðlega úttektarstaðla a.m.k. á þriggja ára fresti. Senda skal skýrslu um úttektina til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-erfa og til eftirlitsyfirvaldanna. Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-erfa skal gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en skýrslan er samþykkt.

3. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-erfa skal láta í té upplýsingarnar, sem Evrópska persónuverndarstofnunin óskar eftir, veita henni aðgang að öllum skjölum og að aðgerðaskrár sínum, sem um getur í 46. gr., og heimila henni ávallt aðgang að öllum starfsstöðvum sínum.

57. gr.

Samstarf eftirlitsyfirvalda og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

1. Eftirlitsyfirvöldin og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu, hvert um sig innan sinna heimilda, hafa með sér virkt samstarf innan ramma skyldustarfa sinna og tryggja samræmt eftirlit með komu- og brottfararkerfinu og landsbundnu landamæragrunnvirkjunum.
2. Eftirlitsyfirvöldin og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu skiptast á upplýsingum sem máli skipta, aðstoða hvert annað við að framkvæma úttektir og eftirlit, rannsaka hvers konar erfiðleika varðandi túlkun eða beitingu þessarar reglugerðar, meta vandamál sem kunna að koma upp við framkvæmd óháðs eftirlits eða hjá skráða einstaklingnum við að nýta sér réttindi sín, semja samhæfðar tillögur að sameiginlegum lausnum á hvers konar vandamálum og stuðla að vitundarvakningu um réttindi sem tengjast persónuvernd, eftir því sem þörf er á.
3. Að því er varðar 2. mgr. skulu eftirlitsyfirvöldin og Evrópska persónuverndarstofnunin koma saman tvisvar á ári hið minnsta innan ramma Evrópska persónuverndarráðsins sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2016/679 („Evrópska persónuverndarráðið“). Ráðið skal bera kostnaðinn af þessum fundum og skipulagningu þeirra. Samþykkja skal starfsreglur á fyrsta fundi. Þróa skal aðrar starfsaðferðir sameiginlega eftir þörfum.
4. Evrópska persónuverndarráðið skal senda sameiginlega skýrslu um starfsemina til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa annað hvert ár. Þessi skýrsla skal hafa að geyma kafla um hvert aðildarríki sem eftirlitsyfirvöld þess aðildarríkis taka saman.

58. gr.

Vernd persónuupplýsinga sem aðgangur er veittur að í samræmi við IV. kafla

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að innlend lög og stjórnisýslufyrirmæli, sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/680, gildi einnig um aðgang landsyfirvalda þess að komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. að því er varðar réttindi þeirra einstaklinga sem eiga upplýsingarnar sem slíkur aðgangur er veittur að.
2. Eftirlitsyfirvaldið, sem komið var á fót með 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, skal fylgjast með því að aðgangur aðildarríkjanna að persónuupplýsingum í samræmi við IV. kafla þessarar reglugerðar, sé með lögmætum hætti, þ.m.t. sending þeirra til og frá komu- og brottfararkerfinu. Ákvæði 3. og 4. mgr. 55. gr. þessarar reglugerðar gilda til samræmis við það.
3. Vinnsla Löggæslusamvinnustofnunarinnar á persónuupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð skal vera í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794 og vera undir eftirliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar.
4. Vinnsla persónuupplýsinga, sem aðgangur er veittur að í komu- og brottfararkerfinu skv. IV. kafla, skal einungis fara fram í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka það tiltekna mál sem aðildarríki eða Löggæslusamvinnustofnunin báðu um upplýsingarnar fyrir.
5. Miðlæga komu- og brottfararkerfið, tilnefnd yfirvöld, miðlægu aðgangsstöðvarnar og Löggæslusamvinnustofnunin skulu halda skrár yfir leitir til að gera eftirlitsyfirvaldinu, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, og Evrópsku persónuverndarstofnuninni kleift að fylgjast með því að gagnavinnsla samrýmist persónuverndarreglum Sambandsins og innlendum persónuverndarreglum. Persónuupplýsingum í öðrum tilgangi, ásamt skrám yfir leitir, skal eytt úr öllum innlendum skrám og skrám Löggæslusamvinnustofnunarinnar að 30 dögum liðnum nema gagnanna og skráanna sé þörf við hina tilteknu yfirstandandi rannsókn sakamáls sem aðildarríki eða Löggæslusamvinnustofnunin báðu um þær fyrir.

59. gr.

Aðgerðaskráning og skjalfesting

1. Sérhvert aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu tryggja að öll gagnavinnsla, sem fer fram vegna beiðna um aðgang að komu- og brottfararkerfinu í samræmi við IV. kafla, sé skráð í aðgerðaskrá eða skjalfest í því skyni að ganga megi úr skugga um lögmæti beiðninnar, fylgjast með lögmæti gagnavinnslunnar og heilleika gagna og öryggi þeirra, og vegna eigin eftirlits.
2. Aðgerðaskráningin eða skjalfestingin skal í öllum tilvikum sýna:
 - a) hver tilgangurinn með beiðni um aðgang að gögnum í komu- og brottfararkerfinu er nákvæmlega, þ.m.t. um hvers konar hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað er að ræða og, að því er varðar Löggæslusamvinnustofnunina, hver tilgangurinn með beiðni um aðgang er nákvæmlega,

- b) hvaða gildu ástæður eru gefnar upp fyrir því að framkvæma ekki samanburð við önnur aðildarríki samkvæmt ákvörðun 2008/615/DIM, í samræmi við b-lið 2. mgr. 32. gr. þessarar reglugerðar,
 - c) tilvísun í landsskrá,
 - d) dagsetningu og nákvæma tímasetningu beiðni miðlægu aðgangsstöðvarinnar um aðgang að miðlæga komu- og brottfararkerfinu,
 - e) heiti yfirvaldsins sem bað um uppflettinga,
 - f) ef við á, að flýtimeðferðinni, sem um getur í 2. mgr. 31. gr. þessarar reglugerðar, hafi verið beitt og hvaða ákvörðun var tekin varðandi sannprófunina sem fram fór eftir á,
 - g) hvaða gögn voru notuð til uppflettingar,
 - h) einrætt notandakenni þess starfsmanns sem framkvæmdi leitina og þess starfsmanns sem fyrirskipaði leitina, í samræmi við reglur landsins eða reglugerð (ESB) 2016/794.
3. Aðgerðaskráning og skjalfesting skal einungis notuð til að hafa eftirlit með lögmæti gagnavinnslu og til að tryggja heilleika gagna og öryggi. Einungis má nota aðgerðaskrár sem innihalda ekki persónuupplýsingar við eftirlitið og matið sem um getur í 72. gr. Eftirlitsyfirvaldið, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, sem ber ábyrgð á því að kanna lögmæti beiðninnar og fylgjast með lögmæti gagnavinnslu og heilleika og öryggi gagna, skal hafa aðgang að þessum aðgerðaskráningum, að eigin beiðni, í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar.

VIII. KAFLI

BREYTINGAR Á ÖÐRUM GERNINGUM SAMBANDSINS

60. gr.

Breyting á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins

Ákvæðum 20. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á rétt hvers samningsaðila um sig til að heimila á yfirráðasvæði sínu að útlendingur dvelji lengur en 90 daga á hverju 180 daga tímabili:

 - a) í undantekningartilvikum eða
 - b) í samræmi við tvíhliða samning sem gerður hefur verið áður en samningur þessi öðlaðist gildi og tilkynntur framkvæmdastjórninni í samræmi við 2. mgr. d.“
- 2) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2a. Heimilt er að framlengja dvöl útlendinga á yfirráðasvæði samningsaðila í samræmi við tvíhliða samning skv. b-lið 2. mgr., að beiðni útlendinga sem lögð er fram hjá lögbærum yfirvöldum þess samningsaðila við komu útlendinga eða meðan á dvöl hans stendur, þó í síðasta lagi á síðasta virka degi 90 daga dvalar viðkomandi á hverju 180 daga tímabili.

Hafi útlendingur ekki lagt fram beiðni meðan á 90 daga dvöl hans á hverju 180 daga tímabili stendur er heimilt að framlengja dvöl hans samkvæmt tvíhliða samningi sem gerður er af samningsaðila og lögbær yfirvöld þess samningsaðila mega líta á dvöl hans fram yfir 90 daga dvölinu á hverju 180 daga tímabili fyrir þá framlengingu sem lögmæta að því tilskildu að útlendingurinn leggi fram trúverðug sönnunargögn sem sýna fram á að hann hafi einungis dvalið á yfirráðasvæði þess samningsaðila á því tímabili.

2b. Þegar dvöl er framlengd skv. 2. mgr. þessarar greinar skulu lögbær yfirvöld þess samningsaðila færa inn upplýsingar varðandi framlenginguna í síðustu viðkomandi komu-/brottfararskráningu sem tengist gagnaskránni yfir útlendinginn í komu- og brottfararkerfinu sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 (*1). Slíkar upplýsingar skulu færðar inn í samræmi við 19. gr. þeirrar reglugerðar.

2c. Þegar dvöl er framlengd skv. 2. mgr. skal viðkomandi útlendingur einungis hafa heimild til dvalar á yfirráðasvæði þess samningsaðila og til brottfarar frá ytri landamærum þess samningsaðila.

Lögbæru yfirvöldin sem framlengdu dvölinu skulu tilkynna viðkomandi útlendingi að framlenging dvalarinnar heimili honum einungis að dvelja á yfirráðasvæði þess samningsaðila og að brottför hans skuli vera frá ytri landamærum þess samningsaðila.

2d. Samningsaðilar skulu senda framkvæmdastjórninni texta viðkomandi, gildandi tvíhliða samninga sinna, eins og um getur í b-lið 2. mgr., eigi síðar en 30. mars 2018. Hætti samningsaðili beitingu einhvers þessara tvíhliða samninga skal hann tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórnin skal

birta upplýsingar um slíka tvíhliða samninga í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, a.m.k. um þau aðildarríki og þriðju lönd sem um er að ræða, réttindi sem þessir tvíhliða samningar veita útlendingum og um hvers konar breytingar á þeim.

61. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 767/2008

Reglugerð (EB) nr. 767/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. mgr. 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við:

„da) ef við á, upplýsingum um að vegabréfsáritunin hafi verið gefin út með takmarkað gildissvæði skv. b-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009,“

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„l) ef við á, stöðu einstaklingsins sem gefur til kynna að ríkisborgari þriðja lands sé aðstandandi borgara Sambandsins, sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB (*2) gildir um, eða ríkisborgara þriðja lands, sem hefur jafngildan rétt til frjálstrar farar og borgarar Sambandsins samkvæmt samningi milli Sambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og þriðja lands hins vegar.

2) Í 13. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„3. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að ógilda eða afturkalla vegabréfsáritun skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritanir og sem tók ákvörðunina, þegar í stað sækja og flytja út úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og inn í komu- og brottfararkerfið, sem komið er á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 (*3) upplýsingarnar, sem taldar eru upp í 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Í 14. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„3. Yfirvaldið sem gefur út vegabréfsáritanir og tók ákvörðunina um að framlengja gildistíma útgefnar vegabréfsáritunar, lengd dvalartíma sem hún heimilar eða hvort tveggja, skal þegar í stað sækja og flytja út úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og inn í komu- og brottfararkerfið upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.“

4) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b- og c-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„b) kenninafns, eiginnafns eða -nafna, fæðingardags og -árs, ríkisfangs, eins eða fleiri, kyns,

c) tegundar og númers ferðaskilríkja, þriggja stafa kóða útgáfulands ferðaskilríkjanna og lokadagsetningar gildistíma ferðaskilríkjanna,“.

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„4. Í því skyni að fletta upp í komu- og brottfararkerfinu vegna meðferðar og ákvarðanatöku um umsóknir um vegabréfsáritanir í samræmi við 24. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 skal lögbæru yfirvaldi sem gefur út vegabréfsáritanir veittur aðgangur til leitar í komu- og brottfararkerfinu beint úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir á grundvelli eins eða fleiri atriða sem um getur í þeirri grein.

5. Ef leit á grundvelli upplýsinganna, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, leiðir í ljós að gögn um ríkisborgara þriðja lands sé ekki að finna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir eða ef vafi leikur á því hver ríkisborgari þriðja lands er, skal lögbært yfirvald sem gefur út vegabréfsáritanir hafa aðgang að upplýsingum til kennslagreiningar í samræmi við 20. gr.“

5) Eftirfarandi grein bætist við III. kafla:

„17. gr. a

Samvirkni við komu- og brottfararkerfið

1. Frá upphafi starfsemi komu- og brottfarakerfisins, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, skal koma á samvirkni milli komu- og brottfarakerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir til að tryggja meiri skilvirkni og hraðara vegabréfaeftirlit. Í því skyni skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa koma á öruggri samskiptaleið milli miðlæga komu- og brottfarakerfisins og miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Aðeins skal vera hægt að fletta beint upp milli komu- og brottfarakerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir ef kveðið er á um það bæði

í þessari reglugerð og reglugerð 2017/2226. Að sækja vegabréfsáritanatengd gögn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, flutningur þeirra inn í komu- og brottfararkerfið og uppfærsla gagna úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í komu- og brottfararkerfinu skal gerast sjálfkrafa þegar viðkomandi yfirvald setur af stað viðkomandi aðgerð.

2. Samvirknin skal gera yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir, sem nota upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, kleift að fletta upp í komu- og brottfararkerfinu úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir:

- a) við meðferð og ákvarðanatöku um umsóknir um vegabréfsáritun eins og um getur í 24. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og 4. mgr. 15. gr. þessarar reglugerðar,
- b) til að sækja og flytja vegabréfsáritunartengd gögn beint út úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og inn í komu- og brottfararkerfið þegar vegabréfsáritun er ógilt, afturkölluð eða framlengd í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og 13. og 14. gr. þessarar reglugerðar.

3. Samvirknin skal gera landamærayfirvöldum, sem nota komu- og brottfararkerfið, kleift að fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir úr komu- og brottfararkerfinu til þess:

- a) sækja vegabréfsáritunartengd gögn beint í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flytja þau inn í komu- og brottfararkerfið til að stofna eða uppfæra megi komu-/brottfararskráningu eða skráningu á synjun um komu handhafa vegabréfsáritunar í komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 14., 16. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og 18. gr. a í þessari reglugerð,
- b) sækja vegabréfsáritunartengd gögn beint úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og flytja þau inn í komu- og brottfararkerfið þegar vegabréfsáritun er ógilt, afturkölluð eða framlengd í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og 13. og 14. gr. þessarar reglugerðar,
- c) sannprófa að viðkomandi vegabréfsáritun sé ósvikin og gild, hvort skilyrði komu til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna í samræmi við 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 (*4) séu uppfyllt eða hvort tveggja, eins og um getur í 2. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar,
- d) kanna hvort ríkisborgarar þriðju landa, sem undanþegnir eru kvöð um vegabréfsáritun og sem ekki er til gagnaskrá yfir í komu- og brottfararkerfinu, hafi áður verið skráðir í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og 19. gr. a í þessari reglugerð,
- e) þar sem deili á handhafa vegabréfsáritunar eru sannprófuð með fingraförum, sannprófa deili á handhafa vegabréfsáritunar með samanburði á fingraförum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 2. og 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og 6. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar.

4. Vegna starfrækslu vefþjónustu komu- og brottfarakerfisins, sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, skal upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir uppfæra daglega sérstaka, skrifvarða gagnagrunninn sem um getur í 5. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar með einhliða útdrætti nauðsynlegs lágmarkshlutmengis gagna úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

5. Í samræmi við 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 skal framkvæmdastjórnin samþykka nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á og móta háþróaða samvirgni. Til að koma á samvirgni við komu- og brottfararkerfið skal rekstraryfirvaldið annast tilskilda þróun og aðlaganir á miðlæga upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, landsbundna skilfletinum í hverju aðildarríki og fjarskiptavirkinu milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna. Aðildarríkin skulu aðlaga og þróa landsbundnu grunnvirkin.

6) Í stað 18. gr. komi eftirfarandi:

„18. gr.

**Aðgangur að upplýsingum til sannprófunar á landamærum
þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt**

1. Í þeim tilgangi einum að sannprófa deili á handhöfum vegabréfsáritunar, að vegabréfsáritunin sé ósvikin, sannprófa gildistíma hennar, gildissvæði og stöðu eða hvort skilyrði fyrir komu til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 séu uppfyllt, eða hvort tveggja, skulu yfirvöld sem lögbær eru til að framkvæma eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt hafa leitaraðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir á grundvelli eftirfarandi upplýsinga:

- a) kenninafns, eiginnaafns eða -nafna, fæðingardags og -árs, ríkisfangs, eins eða fleiri, kyns, tegundar og númers ferðaskilríkja, einna eða fleiri, þriggja stafa kóða útgáfulands ferðaskilríkjanna, einna eða fleiri, og lokadagsetningar gildistíma ferðaskilríkjanna, einna eða fleiri, eða
- b) númers vegabréfsáritunarmiða.

2. Þegar leit er sett af stað í komu- og brottfararkerfinu skv. 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, skal lögbært landamærayfirvald setja af stað, einungis í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar

greinar, leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir beint úr komu- og brottfararkerfinu á grundvelli þeirra gagna sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar.

3. Þegar leit er sett af stað í komu- og brottfararkerfinu skv. 2. eða 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, er lögbæru landamærayfirvaldi heimilt, þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar, að leita í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir án þess að nýta samvirknina við komu- og brottfararkerfið ef sérstakar aðstæður krefjast þess, einkum ef það er frekar við hæfi vegna sérstakra aðstæðna ríkisborgara þriðja lands að leita á grundvelli upplýsinganna sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, ef tímabundið reynist tæknilega ómögulegt að fletta upp í gögnum í komu- og brottfararkerfinu eða ef komu- og brottfararkerfið bilar.

4. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem taldar eru upp í 1. mgr., í ljós að í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir sé að finna gögn um eina útgefna eða framlengda vegabréfsáritun eða fleiri þar sem gildistími er ekki útrunninn og gildissvæði þeirra heimilar för yfir landamærin, skal lögbæru yfirvaldi sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, veittur aðgangur til að fletta upp í eftirfarandi gögnum í viðkomandi umsóknarskrá og í tengdri umsóknarskrá eða -skrá skv. 4. mgr. 8. gr., eingöngu í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar:

- a) upplýsingum um stöðu og upplýsingum sem fengnar eru af umsóknareyðublaðinu sem um getur í 2. og 4. mgr. 9. gr.,
- b) ljósmyndum,
- c) gögnunum sem um getur í 10., 13. og 14. gr. og sem færð eru inn varðandi vegabréfsáritun eða -áritanir sem eru gefnar út, ógiltar eða afturkallaðar eða vegabréfsáritun eða -áritanir þar sem gildistíminn hefur verið framlengdur.

Að því er varðar handhafa vegabréfsáritunar, sem ekki er krafist að leggja fram tilteknar upplýsingar af lagalegum ástæðum eða vegna þess að þær er í raun ekki hægt að láta í té, skal lögbæra yfirvaldið, sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, fá tilkynningu um hinn tiltekna upplýsingareit eða -reiti sem í skal setja „á ekki við“.

5. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem taldar eru upp í 1. mgr. þessarar greinar, í ljós að í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir sé að finna gögn um einstaklinginn en engin gild vegabréfsáritun er skráð, skal lögbæru yfirvaldi sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, veittur aðgangur til að fletta upp í eftirfarandi gögnum í viðkomandi umsóknarskrá eða -skrá og í tengdri umsóknarskrá eða -skrá skv. 4. mgr. 8. gr., eingöngu í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar:

- a) upplýsingum um stöðu og upplýsingum sem fengnar eru af umsóknareyðublaðinu sem um getur í 2. og 4. mgr. 9. gr.,
- b) ljósmyndum,
- c) gögnunum sem um getur í 10., 13. og 14. gr. og sem færð eru inn varðandi vegabréfsáritun eða -áritanir sem eru gefnar út, ógiltar eða afturkallaðar eða vegabréfsáritun eða -áritanir þar sem gildistíminn hefur verið framlengdur.

6. Til viðbótar við uppflettinguna sem fram fer skv. 1. mgr. þessarar greinar skal lögbæra yfirvaldið, sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, sannprófa deili á einstaklingi í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir ef leitin með upplýsingunum, sem taldar eru upp í 1. mgr. þessarar greinar, leiðir í ljós að í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir sé að finna gögn um einstaklinginn og eitt eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

- a) ekki er hægt að sannprófa deili á einstaklingnum í komu- og brottfararkerfinu, í samræmi við 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, vegna þess að:
 - i. handhafi vegabréfsáritunarinnar hefur ekki enn verið skráður í komu- og brottfararkerfið,
 - ii. deili á viðkomandi er sannprófuð á viðkomandi landamærastöð með því að nota fingraför í samræmi við 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226,
 - iii. vafi leikur á því hver handhafi vegabréfsáritunar er,
 - iv. af annarri ástæðu,
- b) hægt er að sannprófa deili á einstaklingnum í komu- og brottfararkerfinu, en 5. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 á við.

Lögbær yfirvöld, sem annast eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, skulu sannprófa fingraför handhafa vegabréfsáritunarinnar með því að bera þau saman við fingraförin sem skráð eru í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir. Ef ekki er hægt að nota fingraför handhafa vegabréfsáritunar skal leitin, sem um getur í 1. mgr., eingöngu fara fram á grundvelli alstafagagnanna sem um getur í 1. mgr.

7. Til að sannprófa fingraför með því að bera þau saman við upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, eins og kveðið er á um í 6. mgr., getur lögbært yfirvald sett af stað leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir úr komu- og brottfararkerfinu.

8. Takist ekki að sannreyna að handhafi vegabréfsáritunar sé sá sem hann segist vera eða að vegabréfsáritun hans sé ósvikin eða leiki vafi á því hver handhafi vegabréfs er og hvort vegabréfsáritun hans eða ferðaskilríki séu ósvikin skulu starfsmenn lögbærra yfirvalda sem annast eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, sem til þess hafa tilskilda heimild, hafa aðgang að gögnum í samræmi við 1. og 2. mgr. 20. gr.“

7) Eftirfarandi grein bætist við:

„18. gr. a

Gögn sótt í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir til að stofna eða uppfæra komu-/brottfararskráningu eða skráningu á synjun um komu handhafa vegabréfsáritunar í komu- og brottfararkerfinu

Einungis skal veita lögbæru yfirvaldi, sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, aðgang til að sækja í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og flytja inn í komu- og brottfararkerfið upplýsingarnar sem geymdar eru í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og taldar eru upp í c- til f-lið 2. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar í þeim tilgangi að stofna eða uppfæra komu-/brottfararskráningu eða skráningu á synjun um komu handhafa vegabréfsáritunar í komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 14. gr. (2. mgr.) og 16. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.“

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„19. gr. a

Notkun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir áður en stofnaðar eru skrár fyrir ríkisborgara þriðju lands, sem undanþegnir eru kvöð um vegabréfsáritun, í komu- og brottfararkerfinu

1. Í þeim tilgangi að kanna hvort einstaklingur hafi áður verið skráður í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skulu lögbær yfirvöld, sem fara með eftirlit á landamærastöðvum á ytri landamærunum í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/399, fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir áður en þau stofna gagnaskrár yfir ríkisborgara þriðju lands, sem undanþegnir eru kvöð um vegabréfsáritun, í komu- og brottfararkerfinu eins og mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar 2017/2226.

2. Þegar 4. mgr. 23. gr. reglugerðar 2017/2226 á við og leitin sem um getur í 27. gr. þeirrar reglugerðar leiðir í ljós að engin gögn er að finna um ríkisborgara þriðja lands í komu- og brottfararkerfinu skal lögbært yfirvald sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt hafa, í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, leitaraðgang í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir á grundvelli eftirfarandi upplýsinga: kenninafns, eiginnaframskrá eða -nafna, fæðingardags og -árs, ríkisfangs, eins eða fleiri, kyns, tegundar og númers ferðaskilríkja, þriggja stafa kóða útgáfulands ferðaskilríkjanna og lokadagsetningar gildistíma ferðaskilríkjanna.

3. Í framhaldi af því að leit er sett af stað í komu- og brottfararkerfinu skv. 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, skal lögbært landamærayfirvald sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, einungis í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, setja af stað leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir beint úr komu- og brottfararkerfinu á grundvelli alstafagagnanna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

4. Leiði leitin með gögnunum, sem um getur í 2. mgr., í ljós að upplýsingar um ríkisborgara þriðja lands sé að finna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal lögbæra yfirvaldið sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt auk þess sannprófa fingraför ríkisborgara þriðja lands með því að bera þau saman við fingraförin sem skráð eru í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir. Það yfirvald getur sett af stað sannprófunina úr komu- og brottfararkerfinu. Ef ekki er hægt að nota fingraför ríkisborgara þriðja lands skal leitin eingöngu fara fram á grundvelli alstafagagnanna, sem um getur í 2. mgr.

5. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem taldar eru upp í 2. mgr. þessarar greinar og sannprófunin sem gerð er skv. 4. mgr. þessarar greinar, í ljós að í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir sé að finna gögn um einstaklinginn, skal lögbæru yfirvaldi sem fer með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, veittur aðgangur til að fletta upp eftirfarandi gögnum í viðkomandi umsóknarskrá og í tengdri umsóknarskrá eða -skrá skv. 4. mgr. 8. gr., eingöngu í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar:

- a) upplýsingum um stöðu og upplýsingum sem fengnar eru af umsóknareyðublaðinu sem um getur í 2. og 4. mgr. 9. gr.,
 - b) ljósmyndum,
 - c) gögnunum sem um getur í 10., 13. og 14. gr. og sem færð eru inn varðandi vegabréfsáritun eða -áritanir sem eru gefnar út, ógiltar eða afturkallaðar eða vegabréfsáritun eða -áritanir sem eru fram-lengdar.
6. Takist sannprófunin, sem um getur í 4. eða 5. mgr. þessarar greinar, ekki eða leiki vafi á því hver einstaklingurinn er eða hvort ferðaskilríki hans séu ósvikin skulu starfsmenn lögbærra yfirvalda sem annast eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, sem til þess hafa tilskilda heimild, hafa aðgang að gögnum í samræmi við 1. og 2. mgr. 20. gr. Lögbært yfirvald sem fer með eftirlit á landa-mærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt getur sett kennslagreininguna sem um getur í 20. gr. af stað úr komu- og brottfararkerfinu.“
- 9) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Lögbær yfirvöld sem fara með eftirlit á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt eða eftirlit á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með því hvort skilyrði fyrir komu, dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis séu uppfyllt, skulu hafa aðgang til leitar í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir á grundvelli fingrafara viðkomandi einstaklings, í þeim tilgangi einum að bera kennsl á einstakling sem áður kann að hafa verið skráður í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir eða sem fullnægir ekki eða fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir komu, dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.
- 10) Í 26. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:
- „3a. Frá og með 30. júní 2018 skal rekstraryfirvaldið bera ábyrgð á verkefnunum sem um getur í 3. mgr.“
- 11) Ákvæðum 34. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:
- „1. Sérhvert aðildarríki og rekstraryfirvaldið skulu halda skrár um alla gagnavinnslu í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Í þessum skrár skal koma fram:
- a) hver tilgangurinn er með aðganginum, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. og í 15.–22. gr.,
 - b) dagsetning og tímasetning,
 - c) tegund gagna sem eru send eins og um getur í 9.–14. gr.,
 - d) tegund gagna sem voru notuð við leitina, eins og um getur í 15. gr. (2. mgr.), 17. gr., 18. gr. (1. og 6. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 19. gr. a (2. og 4. mgr.) 20. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.) og 22. gr. (1. mgr.) og
 - e) heiti yfirvaldsins sem færir inn gögn eða sækir þau.
- Þar að auki skal hvert aðildarríki halda skrár yfir það starfsfólk sem hefur tilskilda heimild til að færa inn eða sækja gögn í kerfið.“
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „1a. Að því er varðar aðgerðirnar sem taldar eru upp í 17. gr. a skal halda skrá um sérhverja gagnavinnslu-aðgerð sem framkvæmd er innan upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og komu- og brottfararkerfisins í samræmi við þessa grein og 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2226.“

62. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1077/2011

Reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Stofnunin skal bera ábyrgð á rekstrarstjórnun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II), upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS), evrópska fingrafaragrunnsins (Eurodac) og komu- og brottfararkerfisins (Entry/Exit System) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 (*5).
- 2) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

Verkefni tengd komu- og brottfararkerfinu

Í tengslum við komu- og brottfararkerfið skal stofnunin hafa með höndum eftirfarandi:

- a) verkefnin sem henni eru falin með reglugerð (ESB) 2017/2226,
- b) verkefni í tengslum við þjálfun í tæknilegri notkun komu- og brottfararkerfisins.“

3) Í stað 5. og 6. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„5. Verkefni í tengslum við rekstrarstjórnun fjarskiptavirkisins má fela utanaðkomandi einkaaðilum eða -stofnunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 (*6). Í því tilviki skal netveitandinn bundinn af öryggisráðstöfununum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar og ekki hafa neinn aðgang að upplýsingum um aðgerðir í Schengen-upplýsingakerfinu II, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunninum eða komu- og brottfararkerfinu, eða að upplýsingaskiptum SIRENE sem tengjast Schengen-upplýsingakerfinu II.

6. Með fyrirvara um gildandi samninga um netkerfi Schengen-upplýsingakerfisins II, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunnsins og komu- og brottfararkerfisins skal stjórnun dulkóðunarlykla áfram vera á valdsviði stofnunarinnar og ekki vera útvistað til neins utanaðkomandi einkaaðila.

4) Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Stofnunin skal fylgjast með þróun í rannsóknunum sem varða rekstrarstjórnun Schengen-upplýsingakerfisins II, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunnsins, komu- og brottfararkerfisins og annarra stórra upplýsingatæknikerfa.“

5) Ákvæðum 1. mgr. 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við:

„sa) samþykkja skýrslurnar um þróun komu- og brottfararkerfisins í samræmi við 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2226,“.

b) Í stað t-liðar komi eftirfarandi:

„t) samþykkja skýrslurnar um það hvernig Schengen-upplýsingakerfið II hefur reynst tæknilega séð í samræmi við 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 1987/2006 og 4. mgr. 66. gr. ákvörðunar 2007/533/DIM, og upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í samræmi við 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 3. mgr. 17. gr. ákvörðunar 2008/633/DIM og komu- og brottfararkerfið í samræmi við 4. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226,“.

c) Í stað v-liðar komi eftirfarandi:

„v) gera athugasemdir við skýrslur Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar um úttektir í samræmi við 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 1987/2006, 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013 og 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og tryggja viðeigandi eftirfylgni við þessar úttektir,“.

d) Eftirfarandi liður bætist við:

„xa) birta tölfræðilegar upplýsingar varðandi komu- og brottfararkerfið í samræmi við 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2226,“.

e) Eftirfarandi liður bætist við:

„za) sjá til þess að skráin yfir lögbær yfirvöld, sem um getur í 2. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2226, sé birt árlega,“.

6) Í stað 4. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„4. Löggæslusamvinnustofnuninni og Evrópsku réttaraðstoðinni (Eurojust) er heimilt að sitja fundi stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúar þegar á dagskrá fundarins er mál sem varðar Schengen-upplýsingakerfið II, í tengslum við beitingu ákvörðunar 2007/533/DIM. Löggæslusamvinnustofnuninni er einnig heimilt að sitja fundi stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúi þegar á dagskrá fundarins er mál sem varðar upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, í tengslum við beitingu ákvörðunar 2008/633/DIM, mál sem varðar evrópska fingrafaragrunnin, í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) nr. 603/2013, eða mál sem varðar komu- og brottfararkerfið, í tengslum við beitingu reglugerðar (ESB) 2017/2226.“

7) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað g-liðar 5. mgr. komi eftirfarandi:

„g) setja ákvæði um trúnaðarkvaðir til að hlíta ákvæðum 17. gr. reglugerðar nr. 1987/2006, 17. gr. ákvörðunar 2007/533/DIM, 9. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013 og 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, sbr. þó 17. gr. starfsmanna-reglnanna,“.

b) Eftirfarandi liður bætist við 6. mgr.:

„k) skýrslum um stöðu mála varðandi þróun komu- og brottfararkerfisins í samræmi við 2. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2226,“.

8) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„da) ráðgjafarhópur komu- og brottfararkerfisins,“.

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

Löggæslusamvinnustofnunin og Evrópska réttaraðstoðin mega hvor um sig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhóp Schengen-upplýsingakerfisins II. Löggæslusamvinnustofnunin má einnig tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópa upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunnsins (Eurodac) og komu- og brottfararkerfisins.“

IX. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

63. gr.

Notkun gagna vegna skýrslugjafar og hagskýrslugerðar

1. Starfsfólk lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Evrópustofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækniherfa sem til þess hefur tilskilda heimild skal hafa aðgang til að fletta upp eftirfarandi upplýsingum, þó einungis vegna skýrslugjafar og hagskýrslugerðar, án þess að hægt sé að bera kennsl á einstaklinga og í samræmi við verndarráðstafanirnar í tengslum við bann um mismunun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.:

- upplýsingum um stöðu,
- ríkisfangi, kyni og fæðingarári viðkomandi ríkisborgara þriðja lands,
- dagsetningu og landamærastöð þar sem komið er til aðildarríkis og dagsetningu og landamærastöð þar sem farið er frá aðildarríki,
- tegund ferðaskilríkja og þriggja stafa kóða útgáfulands,
- fjölda einstaklinga sem greindir hafa verið sem einstaklingar sem dvalið hafa fram yfir heimilaða dvöl sbr. 12. gr., ríkisföngum einstaklinga sem greindir hafa verið sem einstaklingar sem dvalið hafa fram yfir heimilaða dvöl og landamærastöð komu,
- gögnum sem færð eru inn vegna dvalar sem er afturkölluð eða dvalar sem er framlengd,
- þriggja stafa kóða aðildarríkisins sem gaf út vegabréfsáritunina, ef við á,
- fjölda einstaklinga sem eru undanþegnir þeirri kvöð að láta taka fingraför sín skv. 3. og 4. mgr. 17. gr.,
- fjölda ríkisborgara þriðju landa sem synjað er um komu, ríkisföng ríkisborgara þriðju landa sem synjað er um komu, tegund landamæra (á landi, á flugvöllum eða á sjó) þar sem landamærastöðin er þar sem synjað er um komu og ástæður synjunar um komu eins og um getur í d-lið 6. mgr. 18. gr.

Starfsfólk Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 ⁽⁴⁴⁾, sem til þess hefur tilskilda heimild, skal hafa aðgang til að fletta upp í gögnunum, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í því skyni að framkvæma áhættugreiningu og veikleikamat eins og um getur í 11. og 13. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa koma á fót, hrinda í framkvæmd og hýsa gagnasafn á miðlægum vettvangi á tæknisvæðum sínum sem hefur að geyma þau gögn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Í gagnasafninu skal ekki vera hægt að bera kennsl á einstaklinga en það skal gera yfirvöldunum, sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar, kleift að fá sérsniðnar skýrslur og hagskýrslur um komur og brottfarir, synjanir um komu og dvöl ríkisborgara þriðju landa fram yfir heimilaða dvöl til að efla skilvirkni landamæraeftirlits, aðstoða ræðisskrifstofur við meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og til að styðja við gagnreynda áætlanagerð á sviði fólksflutningastefnu Sambandsins.

Gagnasafnið skal einnig innihalda daglega uppfærðar tölfraðilegar upplýsingar um gögnin sem um getur í 4. mgr. Einungis skal veita aðgang að gagnasafninu vegna skýrslugjafar og hagskýrslugerðar, og þá með örugum aðgangi gegnum TESTA með aðgangsstjórn og sértækum notandalýsingum. Ítarlegar reglur um rekstur gagnasafnsins og þær persónuverndar- og öryggisreglur sem gilda um það skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

3. Í verklagsreglunum, sem Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa setur til að fylgjast með þróun og starfsemi komu- og brottfararkerfisins og um getur í 1. mgr. 72. gr., skal gert ráð fyrir þeim möguleika að taka saman reglulegar hagskýrslur til að tryggja þetta eftirlit.

4. Ársfjórðungslega skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa birta tölfraðilegar upplýsingar þar sem einkum kemur fram fjöldi, ríkisfang, aldur, kyn, lengd dvalar og landamærastöð komu þeirra sem dvelja fram yfir heimilaða dvöl, ríkisborgara þriðju landa sem synjað var um komu, þ.m.t. ástæður synjunarinnar, og ríkisborgara þriðju landa þar sem leyfi til dvalar var afturkallað eða framlengt, auk fjölda ríkisborgara þriðju landa sem eru undanþegnir þeirri kvöð að láta taka fingraför sín.

5. Í lok hvers árs skal taka saman ársskýrslu með tölfraðilegum gögnum fyrir það ár. Tölfraðilegu upplýsingarnar skulu sundurliðaðar fyrir hvert aðildarríki. Skýrslan skal birt og send Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni, Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, Evrópsku persónuverndarstofnuninni og landsbundnum eftirlitsyfirvöldum.

6. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa láta henni í té tölfraðilegar upplýsingar um tiltekna þætti sem tengjast framkvæmd þessarar reglugerðar, auk tölfraðilegu upplýsinganna skv. 3. mgr.

64. gr.

Kostnaður

1. Kostnaður í tengslum við stofnun og rekstur miðlæga komu- og brottfararkerfisins, fjarskiptavirkisins, samræmda landsbundna skilflatarins, vefþjónustunnar og gagnasafnsins, sem um getur í 2. mgr. 63. gr., skal greiddur af fjárlögum Evrópusambandsins.

2. Kostnaður í tengslum við samþættingu hins landsbundna landamæragrunnvirkis sem fyrir er og tengingu þess við samræmda landsbundna skilflötinn og í tengslum við hýsingu samræmda landsbundna skilflatarins skal greiddur af fjárlögum Evrópusambandsins.

Eftirfarandi kostnaður skal undanskilinn:

- a) skrifstofa verkefnastjórnunar í aðildarríkjunum (fundir, vinnuferðir, skrifstofur),
- b) hýsing landsbundinna upplýsingatækni-kerfa (rými, framkvæmd, rafmagn, kæling),
- c) rekstur landsbundinna upplýsingatækni-kerfa (samningar við rekstraraðila og þjónustusamningar),
- d) aðlögun landamæraeftirlits- og lögreglukerfa sem fyrir eru að landsbundnum komu- og brottfararkerfum,
- e) verkefnastjórnun landsbundinna komu- og brottfararkerfa,
- f) hönnun, þróun, framkvæmd, rekstur og viðhald landsbundinna fjarskiptaneta,
- g) sjálfvirk landamæravörslukerfi, sjálfsafgreiðslukerfi og rafræn hlið.

3. Hvert aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu, eftir því sem við á, bera kostnað vegna miðlægu aðgangsstöðvanna, sem um getur í 29. og 30. gr. Hvert aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu, eftir því sem við á, bera kostnað vegna tengingar þessara miðlægu aðgangsstöðva við samræmda landsbundna skilflötinn og við komu- og brottfararkerfið.

4. Sérhvert aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu koma upp og viðhalda, á eigin kostnað, því tæknilega grunnvirki sem nauðsynlegt er til framkvæmdar IV. kafla og skulu bera kostnað vegna aðgangs að komu- og brottfararkerfinu í þeim tilgangi.

5. Fjármögnun sem skal ráðstafað úr fjárheimildinni sem vísað er til í lið b í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 515/2014, til að standa straum af þeim kostnaði sem um getur í 1. til 4. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmd með óbeinni stjórnun að því er varðar kostnað sem fellur til hjá eu-LISA, og með sameiginlegri stjórnun að því er varðar kostnað sem fellur til hjá aðildarríkjunum.

65. gr.

Tilkynningar

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða yfirvald telst vera ábyrgðaraðili, eins og um getur í 39. gr.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-ferfa um lögbæru yfirvöldin sem um getur í 2. mgr. 9. gr., sem hafa aðgang til að færa inn, leiðrétta eða fullgera gögn, eða eyða, fletta upp í eða leita í þeim. Þremur mánuðum eftir að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun, í samræmi við 66. gr., skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-ferfa birta heildarskrá yfir þessi yfirvöld í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Aðildarríkin skulu einnig tilkynna tafarlaust um allar breytingar þar að lútandi. Ef um slíkar breytingar er að ræða skal Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatækni-ferfa birta árlega uppfærða heildarútgáfu með þeim upplýsingum.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-ferfa um tilnefnd yfirvöld sín og um miðlægu aðgangsstöðvarnar sem um getur í 29. gr. og skulu tilkynna tafarlaust um allar breytingar þar að lútandi.

4. Löggæslusamvinnustofnunin skal tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-ferfa hvaða yfirvald það tilnefnir og um miðlæga aðgangsstöð sína, sem um getur í 30. gr., og skal tilkynna tafarlaust um allar breytingar þar að lútandi.

5. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-ferfa skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar prófuninni, sem um getur í b-lið 1. mgr. 66. gr. hefur verið lokið með fullnægjandi hætti.

6. Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingarnar, sem um getur í 1., 3. og 4. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Ef um breytingar er að ræða skal framkvæmdastjórnin birta árlega uppfærða heildarútgáfu með þeim upplýsingum. Framkvæmdastjórnin skal stöðugt reka uppfært opinbert vefsetur með þessum upplýsingum.

66. gr.

Upphaf starfseminnar

1. Framkvæmdastjórnin ákveður hvaða dag komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun, þegar eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) ráðstafanirnar, sem um getur í 36. gr. og í 4. og 5. mgr. 50. gr., hafa verið samþykktar,
- b) alhliða prófun, sem Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-ferfa hefur umsjón með í samstarfi við aðildarríkin, hefur verið gerð á komu- og brottfararkerfinu og stofnunin hefur lýst því yfir að hún hafi heppnast vel,
- c) aðildarríkin hafa fullgilt tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 16.–20. gr. og senda þau til komu- og brottfararkerfisins, og hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær,
- d) aðildarríkin hafa sent framkvæmdastjórninni tilkynningarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 65. gr.

2. Komu- og brottfararkerfið skal starfrækt af:

- a) aðildarríkjum sem beita Schengen-réttarreglunum að fullu og
- b) aðildarríkjum sem ekki beita Schengen-réttarreglunum að fullu enn sem komið er en sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. sannprófun í samræmi við gildandi Schengen-matsaðferðir hefur verið lokið með fullnægjandi hætti,
 - ii. ákvæðum Schengen-réttarreglnanna um Schengen-upplýsingakerfið hefur verið komið til framkvæmda í samræmi við viðkomandi aðildarlög og
 - iii. ákvæðum Schengen-réttarreglnanna um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir sem nauðsynleg eru vegna starfrækslu komu- og brottfararkerfisins, eins og skilgreint er í þessari reglugerð, hefur verið komið til framkvæmda í samræmi við viðkomandi aðildarlög.

3. Aðildarríki, sem ekki fellur undir 2. mgr., skal tengja við komu- og brottfararkerfið um leið og skilyrðunum, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. hefur verið fullnægt. Framkvæmdastjórnin ákveður hvaða dag komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun í þessum aðildarríkjum.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður prófunarinnar sem framkvæmd er í samræmi við b-lið 1. mgr.

5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 1. og 3. mgr., skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. Aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin skulu byrja að nota komu- og brottfararkerfið frá þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 1. mgr. eða, eftir atvikum, 3. mgr.

67. gr.

Ceuta og Melilla

Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þær sérstöku reglur sem gilda um borgirnar Ceuta og Melilla, eins og þær eru skilgreindar í yfirlýsingu Konungsríkisins Spánar um borgirnar Ceuta og Melilla í lokagerð samningsins um aðild Konungsríkisins Spánar að samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.

68. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

69. gr.

Ráðgjafarhópur

Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal koma á fót ráðgjafarhópi til að sjá stofnuninni fyrir sérþekkingu varðandi komu- og brottfararkerfið, einkum í tengslum við undirbúning árlegrar vinnuáætlunar hennar og ársskýrslu um starfsemi hennar. Ákvæði 2. mgr. 37. gr. gilda meðan á hönnunar- og þróunaráfanga komu- og brottfararkerfisins stendur.

70. gr.

Þjálfun

Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal hafa með höndum verkefni tengd því að veita þjálfun í tæknilegri notkun komu- og brottfararkerfisins í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1077/2011.

71. gr.

Hagnýt handbók

Framkvæmdastjórnin skal, í nán­u samstarfi við aðildarríkin, Evrópustofnunina um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa og aðrar við­eigandi stofnanir, setja fram hagnýta handbók um framkvæmd og stjórnun komu- og brottfararkerfisins. Handbókin skal innihalda viðmiðunarreglur um tækni og verklag, tilmæli og bestu starfsvenjur. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja hagnýtu handbókina í formi tilmæla.

72. gr.

Eftirlit og mat

1. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa skal sjá til þess að verklagsreglur séu fyrir hendi til að hafa eftirlit með þróun komu- og brottfararkerfisins með tilliti til markmiða í tengslum við skipulagningu og kostnað og til að hafa eftirlit með starfsemi komu- og brottfararkerfisins með tilliti til markmiða í tengslum við tæknileg afköst, kostnaðarhagkvæmni, öryggi og gæði þjónustu.
2. Eigi síðar en 30. júní 2018, og á sex mánaða fresti eftir það meðan á þróunaráfanga komu- og brottfararkerfisins stendur, skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um stöðu mála varðandi þróun miðlæga komu- og brottfararkerfisins, samræmdu skilflatanna og fjarskiptavirkisins milli miðlæga komu- og brottfararkerfisins og samræmdu skilflatanna. Skýrslan skal innihalda nákvæmar upplýsingar um þann kostnað sem stofnað er til og upplýsingar um hvers konar áhættu sem gæti haft áhrif á heildarkostnaðinn við komu- og brottfararkerfið sem greiddur skal af fjárlögum Evrópusambandsins í samræmi við 1. mgr. 64. gr. og fyrstu undirgrein 2. mgr. 64. gr. Þegar þróun komu- og brottfararkerfisins er lokið skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem útskýrt er ítarlega hvernig markmiðunum var náð, einkum þeim sem tengjast skipulagi og kostnaði, og hvers konar frávik rökstudd.
3. Vegna tæknilegs viðhalds skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um gagnavinnsluaðgerðir sem fara fram í komu- og brottfararkerfinu.
4. Tveimur árum eftir að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun og á tveggja ára fresti eftir það skal Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni­kerfa leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina um það hvernig komu- og brottfararkerfið hefur reynst tæknilega séð, þ.m.t. öryggi þess.

5. Premur árum eftir að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun og á fjögurra ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja fram heildarmat á komu- og brottfararkerfinu. Þetta heildarmat skal innihalda:

- a) mat á beitingu þessarar reglugerðar,
- b) athugun á árangri sem náðst hefur með hliðsjón af markmiðunum og áhrifum á grundvallarréttindi,
- c) mat á því hvort þær meginreglur sem lagðar eru til grundvallar komu- og brottfararkerfinu eigi áfram við,
- d) mat á því hvort lífkennaupplýsingar, sem notaðar eru, séu viðeigandi fyrir eðlilega starfsemi komu- og brottfararkerfisins,
- e) mat á notkun stimpla þegar upp koma þær óvenjulegu aðstæður sem um getur í 2. mgr. 21. gr.,
- f) mat á öryggi komu- og brottfararkerfisins,
- g) mat á hvers konar afleiðingum, þ.m.t. óhóflegum áhrifum á umferðarflæði á landamærastöðvum og þeim sem hafa áhrif á fjárlög Sambandsins.

Matið skal innihalda öll nauðsynleg tilmæli. Framkvæmdastjórnin skal senda matsskýrsluna til Evrópuþingsins, ráðsins, Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar og Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 168/2007 ⁽⁴⁵⁾.

Mat þetta skal einnig fela í sér mat á notkun þeirra ákvæða sem um getur í 60. gr., að því er varðar tíðni – fjölda ríkisborgara þriðju landa sem nýta sér þessi ákvæði eftir aðildarríki, ríkisfang þeirra og meðallengd dvalar – og áhrif í reynd og skal þar tekið tillit til hvers konar tengdrar þróunar á stefnu Sambandsins í vegabréfsáritunarmálum. Í fyrstu matsskýrslunni geta verið valkostir sem miða að því að hverfa smám saman frá ákvæðunum, sem um getur í 60. gr., og láta gæring Sambandsins koma í þeirra stað. Henni skal fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf sem breytir ákvæðunum sem um getur í 60. gr.

6. Aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin skulu láta Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa og framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrslurnar sem um getur í 4. og 5. mgr. á grundvelli meginreglna vísa sem eru skilgreindir fyrir fram af framkvæmdastjórninni, Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa eða báðum. Þessar upplýsingar skulu hvorki stofna vinnuaðferðum í hættu né innihalda upplýsingar sem ljóstra upp um heimildarmenn, starfsfólk eða rannsóknir tilnefndra yfirvalda.

7. Evrópustofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar vegna heildarmatsins sem um getur í 5. mgr.

8. Sérhverv aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu, með hliðsjón af ákvæðum landslaga um birtingu viðkvæmra upplýsinga, taka saman ársskýrslur um skilvirkni aðgangs að gögnum í komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi, sem innihalda upplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar um:

- a) hvort flett var upp í kerfinu til að bera kennsl á einstakling eða vegna komu-/brottfararskráninga, og hvers konar hryðjuverk eða alvarlegur refsiverður verknaður leiddi til þess að það var gert,
- b) ástæður sem gefnar eru til að rökstyðja grun um að viðkomandi einstaklingur falli undir þessa reglugerð,
- c) ástæður sem gefnar eru til þess að fletta ekki upp í sjálfvirkum fingrafaragreiningarkerfum annarra aðildarríkja skv. ákvörðun 2008/615/DIM í samræmi við b-lið 2. mgr. 32. gr. þessarar reglugerðar,
- d) fjölda beiðna um aðgang að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi,
- e) fjölda og tegund mála þar sem aðgangur að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi leiddi til þess að farsællega tókst að bera kennsl á einstaklinga,
- f) fjölda og tegunda mála þar sem flýtimeðferðinni, sem um getur í 2. mgr. 31. gr. og í annarri málsgrein 2. mgr. 32. gr., var beitt, þ.m.t. þau mál þar sem sannprófunin, sem fer fram eftir á af hálfu miðlægu aðgangsstöðvarinnar, réttlætti ekki flýtimeðferðina.

Aðildarríkjunum skal séð fyrir tæknilausn til að auðvelda þeim að safna gögnunum sem talin eru upp í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar vegna hagskýrslugerðarinnar sem um getur í þessari málsgrein. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir um forskriftir fyrir tæknilausnina. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

Ársskýrslur aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunarinnar skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. júní næsta árs á eftir.

73. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 1. mgr. 66. gr. hennar, að undanskildum eftirfarandi ákvæðum, sem skulu koma til framkvæmda frá og með 29. desember

2017: Ákvæði 5., 36., 37., 38., 43. og 51. gr. þessarar reglugerðar; ákvæði 5. liðar 61. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar 5. mgr. 17. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008; ákvæði 10. liðar 61. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar málsgrein 3a í 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008; og 62., 64., 65., 66., 68., 69. og 70. gr. og 2. mgr. 72. gr. þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ALÞJÓÐASTOFNANIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 41. GR.

1. Stofnanir Sameinuðu þjóðanna (s.s. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna).
2. Alþjóðastofnunin um fólksflutninga (IOM).
3. Alþjóðaráð Rauða krossins.

II. VIÐAUKI

SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM RÍKISBORGARA ÞRIÐJU LANDA SEM FARA YFIR LANDAMÆRI Á GRUNDEVILLI GILDS SKJALS TIL AÐ GREIÐA FYRIR GEGNUMFERÐ

1) Þegar um er að ræða ríkisborgara þriðju landa sem fara yfir landamæri á grundvelli gilds skjals til að greiða fyrir gegnumferð skulu landamærayfirvöld, þrátt fyrir 1.–3. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar:

- a) stofna eða uppfæra gagnaskrár yfir þá sem inniheldur gögnin sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar. Auk þess skal koma fram í gagnaskrár yfir þá að viðkomandi ríkisborgari þriðja lands sé handhafi skjals til að greiða fyrir gegnumferð. Þær upplýsingar skulu sjálfkrafa leiða til þess að bætt sé við komu-/brottfararskráninguna upplýsingum um að skjalið til að greiða fyrir gegnumferð gildi fyrir margar komur,
- b) færa inn, fyrir hverja komu á grundvelli gilds skjals til að greiða fyrir gegnumferð, upplýsingarnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar í komu-/brottfararskráningu, auk upplýsinga um að koman hafi verið á grundvelli skjals til að greiða fyrir gegnumferð.

Við útreikning á hámarkstíma gegnumferðar skal miða við komudag og -tíma sem upphafspunkt. Komu- og brottfararkerfið skal reikna sjálfvirk út dagsetninguna og tímasetninguna þegar heimil gegnumferð rennur úr gildi í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 693/2003.

2) Auk þess skal dagurinn þegar gildistími skjalsins til að greiða fyrir gegnumferð rennur út, færður inn í komu-/brottfararskráninguna við fyrstu komu á grundvelli viðkomandi skjals.

3) Ákvæði 3. og 4. mgr. 16. gr. gilda, að breyttu breytanda, um ríkisborgara þriðju lands sem eru handhafar skjals til að greiða fyrir gegnumferð.

4) Vegna sannprófunar á landamærum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt og á yfirráðasvæði aðildarríkjanna skulu ríkisborgarar þriðju landa, sem fara yfir landamæri á grundvelli gilds skjals til að greiða fyrir gegnumferð, sæta, að breyttu breytanda, þeim sannprófunum og kennslagreiningum sem kveðið er á um í 23. og 26. gr. þessarar reglugerðar og 19. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008 sem gilda um ríkisborgara þriðju landa sem undanþegnir eru kvöð um vegabréfsáritun.

5) Ákvæði 1.–4. liðar skulu ekki gilda um ríkisborgara þriðju landa sem fara yfir landamæri á grundvelli gilds skjals til að greiða fyrir gegnumferð ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) um er að ræða gegnumferð með lest og
- b) þeir fara ekki frá borði á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

(¹) Stjtið. ESB C 487, 28.12.2016, bls. 66.

(²) Afstaða Evrópuþingsins frá 25. október 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. nóvember 2017.

(³) Ákvörðun ráðsins 2004/512/EB frá 8. júní 2004 um að koma á upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) (Stjtið. ESB L 213, 15.6.2004, bls. 5).

(⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1987/2006 frá 20. desember 2006 um stofnsetningu, rekstur og notkun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II) (Stjtið. ESB L 381, 28.12.2006, bls. 4).

(⁵) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 frá 9. mars 2016 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamæraeglnar) (Stjtið. ESB L 77, 23.3.2016, bls. 1).

- (⁶) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1077/2011 frá 25. október 2011 um að koma á fót Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingateknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stjtið. ESB L 286, 1.11.2011, bls. 1).
- (⁷) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60).
- (⁸) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2006/671/DIM (Stjtið. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).
- (⁹) Rammaákvörðun ráðsins 2002/584/DIM frá 13. júní 2002 um evrópsku handtökuskipunina og málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkjanna (Stjtið. EB L 190, 18.7.2002, bls. 1).
- (¹⁰) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtið. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).
- (¹¹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsivíðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).
- (¹²) Ákvörðun ráðsins 2008/615/DIM frá 23. júní 2008 um eflingu samstarfs yfir landamæri, einkum í baráttunni gegn hryðjuverkum og afbrotastarfsemi yfir landamæri (Stjtið. ESB L 210, 6.8.2008, bls. 1).
- (¹³) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).
- (¹⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).
- (¹⁵) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).
- (¹⁶) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).
- (¹⁷) Stjtið. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19.
- (¹⁸) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 515/2014 frá 16. apríl 2014 um að koma á fót, sem hluta af Sjóðnum fyrir innra öryggi, fjármögnunarleið til fjárstuðnings við ytri landamæri og vegabréfsáritanir og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 574/2007/EB (Stjtið. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 143).
- (¹⁹) Ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43).
- (²⁰) Ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20).
- (²¹) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
- (²²) Ákvörðun ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31).
- (²³) Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 52.
- (²⁴) Ákvörðun ráðsins 2008/146/EB frá 28. janúar 2008 um undirritun, fyrir hönd Evrópubandalagsins, á samningnum sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 1).
- (²⁵) Ákvörðun ráðsins 2008/149/DIM frá 28. janúar 2008 um undirritun, fyrir hönd Evrópusambandsins, á samningnum sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 50).
- (²⁶) Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 21.
- (²⁷) Ákvörðun ráðsins 2011/350/ESB frá 7. mars 2011 um undirritun, fyrir hönd Evrópusambandsins, á bókuninni sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Ríkjasambandið Sviss og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna að því er varðar afnám eftirlits á innri landamærum og um för fólks (Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 19).
- (²⁸) Ákvörðun ráðsins 2011/349/ESB frá 7. mars 2011 um undirritun, fyrir hönd Evrópusambandsins, á bókuninni sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Ríkjasambandið Sviss og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna að því er varðar dómsmálasamstarf í sakamálum og lögreglu-samvinnu (Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 1).
- (²⁹) Ákvörðun ráðsins 2010/365/ESB frá 29. júní 2010 um beitingu ákvæða Schengen-réttarreglnanna sem varða Schengen-upplýsingakerfið í Lýðveldinu Búlgaríu og Rúmeníu (Stjtið. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 17).
- (³⁰) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2017/733 frá 25. apríl 2017 um beitingu ákvæða Schengen-réttarreglnanna er varða Schengen-upplýsingakerfið í Lýðveldinu Króatíu (Stjtið. ESB L 108, 26.4.2017, bls. 31).
- (³¹) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2017/1908 frá 12. október 2017 um að koma tilteknum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna er varða upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir til framkvæmda í Lýðveldinu Búlgaríu og Rúmeníu (Stjtið. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 39).
- (³²) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1030/2002 frá 13. júní 2002 um dvalarleyfi að samræmndri fyrirmynd fyrir ríkisborgara þriðju landa (Stjtið. EB L 157, 15.6.2002, bls. 1).
- (³³) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/66/ESB frá 15. maí 2014 um skilyrði fyrir komu og dvöl ríkisborgara þriðju landa í tengslum við tilflutninga innan viðskiptafyrirtækis (Stjtið. ESB L 157, 27.5.2014, bls. 1).

⁽³⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/801 frá 11. maí 2016 um skilyrði fyrir komu og dvöl ríkisborgara þriðju landa vegna rannsókna, náms, þjálfunar, sjálfbæðisþjónustu, nemendaskiptaáætlaða eða fræðsluverkefna og vistráðninga (au pair) (Stjtið. ESB L 132, 27.5.2014, bls. 21).

⁽³⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/32/ESB frá 26. júní 2013 um sameiginlegar málsmeðferðarreglur við veitingu og afturköllun á alþjóðlegri vernd (Stjtið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 60).

⁽³⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 377/2004 frá 19. febrúar 2004 um að koma á neti tengifulltrúa innflytjendamála (Stjtið. ESB L 64, 2.3.2004, bls. 1).

⁽³⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (vegabréfsáritunarreglurnar) (Stjtið. ESB L 243, 15.9.2009, bls. 1).

⁽³⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/602/EB frá 17. júní 2008 um raunlæga högun og kröfur landsbundinna skilflata og fjarskiptavirkisins milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS) og landsbundnu skilflatanna fyrir þróunaráfangann (Stjtið. ESB L 194, 23.7.2008, bls. 3).

⁽³⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 693/2003 frá 14. apríl 2003 um að taka upp sérstakt skjal til að greiða fyrir gegnumferð (FTD) og skjal til að greiða fyrir gegnumferð með járnbrautum (FRTD) og um breytingar á Sameiginlegu fyrirmælunum til sendiráða og ræðisskrifstofa og Sameiginlegu handbókinni (Stjtið. ESB L 99, 17.4.2003, bls. 8).

⁽⁴⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB frá 16. desember 2008 um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðju landa sem dvelja þar ólöglega (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 98).

⁽⁴¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2008/633/DIM frá 23. júní 2008 um uppflettiaðgang tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 129).

⁽⁴²⁾ Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1.

⁽⁴³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1053/2013 frá 7. október 2013 um að koma á fót mats- og eftirlitskerfi til að sannprófa beitingu Schengen-réttarreglnanna og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdanefndarinnar frá 16. september 1998 um skipan fastanefndar um mat á Schengen-samningnum og framkvæmd hans (Stjtið. ESB L 295, 6.11.2013, bls. 27).

⁽⁴⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 frá 14. september 2016 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 863/2007, reglugerð ráðsins (EB) nr. 2007/2004 og ákvörðun ráðsins 2005/267/EB (Stjtið. ESB L 251, 16.9.2016, bls. 1).

⁽⁴⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 168/2007 frá 15. febrúar 2007 um stofnun Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda (Stjtið. ESB L 53, 22.2.2007, bls. 1).

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2025/1534****frá 18. júlí 2025****um tímabundnar undanþágur frá tilteknum ákvæðum reglugerða (ESB) 2017/2226 og (ESB) 2016/399 að því er varðar töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum b- og d-lið 2. mgr. 77. gr. og a-lið 2. mgr. 87. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 66. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 ⁽²⁾ um að koma á fót komu- og brottfararkerfinu (e. Entry/Exit System (EES)) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli ákveða hvaða dag komu- og brottfararkerfið verður tekið í notkun þegar tiltekin skilyrði hafa verið uppfyllt.
- 2) Framkvæmdastjórninni hafa ekki borist allar tilkynningar skv. c-lið 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, sem er eitt af skilyrðunum fyrir því að tekin verði ákvörðun um að taka komu- og brottfararkerfið í notkun.
- 3) Í reglugerð (ESB) 2017/2226 er einungis gert ráð fyrir að kerfið sé tekið í notkun að fullu, en þar er krafist að öll aðildarríkin hefji notkun komu- og brottfararkerfisins að fullu að því er varðar alla ríkisborgara þriðju landa, sem skrá ber í komu- og brottfararkerfið, og noti það samtímis á öllum landamærastöðvum sínum. Ef starfsemi komu- og brottfararkerfisins hefst samtímis að fullu á öllum landamærastöðvum er hins vegar hætt á að það skapi áhættu fyrir viðnámsþrótt komu- og brottfararkerfisins í heild og fyrir farþegastraum á ytri landamærunum.
- 4) Til að tryggja að komu- og brottfararkerfinu verði hleypt af stokkunum með snurðulausum hætti, til að auðvelda tímanlega innleiðingu þess í öllum aðildarríkjunum, til að veita aðildarríkjunum nauðsynlegan sveigjanleika til að hefja notkun á komu- og brottfararkerfinu innan skýrt afmarkaðs tímabils og til að auðvelda tæknilega og rekstrarlega aðlögun þegar notkun kerfisins hefst, er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum þar sem aðildarríkin ættu að geta valið að innleiða það smám saman. Til að tryggja að við slíka aðlögun sé höfð hliðsjón af mögulegu flæði ferðamanna og árstíðabundnum toppum, jafnframt því að taka tillit til þess að taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum gæti einnig haft nokkur áhrif á aðildarríkin með auknu vinnuálagi á landamærastöðvum, ætti slík taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum að takmarkast við 180 daga.
- 5) Til að mögulegt sé að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum eru tímabundnar undanþágur frá tilteknum ákvæðum reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 og (ESB) 2016/399 ⁽³⁾ nauðsynlegar. Aðrar reglur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2017/2226, sem þessi reglugerð hefur ekki áhrif á, gilda eins og kveðið er á um í þeirri reglugerð. Einkum gilda reglurnar, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2017/2226, um gögn sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið meðan á töku þess í notkun í áföngum stendur og því teljast þessi gögn áreiðanleg og nákvæm. Þar að auki hefur þessi reglugerð ekki áhrif á gildi tilkynninga sem aðildarríkin hafa þegar lagt fram skv. c-lið 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.
- 6) Aðildarríki sem ekki hyggjast taka komu- og brottfararkerfið í notkun að fullu þegar taka þess í notkun í áföngum hefst ættu að byrja að nota það í áföngum til að skrá, við komu og brottför, upplýsingar um ríkisborgara þriðju landa sem skrá ber í komu- og brottfararkerfið á einni eða fleiri landamærastöðvum eða á einni eða fleiri röðum á slíkum landamærastöðvum. Ef unnt er og ef við á ættu þau gera það bæði á landamærastöðvum í lofti, á landi og á sjó. Til að tryggja að komu- og brottfararkerfinu verði hleypt af stokkunum með stýrðum hætti og til að hafa betri stjórn á og forðast hugsanlega langan biðtíma á landamærum, ættu aðildarríki, þar sem við á og ef nauðsyn krefur, að innleiða alla virkni komu- og brottfararkerfisins í áföngum og skrá gögn um alla ríkisborgara þriðju landa, sem skrá ber í komu- og brottfararkerfið, smám saman. Til að tryggja fulla notkun komu- og brottfararkerfisins á öllum landamærastöðvum í Sambandinu, þar sem aðildarríkin kjósa að taka það í notkun í áföngum, ætti að koma því til framkvæmda í áföngum, þar sem settar eru þær lágmarkskröfur sem aðildarríkin eiga að uppfylla. Aðildarríkin ættu að mega hraða framkvæmd á landsvísu eða hefja notkun komu- og brottfararkerfisins að fullu frá upphafi

starfsemi kerfisins. Við stigvaxandi vinnslu gagna í komu- og brottfararkerfinu ætti að virða réttindi skráðra einstaklinga, eins og fram kemur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/697 ⁽⁴⁾ að fullu og hún ætti ekki, með beinum eða óbeinum hætti, að leiða til neins konar mismununar eða gerðar persónusniðs í skilningi þeirrar reglugerðar. Ef nauðsyn krefur ætti framkvæmdastjórnin, í samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina, að veita frekari hagnýtar leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga í komu- og brottfararkerfinu á meðan verið er að taka kerfið í notkun á áföngum.

- 7) Til að greiða fyrir snurðalausri innleiðingu komu- og brottfararkerfisins ætti Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa (eu-LISA)), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1726 ⁽⁵⁾, að þróa yfirskipaða innleiðingaráætlun til að veita aðildarríkjunum og Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnuninni (Europol)) leiðbeiningar um skipulagningu og framkvæmd innleiðingar komu- og brottfararkerfisins á meðan verið er að taka kerfið í notkun í áföngum (hér eftir nefnd „yfirskipuð innleiðingaráætlun Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa“ (e. eu-LISA high-level roll-out plan)). Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa ætti að láta Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum og Löggæslusamvinnustofnuninni þessa áætlun í té. Áætlunin ætti að staðfesta markmið miðlæga komu- og brottfararkerfisins varðandi frammistöðu og tiltækileika ásamt stefnu varðandi hugsanlega minniháttar og meiriháttar galla og galla sem hindra starfhæfni kerfisins (e. blocking defects), tilgreina viðbragðsferla og veita aðildarríkjunum og Löggæslusamvinnustofnuninni leiðbeiningar um starfsemi miðlæga komu- og brottfararkerfisins. Stjórn Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa ætti að samþykkja þá áætlun. Ákvarðanir aðildarríkjanna um að hefja töku kerfisins í notkun eða hraða henni ættu að taka mið af yfirskipaðri innleiðingaráætlun Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa.
- 8) Til að greiða fyrir snurðalausri innleiðingu komu- og brottfararkerfisins ætti hvert aðildarríki að þróa landsbundna innleiðingaráætlun í samráði við framkvæmdastjórnina og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa og senda framkvæmdastjórninni þá áætlun. Fyrir hvern áfanga í töku komu- og brottfararkerfisins í notkun ættu landsbundnar innleiðingaráætlanir að fela í sér upplýsingar um sett viðmiðunarmörk og kröfur, einkum: i. áætlaða dagsetningu þegar komu- og brottfararkerfið verður tekið í notkun á landamærastöðvum, ii. áætlað hlutfall af áætluðum fjölda ferða yfir landamæri sem skrá ber í komu- og brottfararkerfið af þeim heildarfjölda ríkisborgara þriðju landa sem skylt er að skrá í komu- og brottfararkerfið og iii. eftir atvikum, þá lífkennabætti sem vænta má að notaðir verði á landamærastöðvum. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa ætti að taka til athugunar hvort landsbundnar innleiðingaráætlanir séu tæknilega samræmdar yfirskipaðri innleiðingaráætlun hennar og ætti að staðfesta að þær feli ekki í sér tæknilega annmarka sem gætu tafið frekar töku komu- og brottfararkerfisins í notkun. Framkvæmdastjórnin ætti að taka til athugunar heildarsamhengi allra landsbundinna innleiðingaráætlana og hvort hver landsbundin innleiðingaráætlun uppfylli þær viðmiðanir og kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð. Þegar aðildarríkin undirbúa landsbundnar innleiðingaráætlanir sínar eru þau hvött til að hafa samráð, eftir því sem við á, við rekstraraðila þeirra grunnvirkja þar sem landamæra-
stöðvar eru staðsettar. Ef aðildarríki hyggst hefja notkun komu- og brottfararkerfisins eða nota lífkennabætti kerfisins á tiltekinni landamærastöð ætti viðkomandi aðildarríki að upplýsa rekstraraðila grunnvirkisins sem hýsir þá landamærastöð um það. Til að fylgjast megi með því að farið sé að reglum þegar komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun í áföngum ættu aðildarríkin að láta Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa í té mánaðarlegar skýrslur um framkvæmd landsbundinna innleiðingaráætlana sinna. Í þessum mánaðarlegu skýrslum ætti að tilgreina frávik og ráðstafanir til úrbóta ef slíkt er nauðsynlegt til að ná þeim viðmiðunarmörkum og uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin ætti að auðvelda aðildarríkjunum að láta í té hnitmiðaðar landsbundnar innleiðingaráætlanir og mánaðarlegar skýrslur.
- 9) Þar eð gögn, sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið á meðan verið er að taka það í notkun í áföngum, kunna að vera ófullkomin ætti að stimpla ferðaskilríki ríkisborgara þriðju landa við komu og brottför kerfisbundið á því tímabili. Landsyfyrvöld ættu að taka tillit til þess að komu-/brottfararskráningar eða skráningar á synjun um komu kunna að vera ófullkomnar. Ef engin viðeigandi gögn er að finna í komu- og brottfararkerfinu ættu landsyfyrvöld að láta stimpla ganga framar. Ef stimpil vantar ættu landsyfyrvöld að líta svo á að upplýsingar sem skráðar eru í komu- og brottfararkerfið gangi framar. Ef misræmi er milli gagnaskrár sem inniheldur lífkennaupplýsingar og stimpils ættu landsyfyrvöld að láta gögnin í komu- og brottfararkerfinu ganga framar. Ef misræmi er milli gagnaskrár án lífkennaupplýsinga og stimpils, eða í tilvikum sem um getur í 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, ættu landsyfyrvöld að ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvort stimpillinn eða gögnin í komu- og brottfararkerfinu gangi framar.

- 10) Með hliðsjón af því að gögn, sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið á meðan verið er að taka það í notkun í áföngum, kunna að vera ófullkomin ættu landsyfirvöld ekki að taka tillit til niðurstaðna sem fást með sjálfvirkri reiknivélinni fyrir hámarkstíma heimilaðrar dvalar ríkisborgara þriðju landa sem skráðir eru í komu- og brottfararkerfið. Á sama hátt ættu landsyfirvöld ekki, við framkvæmd verkefna sinna, að taka tillit til sjálfvirka búnaðarins til að greina eða setja merki við þar sem vantar brottfararskráningar á eftir dagsetningunni þegar heimiluð dvöl fellur úr gildi eða skráninga þar sem farið hefur verið fram yfir hámarkstíma heimilaðrar dvalar eða skráa sem teknar hafa verið saman yfir einstaklinga sem greindir hafa verið sem einstaklingar sem dvalið hafa fram yfir heimilaða dvöl.
- 11) Til að gefa aðildarríkjunum nauðsynlegan tíma til aðlögunar þegar komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun, ætti notkun lífkennapátta á landamærastöðvum ekki að vera skylda fyrstu 60 dagana eftir að kerfið er tekið í notkun í áföngum. Hins vegar eru aðildarríkin hvött til að nýta sér þessa virkni á þessu tímabili til að styðja við snuðulaus umskipti varðandi framkvæmd og til að gera það kleift að greina og leysa tímanlega öll vandkvæði tengd framkvæmd. Eigi síðar en 90 dögum frá því að taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum hefst, ættu aðildarríkin að starfrækja komu- og brottfararkerfið með lífkennapáttum á a.m.k. helmingi landamærastöðva sinna. Að láta í té lífkennaupplýsingar ætti ekki að vera skilyrði fyrir komu ríkisborgara þriðju landa, sem skrá ber í komu- og brottfararkerfið, á landamærastöðvum þar sem kerfið er starfrækt án lífkennapátta.
- 12) Til að koma til móts við þörfina á að taka komu- og brottfararkerfið í notkun með lífkennapáttum í áföngum á landamærastöðvum ætti sannprófun lífkenna ríkisborgara þriðju landa, sem skrá ber í komu- og brottfararkerfið, aðeins að fara fram á landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt með lífkennapáttum.
- 13) Til að tryggja samræmi að því er varðar samvirkni milli upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS), eins og því var komið á með ákvörðun ráðsins 2004/512/EB⁽⁶⁾, og komu- og brottfararkerfisins, ætti aðeins að hafa beinan aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir á þeim landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er ekki starfrækt. Á landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt ættu landamærayfirvöld að nýta sér samvirkni milli komu- og brottfararkerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir.
- 14) Ríkisborgarar þriðju landa sem færa á gögn um inn í komu- og brottfararkerfið ættu að fá upplýsingar um réttindi sín og skyldur varðandi vinnslu upplýsinga um þá í formi sniðmáts eins og kveðið er á um í 5. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226. Upplýsingarnar sem veita á þessum ríkisborgurum þriðju landa ættu að vísa til þess að komu- og brottfararkerfið verði tekið í notkun í áföngum. Á sniðmátinu ætti að upplýsa þessa ríkisborgara þriðju landa um að þeim sé skylt að láta í té lífkennaupplýsingar á landamærastöðvum þar sem sú skylda er skilyrði fyrir komu, um afleiðingar þess að láta ekki í té lífkennaupplýsingar, að ekki sé mögulegt fyrir þá að sannprófa tímann sem eftir er af heimilaðri dvöl á sjálfvirknan hátt og um möguleikann á að nota reiknivélina fyrir stutta dvöl sem er aðgengileg á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.
- 15) Til að endurspegla töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða upplýsingarnar á vefsetri kerfisins reglulega og aðlaga þær eftir þörfum.
- 16) Framkvæmdastjórnin ætti, með aðkomu Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, að aðlaga upplýsingaefni sitt, sem þróað var í tengslum við 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, fyrir upplýsingaherferðina í tilefni þess að komu- og brottfararkerfið hefur starfsemi sína í áföngum.
- 17) Á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum mun vefþjónustan, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, ekki gera ríkisborgurum þriðju landa kleift að sannprófa rafrænt hve langur tími er nákvæmlega eftir af heimilaðri dvöl þeirra.
- 18) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á skyldur flugrekenda, flutningsaðila á sjó og flutningsaðila sem annast alþjóðlega hópflutninga fólks í langferðabifreiðum, eins og þær eru settar fram í 1. mgr. 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna ríkja Benelúx-efnahags-sambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum⁽⁷⁾ („samningurinn um framkvæmd Schengen-samkomulagsins“) og tilskipun ráðsins 2001/51/EB⁽⁸⁾. Í þessu tilliti ættu flutningsaðilar að sannprófa stimpla í ferðaskilríkjum. Til að tryggja skilvirk samskipti við flutningsaðila um mismunandi beitingu komu- og brottfararkerfisins á landamærastöðvum, sem verða á endanum til hagsbóta fyrir ferðamenn, er brýnt að aðildarríkin viðhafi gagnsæi varðandi innleiðingu komu- og brottfararkerfisins á landamærastöðvum sínum.
- 19) Í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og 12. gr. á í reglugerð (ESB) 2016/399 er kveðið á um umbreytingartímabil og umbreytingarráðstafanir vegna töku komu- og brottfararkerfisins í notkun. Til að gera kleift að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum er nauðsynlegt að gera undanþágu frá ákvæðum þessara greina til að tryggja að umbreytingartímabilið og umbreytingarráðstafanirnar taki ekki gildi fyrr en eftir að

því lýkur. Sú undanþága ætti að falla úr gildi 5 árum og 180 dögum eftir þann dag sem starfsemi komu- og brottfararkerfisins hefst samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

- 20) Til að tryggja að landsyfirvöld og fagstofnanir Sambandsins taki ekki, við framkvæmd verkefna sinna, ákvarðanir eingöngu á grundvelli gagna sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið, ættu þau að taka tillit til þess að gagnaskrár í komu- og brottfararkerfinu geta innihaldið ófullkomin gögn. Þessi undanþága ætti að falla úr gildi fimm árum og 180 dögum eftir þann dag þegar starfsemi komu- og brottfararkerfisins hefst samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, til að endurspegla fimm ára varðveislutímabilið fyrir gagnamengi sem brottfararskráningu vantar fyrir, eins og sett er fram í 3. mgr. 34. gr. þeirrar reglugerðar. Komu- og brottfararskráningar, sem verða til á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum, ætti hvorki að nota til sjálfvirkra skýrslugjafar né sjálfvirkra ferla, þ.m.t. sjálfvirkar leitar úr evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfinu (ETIAS-ferðaheimildakerfinu) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 ⁽⁹⁾.
- 21) Þegar aðildarríkin tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/2226 um breytingar á upplýsingum og eyðingu upplýsinga fyrir tímann ættu þau að fullgera ófullkomnu upplýsingarnar að því marki sem hægt er með hliðsjón af þeim takmörkuðu gagnamengjum sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið á meðan verið er að taka kerfið í notkun í áföngum.
- 22) Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 ⁽¹⁰⁾, ætti ekki að hafa aðgang að gögnum, sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið á meðan verið er að taka það í notkun á áföngum, til að framkvæma áhættugreiningar og veikleikamat þar sem ófullkomnar upplýsingar gætu leitt til villandi áhættugreininga og veikleikamats.
- 23) Eftirfarandi reglur ættu að gilda til að tryggja skilvirka stjórnun ytri landamæra á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum. Á landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er ekki starfrækt ætti að fara fram landamæraeftirlit í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/399, eins og við á daginn fyrir þann dag sem starfsemi komu- og brottfararkerfisins hefst samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226. Á landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt ætti að fara fram landamæraeftirlit í samræmi við reglugerðir (ESB) 2017/2226 og (ESB) 2016/399, sem og sérstöku undanþágurnar frá þessum reglugerðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð að því er varðar sannprófun á landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt án lífkennabátta til að unnt sé að hefja töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum. Slíkt landamæraeftirlit ætti fara fram með fyrirvara um sannprófanir á handhöfum vegabréfsáritana með því að nota fingraför í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 ⁽¹¹⁾.
- 24) Til að gera kleift að aðlaga tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir með skilvirkum hætti á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum í hverju aðildarríki og til að taka á tilvikum þar sem miðlæga komu- og brottfararkerfið, landsbundin kerfi eða fjarskiptavirki bila og raska starfsemi komu- og brottfararkerfisins verulega, eða til að takast á við óvenjulegar aðstæður sem leiða til þess að umferð verður svo mikil að biðtími við landamærastöð verður óhóflega langur, ættu öll aðildarríki, óháð því hvort þau hefja notkun komu- og brottfararkerfisins að fullu eða í áföngum, að hafa möguleika á að stöðva tímabundið starfrækslu komu- og brottfararkerfisins á tilteknum landamærastöðvum, að fullu eða að hluta til, á meðan verið er að taka kerfið í notkun í áföngum. Aðildarríkin ættu aðeins að nýta þennan möguleika þegar slík tímabundin stöðvun er bráðnauðsynleg og í eins skamman tíma og mögulegt er. Ef um er að ræða tímabundna stöðvun að hluta til ætti að stöðva tímabundið skráningu lífkennaupplýsinga í komu- og brottfararkerfið. Ef um er að ræða tímabundna stöðvun að fullu ætti ekki að skrá nein gögn í komu- og brottfararkerfið. Slík tímabundin stöðvun ætti ekki að hafa áhrif á skyldur varðandi tímalínuna fyrir töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum en hún gæti haft tímabundin áhrif á viðmiðunarmörk skráninga.
- 25) Til að draga úr viðbótaráhættu í tengslum við innleiðingu komu- og brottfararkerfisins með lífkennabáttum ættu öll aðildarríkin, við sérstakar aðstæður sem leiða til þess að umferð verður svo mikil að biðtími við landamærastöð verður óhóflega langur, að hafa möguleika á að stöðva tímabundið skráningu lífkennaupplýsinga í komu- og brottfararkerfið eftir að töku þess í notkun í áföngum lýkur. Slík tímabundin niðurfelling ætti að vera möguleg í takmarkaðan tíma, þ.e. 90 daga, eftir að töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum lýkur. Það tímabil ætti að framlengjast sjálfkrafa um 60 daga ef minna en 80% gagnaskráa, sem skráðar eru í komu- og brottfararkerfið á meðan verið er að taka það í notkun í áföngum, innihalda lífkennaupplýsingar.
- 26) Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ætti að gefa út skýrslur með tölfræðilegum upplýsingum um notkun komu- og brottfararkerfisins sem ættu að þjóna þeim tilgangi að meta

frammiðstöðu komu- og brottfararkerfisins, meta hversu vel aðildarríkin fylgja yfirskipuðu innleiðingaráætluninni og landsbundnu innleiðingaráætlunum, greina svið þar sem úrbóta er þörf, fylgjast með því að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar um töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum og styðja við ákvarðanatöku varðandi frekari þróun og bestun komu- og brottfararkerfisins. Þar að auki, í samræmi við 4. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, á Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa að birta tölfraðilegar upplýsingar um notkun komu- og brottfararkerfisins á meðan verið er að taka það í notkun á áföngum. Enn fremur ætti stofnunin að halda áfram reglubundinni skýrslugjöf sinni til stjórnar stofnunarinnar. Áætlunarstjórn Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa ætti að hafa eftirlit með töku kerfisins í notkun í áföngum.

- 27) Undirbúningsvinnan við yfirskipaða innleiðingaráætlun Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa og landsbundnu innleiðingaráætlanna ætti að hefjast eigi síðar en á gildistökuþingi þessarar reglugerðar. Yfirskipuð innleiðingaráætlun Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa og landsbundnu innleiðingaráætlanna ættu að taka mið af þeim degi þegar starfsemi komu- og brottfararkerfisins hefst samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226. Öll skilyrði sem talin eru upp í þeirri grein skulu uppfyllt tímanlega til að gera framkvæmdastjórninni kleift að taka ákvörðunina um hvaða dag komu- og brottfararkerfið verður tekið í notkun áður en undirbúningsvinnan hefst og að teknu tilliti til vegvísisins um samvirkni sem ráðið samþykkti 5. mars 2025. Einkum skulu allar tilkynningar skv. c-lið 1. mgr. 66. gr. þeirrar reglugerðar berast framkvæmdastjórninni tímanlega. Taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum ætti að hefjast, og undanþágur þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð ættu að gilda, frá þeim degi sem starfsemi kerfisins hefst samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226. Þar eð í þessari reglugerð er kveðið á um tímabundnar undanþágur ætti hún að falla úr gildi 180 dögum frá þeirri dagsetningu. Hins vegar ættu ákvæðin sem kveða á um undanþágur frá beitingu umbreytingartímabilsins og umbreytingarráðstafananna, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/2226, frá aðgangi að gögnum í komu- og brottfararkerfinu og frá sannpröfun flutningsaðila á stimplum í ferðaskilríkjum, sem og ákvæðin um tímabundna niðurfellingu komu- og brottfararkerfisins, að gilda í takmarkaðan tíma eftir að töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum lýkur.
- 28) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um reglur um töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum og um undanþágur frá reglugerðum (ESB) 2017/2226 og (ESB) 2016/399, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 29) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggist á Schengen-réttarreglunum ber Danmörku, í samræmi við 4. gr. þeirrar bókunar, að ákveða, innan sex mánaða frá því að ráðið hefur samþykkt reglugerð þessa, hvort hún verði felld inn í landslög.
- 30) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB⁽¹²⁾. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 31) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁽¹³⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB⁽¹⁴⁾.
- 32) Að því er Sviss varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna⁽¹⁵⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/146/EB⁽¹⁶⁾.
- 33) Að því er Liechtenstein varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi bókunarinnar sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Fursta-dæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópu-sambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna⁽¹⁷⁾, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2011/350/ESB⁽¹⁸⁾.

- 34) Að því er Kypur varðar teljast ákvæði þessarar reglugerðar varðandi upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir vera ákvæði sem eru byggð á Schengen-réttarreglunum eða tengd þeim á annan hátt, í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003. Starfræksla komu- og brottfararkerfisins krefst þess að veittur sé óvirkur aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Þar eð komu- og brottfararkerfið verður aðeins starfrækt af þeim aðildarríkjum sem uppfylla skilyrðin varðandi upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir þegar starfsemi komu og brottfararkerfisins hefst mun Kypur ekki starfrækja komu- og brottfararkerfið frá því starfsemin hefst. Kypur mun tengjast komu- og brottfararkerfinu um leið og skilyrði verklagsins, sem um getur í reglugerð (ESB) 2017/2226, hafa verið uppfyllt.
- 35) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽¹⁹⁾ og skilaði hún álitinu sínu 10. mars 2025.
- 36) Í reglugerð þessari eru settar strangar reglur um aðgang að komu- og brottfararkerfinu og um nauðsynlegar verndarráðstafanir varðandi slíkan aðgang á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum og á tilgreindu tímabili eftir að því lýkur. Þar er einnig mælt fyrir um rétt einstaklinga til að hafa aðgang að upplýsingum, geta leiðrétt þær, fullgert þær og eytt þeim og rétt til að leita úrlausnar mála, einkum réttinn til réttarráðs og til þess að óháð opinber yfirvöld hafi eftirlit með vinnsluáðgerðum gagna í komu- og brottfararkerfinu. Í reglugerð þessari eru því grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt, sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið réttinum til mannglegrar reisnar, banni við þrældómi og nauðungarvinnu, réttinum til frelsis og mannhelgi, friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, vernd persónuupplýsinga, réttinum til banns við mismunun, rétti barna, rétti aldraðra, aðlögun fatlaðra að samféluginu og réttinum til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.
- 37) Þessi reglugerð er með fyrirvara um þær skuldbindingar sem leiðir af Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og bætt var við hann með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um töku komu- og brottfararkerfisins (EES), sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2017/2226, í notkun í áföngum á þeim landamærum aðildarríkjanna þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt í samræmi við 4. gr. þeirrar reglugerðar og um tímabundnar undanþágur frá tilteknum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/2226 og (ESB) 2016/399.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum“: 180 daga tímabil sem hefst á þeim degi sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226,
- 2) „landsyfirvöld“: yfirvöldin sem um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226,
- 3) „áætlaður fjöldi ferða yfir landamæri“: mat aðildarríkis á fjölda ferða ríkisborgara þriðju landa, sem um getur í 1. og 2. mgr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, yfir landamæri að því er það aðildarríki varðar, á grundvelli ársmeðaltals heildarfjölda ferða ríkisborgara þriðju landa, sem ferðast til þess aðildarríkis til stuttrar dvalar, yfir landamærin sem um getur í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, reiknað út fyrir næstu tvö almanaksár á undan þeim degi sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

3. gr.

Innleiðingaráætlanir og skýrslugjöf

1. Eigi síðar en 25. ágúst 2025 skal Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniherfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa (eu-LISA)) láta Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, ásamt Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins, í té yfirskipaða innleiðingaráætlun um töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum (hér eftir nefnd „yfirskipuð innleiðingaráætlun Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniherfa“), með hliðsjón af viðmiðunarmörkunum og kröfunum sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 4. gr. Áætlunin ætti að styðja við

skilvirka og samfellda starfsemi miðlæga komu- og brottfararkerfisins með því að staðfesta markmið þess varðandi frammistöðu og tiltækileika ásamt stefnu varðandi hugsanlega minniháttar og meiriháttar galla og galla sem hindra starfhæfni kerfisins, tilgreina viðbragðsferla og veita aðildarríkjunum og Löggæslusamvinnu-stofnuninni leiðbeiningar um starfsemi miðlæga komu- og brottfararkerfisins.

Yfirskipuð innleiðingaráætlun Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal samþykkt af stjórn stofnunarinnar.

2. Í samráði við framkvæmdastjórnina og Stofnunina um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal hvert aðildarríki, eigi síðar en 24. september 2025, þróa landsbundna innleiðingaráætlun um töku komu- og brottfarar-kerfisins í notkun í áföngum („landsbundna innleiðingaráætlun“) með hliðsjón af yfirskipaðri innleiðingar-áætlun Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa, og senda framkvæmdastjórninni hana. Hefji aðildarríki ekki starfrækslu komu- og brottfararkerfisins að fullu þegar taka þess í notkun í áföngum hefst, skal koma fram í landsbundinni innleiðingaráætlun þess hvernig ná skuli viðmiðunarmörkunum og uppfylla kröfur- nar sem settar eru fram í 4. gr.

Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal taka til athugunar hvort landsbundnar innleiðingaráætlanir séu tæknilega samræmdar yfirskipaðri innleiðingaráætlun hennar og staðfesta að þær feli ekki í sér tæknilega annmarka sem gætu tafið frekar töku komu- og brottfararkerfisins í notkun. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar heildarsamhengi allra landsbundinna innleiðingaráætlana og hvort hver landsbundin innleiðingar-áætlun uppfylli þær viðmiðanir og kröfur sem settar eru fram í 4. gr.

Ef aðildarríki hyggst hefja notkun komu- og brottfararkerfisins eða nota lífkennabætti kerfisins á tiltekinni landamærastöð skal viðkomandi aðildarríki upplýsa rekstraraðila grunnvirkisins sem hýsir þá landamærastöð um það.

3. Frá og með 30. degi frá fyrsta degi töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum skulu aðildarríkin senda mánaðarlegar skýrslur til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa þar sem framkvæmd landsbundinna innleiðingaráætlana þeirra er staðfest eða frávik og ráðstafanir til úrbóta tilgreind, ef slíkt var nauðsynlegt til að ná þeim viðmiðunarmörkunum og uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í 4. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal auðvelda aðildarríkjunum að láta í té hnitmiðaðar landsbundnar innleiðingar-áætlanir og mánaðarlegar skýrslur.

5. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa láta henni í té þær tölfraeðilegu upplýsingar sem henni eru nauðsynlegar til að vakta framkvæmd yfirskipaðrar innleiðingar-áætlunar Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa og landsbundnu innleiðingaráætlana, í samræmi við 6. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

6. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin, í samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina, veita frekari hagnýtar leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga í komu- og brottfararkerfinu á meðan verið er að taka kerfið í notkun á áföngum.

4. gr.

Taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum

1. Á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum skulu aðildarríkin, þrátt fyrir 6. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, nota kerfið eins og sett er fram í 2.–6. mgr. þessarar greinar.

2. Frá fyrsta degi töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum skal sérhvert aðildarríki byrja að nota kerfið við komur og brottfarir á einni eða fleiri landamærastöðvum, helst bæði landamærastöðvum í lofti, á landi og á sjó ef mögulegt er og við á, til að skrá og geyma gögn um ríkisborgara þriðju landa sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226. Eigi síðar en á þriðjugasta degi frá fyrsta degi töku komu- og brottfarar-kerfisins í notkun í áföngum skal hvert aðildarríki skrá í komu- og brottfararkerfið a.m.k. 10% af áætluðum fjölda ferða yfir landamæri að því að það aðildarríki varðar.

Á fyrstu 60 dögum eftir að taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum hefst mega aðildarríkin starfrækja komu- og brottfararkerfið án lífkennabátta og landsyfirvöldum er heimilt að stofna eða uppfæra gagna-skrár án lífkennaupplýsinga.

3. Eigi síðar en 90 dögum frá því að taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum hefst, skal sérhvert aðildarríki starfrækja komu- og brottfararkerfið með lífkennabáttum á a.m.k. helmingi landamærastöðva sinna. Hvert aðildarríki skal skrá í komu- og brottfararkerfið a.m.k. 35% af áætluðum fjölda ferða yfir landamæri að því að það aðildarríki varðar. Í gagnaskrá yfir ríkisborgara þriðju landa, sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, sem eru skráðar í komu- og brottfararkerfið, skulu vera lífkennaupplýsingar.

4. Eigi síðar en 150 dögum frá því að taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum hefst skal sérhvert aðildarríki starfrækja komu- og brottfararkerfið með lífkennapáttum á öllum landamærastöðvum sínum og skrá í komu- og brottfararkerfið a.m.k. 50% af áætluðum fjölda ferða yfir landamæri að því er það aðildarríki varðar.
 5. Eigi síðar en 170 dögum frá því að taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum hefst skal sérhvert aðildarríki starfrækja komu- og brottfararkerfið með lífkennapáttum á öllum landamærastöðvum sínum og skrá í komu- og brottfararkerfið alla ríkisborgara þriðju landa, sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.
 6. Synjanir um komu, sem tekin er ákvörðun um á landamærastöð þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt, skal skrá í komu- og brottfararkerfið í samræmi við 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.
- Að því er varðar þessa málsgrein skal skrá synjanir um komu með lífkennaupplýsingum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt með lífkennapáttum og, þar sem kerfið er starfrækt án lífkennapátta, skrá synjanir um komu án lífkennaupplýsinga.
7. Frá fyrsta degi töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum skal Löggæslusamvinnustofnunin nota komu- og brottfararkerfið eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/2226.

5. gr.

Aðrar undanþágur frá reglugerðum (ESB) 2017/2226 og (ESB) 2016/399

1. Til viðbótar við reglurnar sem settar eru fram í 4. gr. skulu reglurnar, sem settar eru fram í þessari grein, gilda á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum, óháð því hvernig aðildarríkin kjósa að hefja starfrækslu þess.
 2. Landamærayfirvöld skulu kerfisbundið stimpla ferðaskilríki ríkisborgara þriðju landa sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 við komu og brottför.
- Kvöðin um stimplun, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 42. gr. a og 2., 5. og 6. mgr. 42. gr. a í reglugerð (ESB) 2016/399, skal gilda að breyttu breytanda í aðildarríkjunum sem starfrækja komu- og brottfararkerfið.
3. Þegar upplýsingar eru færðar inn í komu- og brottfararkerfið, þeim breytt, þeim eytt og flett upp í þeim skulu landsyfirvöld sem eru lögbær í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 23.–29. gr., 31. gr., 32. gr., 34. gr. og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226:
 - a) láta stimpla ganga framar ef engin viðeigandi gögn er að finna í komu- og brottfararkerfinu,
 - b) láta gögn í komu- og brottfararkerfinu ganga framar ef:
 - i. misræmi er milli gagnaskrár sem inniheldur lífkennaupplýsingar og stimpils eða
 - ii. stimpil vantar,
 - c) ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvort stimpillinn eða gögnin í komu- og brottfararkerfinu gangi framar ef:
 - i. misræmi er milli gagnaskrár án lífkennaupplýsinga og stimpils í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar eða
 - ii. í tilvikum sem um getur í 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Landsyfirvöld og Löggæslusamvinnustofnunin skulu ekki taka ákvarðanir sem hafa neikvæðar afleiðingar fyrir einstaklinga eingöngu á grundvelli þess að engin skráning er til staðar um meinta komu eða brottför í komu- og brottfararkerfinu.

4. Ef stimpil vantar í ferðaskilríki og gagnaskrá hefur ekki verið stofnuð í komu- og brottfararkerfinu yfir ríkisborgara þriðja lands sem er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis geta landsyfirvöld ályktað að viðkomandi ríkisborgari þriðja lands uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, skilyrði varðandi komu eða dvöl í aðildarríkjunum.

Ályktunin sem um getur í fyrstu undirgrein á ekki við um ríkisborgara þriðju landa sem geta framvísað, með hvaða hætti sem er, trúverðugu sönnunargagni um að þeir njóti réttar til frjálsrar farar samkvæmt lögum Sambandsins eða séu handhafar dvalarleyfis eða vegabréfsáritunar til langrar dvalar.

Hægt er að hrekja ályktunina sem um getur í fyrstu undirgrein ef ríkisborgarar þriðju landa framvísa, með hvaða hætti sem er, trúverðugu sönnunargagni, s.s. farmiðum eða sönnun fyrir veru sinni utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna eða lokadagsetningu fyrra dvalarleyfis eða vegabréfsáritunar til langrar dvalar, sem sýnir að þeir hafa uppfyllt skilyrðin um lengd stuttrar dvalar.

Ef ályktunin sem um getur í fyrstu undirgrein er hrakin skulu landsyfirvöld, sem nota komu- og brottfararkerfið, framkvæma eitt eða fleiri af eftirfarandi verkefnum, að því marki sem þessi reglugerð heimilar:

- a) stofna gagnaskrá yfir þann ríkisborgara þriðja lands í komu- og brottfararkerfinu ef nauðsyn krefur,
 - b) uppfæra nýjustu komu-/brottfararskráningu fyrir viðkomandi ríkisborgara þriðja lands með því að færa inn gögnin sem vantar,
 - c) eyða gagnaskrá sem fyrir er yfir þann ríkisborgara þriðja lands ef 35. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 kveður á um það.
5. Landamærayfirvöld skulu einungis nýta sér samvirknina milli komu- og brottfararkerfisins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, á þeim landamæra-stöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt. Landamærayfirvöld skulu áfram hafa beinan aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir:
- a) á landamæra-stöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er ekki starfrækt,
 - b) þar sem notkun komu- og brottfararkerfisins hefur verið stöðvuð tímabundið skv. 7. gr. þessarar reglugerðar.
6. Landsyfirvöld og Löggæslusamvinnustofnunin skulu virða að vettugi eftirfarandi:
- a) niðurstöður sjálfvirku reiknivélarinnar sem veitir upplýsingar um hámarks lengd heimilaðrar dvalar og um getur í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226,
 - b) skrána yfir þá sem dvelja fram yfir heimilaða dvöl, sem tekin er sjálfvirk saman, og afleiðingar hennar, einkum eins og um getur í 6. gr. (c- og h-lið 1. mgr.), 12. gr. (3. mgr.), 16. gr. (4. mgr.), 34. gr. (3. mgr.), 50. gr. (i- og k-lið 1. mgr.) og 63. gr. (e-lið 1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/2226.
7. Að því er varðar 45. og 48. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 skal ekki líta svo á að gagnavinnsla í komu- og brottfararkerfinu, sem aðildarríkin inna af hendi samkvæmt þessari reglugerð, sé ólögmæt eða ekki í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/2226.
8. Sannprófun á deilum ríkisborgara þriðju landa og fyrri skráningu þeirra skv. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 skal fara fram á þeim ríkisborgurum þriðju landa sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar á þeim landamæra-stöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt með lífkennabáttum, þ.m.t. með sjálfsafgreiðslukerfum, ef þau eru tiltæk.
9. Til viðbótar við þær sérstöku upplýsingar sem um getur í 5. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og sem aðildarríkin eiga að bæta við sniðmátið til að veita ríkisborgurum þriðju landa, sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga um þá í komu- og brottfararkerfinu, skulu aðildarríkin bæta eftirfarandi upplýsingum við það sniðmát þegar gagnaskrá yfir viðkomandi einstakling er stofnuð:
- „Vinsamlegast athugið að verið er að innleiða komu- og brottfararkerfið í áföngum. Á þessu tímabili [frá ...] er mögulegt að persónuupplýsingum þínum, þ.m.t. lífkennauppplýsingum þínum, verði ekki safnað í tengslum við komu- og brottfararkerfið á ytri landamærum allra aðildarríkjanna. Ef skylt er að safna þessum upplýsingum og þú kýst að veita þær ekki, verður þér synjað um komu. Á meðan verið er að innleiða kerfið í áföngum mun gögnum um þig ekki sjálfkrafa verða bætt við skrá yfir þá sem dvelja fram yfir heimilaða dvöl. Að auki munt þú ekki geta athugað hversu langt er eftir af heimilaðri dvöl í gegnum vefsíðu komu- og brottfararkerfisins eða með búnaði sem er fyrir hendi á landamæra-stöðvum. Þú getur sannprófað lengd heimilaðrar dvalar með því að nota reiknivélina fyrir stutta dvöl sem er aðgengileg á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á https://home-affairs.ec.europa.eu/policies/schengen/border-crossing/short-stay-calculator_en.
- Þegar búið er að innleiða komu- og brottfararkerfið í áföngum munu persónuupplýsingar þínar verða unnar eins og að öðru leyti er sett fram á þessu eyðublaði.“
10. Framkvæmdastjórnin skal aðlaga upplýsingarnar á vefsetri komu- og brottfararkerfisins, sem um getur í 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, til að endurspegla það að komu- og brottfararkerfið verður tekið í notkun í áföngum.
11. Upplýsingaherferðin sem um getur í 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 í tilefni þess að komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun skal endurspegla sérstakar aðstæður á landamæra-stöðvunum. Upplýsingaherferðin skal tryggja að viðeigandi upplýsingar séu tilkynntar þeim sem verða fyrir áhrifum og taka tillit til þeirra viðmiðunarmarka og krafna sem settar eru fram í 4. gr. þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal, með þátttöku Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, aðlaga efni upplýsingaherferðarinnar innan hæfilegs tímaramma áður en komu- og brottfararkerfið verður tekið í notkun í áföngum. Enn fremur skal framkvæmdastjórnin halda áfram að styðja aðildarríkin við undirbúning þessa efnis.
12. Beiting 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (1. og 2. mgr.), 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, sem og beiting 9. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399, skal felld tímabundið úr gildi.

13. Þrátt fyrir 22. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 og 12. gr. a í reglugerð (ESB) 2016/399 skal umbreytingartímabilið og umbreytingarráðstafanirnar sem settar eru fram í þessum greinum gilda frá fyrsta degi eftir að töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum lýkur.

14. Á landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er ekki starfrækt skal fara fram landamæraeftirlit í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/399, eins og við á daginn fyrir þann dag sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Á landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt skal fara fram landamæraeftirlit í samræmi við reglugerðir (ESB) 2017/2226 og (ESB) 2016/399.

Þrátt fyrir aðra undirgrein þessarar málsgreinar skulu ákvæði i. liðar f-liðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 og, eingöngu að því er varðar komu- og brottfararkerfið, ákvæðin um sannprófun ríkisborgara þriðju landa á grundvelli lífkennaupplýsinga, sem um getur í ii. lið f-liðar 1. mgr. 6. gr., og a- og g-lið 3. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar, ekki gilda á þeim landamærastöðvum þar sem komu- og brottfararkerfið er starfrækt án lífkennapátta.

Að því er varðar þessa reglugerð skal beiting 3. mgr. 9. gr. og 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 felld tímabundið úr gildi.

15. Þrátt fyrir 37. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 skal áætlunarstjórn Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa halda starfsemi sinni áfram þar til búið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum. Einkum skal áætlunarstjórn Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækniakerfa hafa eftirlit með töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum, þ.m.t. stöðugleika miðlæga komu- og brottfararkerfisins, og mæla með viðbótaraðgerðum eftir því sem við á.

6. gr.

Aðgangur að gögnum í komu- og brottfararkerfinu

1. Gögn í komu- og brottfararkerfinu, sem skráð eru á meðan verið er að taka það í notkun í áföngum, kunna að vera ófullkomin vegna mismunandi aðgerða kerfisins í hverju aðildarríki á því tímabili, og skal taka tillit til þessa sem hér segir:

- af hálfu landsyfirvalda og Löggæslusamvinnustofnunarinnar þegar þau hafa aðgang að komu- og brottfararskráningum í kerfinu við störf sín,
- af hálfu landsyfirvalda þegar þau senda gögn úr komu- og brottfararkerfinu í samræmi við 41. og 42. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226,
- af hálfu miðlægrar einingar ETIAS-ferðaheimildakerfisins vegna sannprófunar eins og um getur í 2. mgr. 25. gr. a í reglugerð (EBE) 2017/2226,
- af hálfu lögbærra yfirvalda, framkvæmdastjórnarinnar og viðeigandi fagstofnana Sambandsins vegna skýrslugjafar og tölfraðilegra upplýsinga í samræmi við 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

2. Flutningsaðilar skulu sannprófa stimpla í ferðaskilríkjum til að uppfylla skyldur sínar skv. 1. mgr. 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og tilskipun 2001/51/EB á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum. Þrátt fyrir 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 er flutningsaðilum heimilt að hefja notkun vefþjónustunnar, sem um getur í þeirri grein, 90 dögum eftir að taka komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum hefst.

Á 180 daga tímabili eftir að töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum lýkur skulu flutningsaðilar, auk þess að nota vefþjónustuna skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, halda áfram að sannprófa stimpla í ferðaskilríkjum til að uppfylla skyldur sínar skv. 1. mgr. 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og tilskipun 2001/51/EB.

3. Þegar aðildarríki uppfylla þær skyldur, sem um getur í 35. og 52. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, í tengslum við það að fullgera persónuupplýsingar sem skráðar eru í komu- og brottfararkerfið, skulu þau aðeins fullgera viðeigandi persónuupplýsingar að því marki sem hægt er með hliðsjón af þeim takmörkuðu gagnamengjum sem safnað er á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum. Eftir atvikum skal í stjórnvaldsákvörðuninni, sem um getur í 4. mgr. 52. gr. þeirrar reglugerðar, vísað til þeirra viðmiðunarmarka og krafna sem sett eru fram í 2.–4. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar og heimila ófullkomna skráningu.

4. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226 skal starfsfólk Landamæra- og strandgæslustofnunarinnar, sem til þess hefur tilskilda heimild, ekki hafa aðgang til að fletta upp í þeim gögnum sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið á meðan verið er að taka kerfið í notkun í áföngum í þeim tilgangi að framkvæma áhættugreiningar eða veikleikamat.

7. gr.

Starfsemi komu- og brottfararkerfisins stöðvuð tímabundið

1. Á meðan verið er að taka komu- og brottfararkerfið í notkun í áföngum er aðildarríkjunum heimilt að stöðva starfsemi þess tímabundið, að öllu leyti eða að hluta til, á tilteknum landamærastöðvum ef miðlæga komu- og brottfararkerfið, landsbundin kerfi eða fjarskiptavirki bila og raska starfsemi komu- og brottfararkerfisins verulega, eða við óvenjulegar aðstæður sem leiða til þess að umferð verður svo mikil að biðtími við landamæra-
stöð verður óhóflega langur.

Ef um er að ræða tímabundna stöðvun að hluta til skulu aðildarríkin safna gögnunum sem um getur í 16.–20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, að undanskildum lífkennaupplýsingum.

Ef um er að ræða tímabundna stöðvun að fullu skulu aðildarríkin stöðva alveg aðgerðir komu- og brottfararkerfisins tímabundið og ekki safna neinum þeim gögnum sem um getur í 16.–20. gr. þeirrar reglugerðar.

Í báðum tilvikum skulu aðildarríkin tafarlaust, og eigi síðar en sex klukkustundum eftir að tímabundin stöðvun á starfsemi komu- og brottfararkerfisins hefst, tilkynna framkvæmdastjórninni og Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa um ástæðu þess að starfsemi kerfisins var tímabundið stöðvuð, að hluta til eða í heild, og áætlaða eða raunverulega lengd tímabundnu stöðvunarinnar. Ef það skiptir máli vegna staðbundinna aðstæðna á landamærastöðvum skulu aðildarríkin upplýsa rekstraraðila grunnvirkja sem hýsa landamæra-
stöðvar og flutningsaðila um tímabundnu stöðvunina.

Þegar ástandið sem leiddi til tímabundinnar stöðvunar er liðið hjá skulu aðildarríkin tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa um það. Í tilvikum þar sem aðildarríkin höfðu tilkynnt rekstraraðilum grunnvirkja, sem hýsa landamæra-
stöðvar, og flutningsaðilum um tíma-
bundnu stöðvunina skulu þau tilkynna þeim að ástandið sem leiddi til tímabundnu stöðvunarinnar sé liðið hjá.

2. Ef bilun verður í miðlæga komu- og brottfararkerfinu skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um ástæður slíkrar bilunar og hve lengi búist er við að hún vari. Hún skal einnig tilkynna framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um það tafarlaust þegar gert hefur verið við bilunina. Öll aðildarríki skulu þegar í stað staðfesta við framkvæmdastjórnina og Stofnunina um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa að starfsemi komu- og brottfararkerfisins hefjist að nýju.

3. Á 90 daga tímabili eftir að töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum lýkur er aðildarríkjunum heimilt að stöðva starfsemi þess tímabundið að hluta til, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr., á tiltekinni landamæra-
stöð í að hámarki sex klukkustundir við óvenjulegar aðstæður sem leiða til þess að umferð verður svo mikil að biðtími við landamæra-
stöð verður óhóflega langur. Meðan á slíkri tímabundinni stöðvun að hluta til stendur skulu aðildarríkin vera undanþegin skyldunni, sem sett er fram í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, að því er varðar skráningu lífkennaupplýsinga. Aðildarríkin skulu tafarlaust, og eigi síðar en sex klukkustundum eftir að tímabundin stöðvun að hluta til hefst, tilkynna framkvæmdastjórninni og Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa um ástæðu tímabundnu stöðvunarinnar og áætlaða eða raunverulega lengd hennar.

4. Ef innan við 80% gagnaskráa, sem skráðar eru í komu- og brottfararkerfið á meðan verið er að taka það í notkun í áföngum, innihalda lífkennaupplýsingar skal 90 daga tímabilið, sem um getur í 3. mgr., framlengjast sjálfkrafa um 60 daga.

5. Eigi síðar en á tíunda degi eftir að töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum lýkur skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa láta framkvæmdastjórninni í té tölfraðilegar upplýsingar sem gera henni kleift að sannreyna hvort þeim hundraðshluta sem um getur í 4. mgr. hafi verið náð. Eigi síðar en 30 dögum eftir að töku komu- og brottfararkerfisins í notkun í áföngum lýkur skal framkvæmdastjórnin upplýsa aðildarríkin um niðurstöðu sannprófunar sinnar.

8. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerðin gildir frá þeim degi sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar koma þó til framkvæmda frá og með 26. júlí 2025.

2. Reglugerð þessi fellur úr gildi 180 dögum eftir þann dag sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226. Þó gildir eftirfarandi:

- a) Ákvæði 13. mgr. 5. gr. og 1., 3. og 4. mgr. 6. gr. skulu falla úr gildi 5 árum og 180 dögum eftir þann dag sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.
- b) Ákvæði annarrar undirgreinar 2. mgr. 6. gr. skulu falla úr gildi 360 dögum eftir þann dag sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.
- c) Ákvæði 3. og 4. mgr. 7. gr. skulu falla úr gildi 330 dögum eftir þann dag sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.
- d) Ákvæði 5. mgr. 7. gr. skulu falla úr gildi 210 dögum eftir þann dag sem komu- og brottfararkerfið er tekið í notkun samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 18. júlí 2025.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

R. METSOLA

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

M. BJERRE

⁽¹⁾ Afstaða Evrópuþingsins og ráðsins frá 8. júlí 2025 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. júlí 2025.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2017, bls. 20, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/2226/oj>).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 frá 9. mars 2016 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamæreglurnar) (Stjtið. ESB L 77, 23.3.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/399/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónu-upplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1726 frá 14. nóvember 2018 um Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (eu-LISA) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1987/2006 og ákvörðun ráðsins 2007/533/DIM og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 99, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1726/oj>).

⁽⁶⁾ Ákvörðun ráðsins 2004/512/EB frá 8. júní 2004 um að koma á upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) (Stjtið. ESB L 213, 15.6.2004, bls. 5, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2004/512/oj>).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19, ELI: <http://data.europa.eu/eli/convention/2000/922/oj>.

⁽⁸⁾ Tilskipun ráðsins 2001/51/EB frá 28. júní 2001 um viðbót við ákvæði 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 (Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 45, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2001/51/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 frá 12. september 2018 um að koma á fót evrópsku ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfi (ETIAS-ferðaheimildakerfinu) og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1077/2011, (ESB) nr. 515/2014, (ESB) 2016/399, (ESB) 2016/1624 og (ESB) 2017/2226 (Stjtið. ESB L 236, 19.9.2018, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1240/oj>).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 frá 13. nóvember 2019 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 1052/2013 og (ESB) 2016/1624 (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2019, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2019/1896/oj>).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/767/oj>).

⁽¹²⁾ Ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2002/192/oj>).

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36, ELI: [http://data.europa.eu/eli/agree_international/1999/439\(1\)/oj](http://data.europa.eu/eli/agree_international/1999/439(1)/oj).

⁽¹⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/1999/437/oj>).

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 52.

(¹⁶) Ákvörðun ráðsins 2008/146/EB frá 28. janúar 2008 um undirritun, fyrir hönd Evrópubandalagsins, á samningnum sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2008/146/oj>).

(¹⁷) Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 21.

(¹⁸) Ákvörðun ráðsins 2011/350/ESB frá 7. mars 2011 um undirritun, fyrir hönd Evrópusambandsins, á bókuninni sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna og að því er varðar afnám eftirlits á innri landamærum og um för fólks (Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 19, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2011/350/oj>).

(¹⁹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj>).